skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Bílrúður

Áfengi í hárið

Hárgreiðslumaðurinn Stjúri Sigurðsson býr til eigin hárblöndu og setur ýmis konar áfengi út í.

allt 1

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
21. júlí 2011
168. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

Spennandi tímar

Bryndís Jakobsdóttir komst inn í eftirsótt nám og gefur út nýja plötu.

fólk 46

Þjóðin á auðlindirnar

Stjórnlagaráð leggur til að þjóðin eigi auðlindirnar og taki gjald fyrir afnot eða tryggi jafnan aðgang að þeim.

umræðan 19

Björguðu andlitinu

Blikar unnu seinni leikinn á móti Rosenborg í gærkvöldi.

sport 40

veðrið í dag



BJART EYSTRA Í dag verður yfirleitt hæg vestlæg eða breytileg átt. Víða bjartviðri en skýjað með köflum V-til. Hiti 12-18 stig.

VEÐUR 4

ALDURSFORSETI Í VÍÐAVATNSSUNDI Um fimmtíu manns tóku þátt í Íslandsmótinu í víðavatnssundi sem haldið var í Nauthólsvíkinni í gær. Keppt var í þremur vegalengdum, 1 og 3 kílómetra sundi í sundklæðum og 3 kílómetra sundi í neoprene-galla. Keppendur voru frá 16 ára aldri. Aldursforsetinn Haukur Bergsteinsson, 75 ára, stóð sig með prýði en hér sést hann rétt áður en hann stakk sér til sunds. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bætur til kvenna í máli Ólafs biskups

Nefnd á vegum kirkjuráðs býður þeim fjórum konum, sem sakað hafa Ólaf Skúlason fyrrum biskup um kynferðisbrot, sanngirnisbætur. Upphæðin tekur mið af bótum í vistheimilismálum. Úrbótatillögur fara fyrir kirkjuþing í haust.

ÞJÓÐKIRKJAN Fjórum konum sem sakað hafa Ólaf Skúlason biskup um kynferðisbrot verða boðnar sanngirnisbætur. Upphæðin tekur mið af þeim bótum sem greiddar voru þeim sem hlutu skaða á vistheimilum ríkisins. Þær bætur gátu numið allt að 6 milljónum króna.

Magnús E. Kristjánsson, formaður nefndar þjóðkirkjunnar um úrbætur, segir bæturnar hluta af sátt milli kvennanna og kirkjunnar sem nefndinni var falið að ná. Hann vonast til að samkomulag náist fyrir vikulok.

„Við viðurkennum að þær móttökur og sú málsmeðferð sem konurnar fengu hjá kirkjunni var ekki rétt," segir Magnús.

Pétur H. Hafstein, forseti kirkjuþings, segir að sér lítist ágætlega á þá sátt sem er í uppsiglingu. Hann segir mikilvægt að sátt náist, bæði fyrir kirkjuna og konurnar.

Hann segir þó að ekki sé um málalok að ræða, nema að því leyti sem snýr að bótunum, því verkefni nefndarinnar sé einnig að vinna umbótatillögur. Leitað verður til kvennanna eftir aðstoð við tillögurnar og þær lagðar fyrir kirkjuþing í haust.

„Kirkjan vinnur áfram að því að bæta vinnubrögð og alla starfshætti í þessum málum þannig að því takmarki verði náð að betur verði ekki gert þegar og ef svona mál koma upp í framtíðinni." Pétur segir bæturnar ekki þýða að kirkjan viðurkenni sekt Ólafs Skúlasonar, það sé ekki verkefni hennar.

Karl Sigurbjörnsson biskup vildi ekki tjá sig um málið og vísaði á formann nefndarinnar. - kóp

Alltaf afstætt hvað fólk telur sanngjarnt

„Ég hef aldrei farið fram á einhverja peninga frá kirkjunni," segir Stefanía Þorgrímsdóttir, ein kvennanna. „Það er alltaf afstætt hvað fólk telur sanngjarnt. Þessu máli lauk fyrir mér þegar rannsóknarnefndin skilaði skýrslunni. Þessar bætur eru alfarið boð kirkjunnar sem var ákveðið á aukakirkjuþingi í vor."

Stefanía vill ekki úttala sig um bæturnar. „En nú verður gerð sátt og þá erum við að tala um sátt í hinni fornu merkingu þessa orðs, þar sem aðilar sem hafa verið að deila, hafa með tilteknum gjörningi eða samkomulagi komist að því sem heitir á lögfræðimáli sátt. Við teljum að þessu máli sé lokið en það er ekki þar með sagt að það sé gleymt eða fyrirgefið." - kh

Mikill áhugi eftir umfjöllun:

Íslensk armbönd í Vogue

TÍSKA Íslensk armbönd birtust á síðum ágústheftis hins bandaríska Vogue sem kom út síðastliðinn sunnudag.

Vinkonurnar Margrét Ágústsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir hanna skartgripi og töskur undir heitinu Dedua. Þær stöllur héldu að tölvupóstur sem þær fengu frá Vogue í maí væri eitthvert grín en ákváðu þó að svara honum. Daginn eftir voru þær komnar í myndatöku í New York.

- mmf / sjá Allt

SPURNING DAGSINS

Jónatan, látið þið skömmunum rigna yfir veðurguðina?

„Við látum vera að skamma þá en förum í það minnsta seint á ball með þeim."

Jónatan Magnússon er bóndi að Jörfa í Víðidal. Víða um land er spretta með minnsta móti vegna þurrka þriðja sumarið í röð. Jónatan segir til skoðunar að koma upp búnaði til að vökva tún.

Atvinnulausum fækkar milli ára en fólki sem hefur verið lengi án vinnu fjölgar:

Nær 4.000 án vinnu í ár eða lengur

EFNAHAGSMÁL Fólki sem verið hefur án atvinnu í eitt ár eða lengur fjölgar verulega milli ára. Um 3.900 höfðu verið atvinnulausir svo lengi að meðaltali á öðrum ársfjórðungi 2011, en á síðasta ári voru 2.700 í þeirri stöðu, að því er fram kemur í samantekt Hagstofu Íslands.

Á öðrum ársfjórðungi var tæplega fjórðungur þeirra, sem eru án atvinnu, búinn að vera atvinnulaus í ár eða lengur. Á sama tíma í fyrra var hlutfallið 16,9 prósent.

Að meðaltali voru 15.800 án atvinnu og í atvinnuleit á öðrum ársfjórðungi 2011. Það eru um 8,5 prósent vinnufærs fólks samkvæmt Hagstofunni. Þetta er um 400 færri án vinnu en á sama tímabili í fyrra.

Atvinnuleysið er mest meðal fólks á aldrinum 16 til 24 ára, þar sem það er 18,6 prósent. Hjá fólki á aldrinum 24 til 54 ára eru 6,4 prósent vinnufærra án atvinnu, og 5,4 prósent fólks á aldursbilinu 55 til 74 ára.

Atvinnuleysi á öðrum fjórðungi ársins var 10,2 prósent á höfuðborgarsvæðinu, en 5,3 prósent utan þess. - bj

ATVINNA Um 8,5 prósent vinnufærs fólks voru án vinnu á öðrum fjórðungi ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hlaut verðlaun fyrir kaffihús:

Léttir lund kaffihúsagesta

FÓLK Íslensk kona, Sæbjörg Guðjónsdóttir, hlaut nýverið hin eftirsóttu John Cullen-hönnunarverðlaun fyrir útskriftarverkefni sitt frá KLC School of Design í London. Verðlaunin hlaut hún fyrir tillögu að kaffihúsi búnu dagsbirtulömpum sem notaðir eru gegn þunglyndi.

„Þetta er eiginlega einn mesti heiður sem hægt er að hugsa sér," segir Sæbjörg sem var hlutskörpust 86 útskriftarnema við skólann.

- rve / sjá síðu 22

Verðlaunahafi á Íslandi:

Mynd um lax í Atlantshafinu

NÁTTÚRUFRÆÐI Erlent kvikmyndatökulið er nú við tökur við nokkrar af bestu veiðiám landsins. Hópurinn er að gera fræðslumynd um Atlantshafslaxinn. Þetta kemur fram á vef Laxár ehf. Myndin heitir Atlantic Salmon – Lost at sea.

„Landið verður kynnt sem land vonarinnar þar sem góð stjórn, verndun laxveiða og meðhöndlun vatnasvæða er með allra besta móti hér á landi á meðan annars staðar í heiminum fer laxveiði minnkandi," segir á Lax-a.is. Þar kemur einnig kemur fram að kvikmyndatökumaðurinn Rick Rosenthal, sem vann með David Attenborough að fræðslumyndinni Blue Planet og hefur unnið til tvennra Emmy-verðlauna, annast myndatökur.

Hugsanlegt er að myndin verði frumsýnd á Íslandi. - gar

Illfært austur af Laugarvatni:

Slugs verktaka ergir ferðafólk

SAMGÖNGUR Miklar tafir hafa orðið á frágangi vegarkafla sem verið er að endurnýja, fjórum kílómetrum austan Laugarvatns. Kaflinn sem um ræðir hefur löngum verið illfær síðan framkvæmdir hófust í vor.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er verið að breikka og styrkja fjögurra kílómetra langan spotta. Framkvæmdinni átti að ljúka um miðjan júní en alls er óljóst um verklok.

Auk þess sem tímaáætlunin er löngu sprungin er verktakinn sagður hafa sinnt illa þeirri skyldu sinni að halda veginum greiðfærum. Af þessum sökum berast Vegagerðinni fjölmargar kvartanir frá óánægðum vegfarendum sem sumir eru jafnvel farnir að leggja lykkju á leið sína til að forðast torfærurnar. - gar

ÆSKAN Í MOSFELLSDAL MÁLAR SKILTIN Nú hefur Vegagerðin tekið niður skiltin sem krakkarnir máluðu. Rekstrarstjóri hjá Vegagerðinni segir það hafa verið hálf súrt því þau hafi verið hið mesta augnayndi en reglurnar spyrja ekki að því.

Varúðarskilti barna fjarlægð í Mosfellsdal

Vegagerðin hefur fjarlægt skilti sem krakkar gerðu og settu við veginn í Mosfellsdal. Fólk ekur þarna á yfir hundrað kílómetra hraða, segir einn þeirra sem stóð að skiltunum. Vegagerðin mun væntanlega setja upp önnur skilti nú í júlí.

UMFERÐARMÁL Starfsmenn frá Vegagerðinni tóku í fyrradag niður umferðarskilti sem íbúar í Mosfellsdal höfðu komið upp meðfram veginum er liggur um dalinn. Á skiltunum voru teikningar og skilaboð sem börn í dalnum höfðu unnið þann 9. júlí síðastliðinn.

Dísa Anderiman frá Skeggjastöðum stóð fyrir þessu átaki og segir, líkt og vegfarandi sem vakti athygli Fréttablaðsins á skiltunum, að þau hefðu haft tilætluð áhrif. Hámarkshraðinn á þessum vegarkafla er 70 kílómetrar á klukkustund en Dísa segir að mælingar hafi sýnt að meðalhraði þarna sé um 90. „Þetta er svo beinn vegur að menn gleyma sér og eru jafnvel að aka vel yfir hundrað kílómetra á klukkustund," segir hún. Sjálf var Dísa á ferðalagi þegar skiltin voru tekin niður en hún segist vona að Vegagerðin setji upp eitthvað gagnlegt í staðinn því annars muni hún grípa aftur til nýrra aðgerða um þar næstu helgi.

Bjarni Stefánsson, rekstrarstjóri viðhalds- og þjónustu hjá Vegagerðinni, segir að ekki sé heimild fyrir því að setja skilti við þjóðveginn. „Það gildir í raun sama um þetta og auglýsingaskilti," segir hann. Ástæðan er meðal annars sú að skiltin draga athygli ökumanna frá akstrinum. Til dæmis var erfitt að lesa á sum þeirra, segir hann, og því gætu ökumenn farið að rýna í þau sem er ekki gæfulegt er menn eru að stjórna ökutæki."

Hann segir enn fremur að sett verði upp í Mosfellsdalnum skilti sem sýni mönnum hraðann sem þeir aka á og á þeim blikki ljós sé sá hraði yfir leyfilegum mörkum. Vonast hann til þess að þau verði komin upp í þessum mánuði.

„Það var reyndar hálf sorglegt að taka þetta niður, þetta voru hin fallegustu skilti en svona eru reglurnar nú," bætir hann við.

Meðal skilaboða voru: „Dýr og börn eru ekki hraðahindranir" og „Njóta en ekki þjóta".

Það var hinn 9. júlí síðastliðinn sem íbúar söfnuðust saman í túninu á Skeggjastöðum og þar unnu krakkarnir að skiltunum í sólskininu og síðan var farið fylktu liði eftir veginum og þau fest á ljósastaura og annars staðar meðfram veginum. jse@frettabladid.is

Lést eftir slys á vespu í Víkum

Maðurinn sem lenti í bifhjólaslysi við bæinn Víkur á Skaga 12. júlí lést á Landspítalanum á þriðjudag. Hann hét Árni S. Karlsson og var búsettur í Víkum ásamt systkinum sínum. Árni var fæddur 24. september 1950 og var ókvæntur og barnlaus.

Engin vitni urðu að slysinu en eftir því sem næst verður komist var Árni á leið um hlaðið frá vélageymslunni heim að íbúðarhúsinu á lítilli vespu þegar eitthvað fór úrskeiðis og hann féll og hafnaði hálfur ofan í bæjarlæknum. Árni hlaut alvarlega höfuðáverka og var meðvitundarlaus þegar að var komið.

Sævar Ciesielski fluttur heim:

Minnst í Kaupmannahöfn

FÓLK Lík Sævars Ciesielski verður flutt heim frá Danmörku á morgun. Þá verður minningarathöfn haldin í Vor Frelsers Kirke í Kristjánshöfn í Kaupmannahöfn klukkan 14.00 í dag. Athöfnin er öllum opin.

SÆVAR CIESIELSKI

Sævar lést af slysförum í Kaupmannahöfn í síðustu viku. Hann mun hafa fallið í götuna og fengið höfuðhögg.

Útför Sævars fer fram þriðjudaginn 2. ágúst í Dómkirkjunni.

Sævar lætur eftir sig fimm börn á aldrinum tólf til 36 ára.

LÖGREGLUMÁL

Slösuðust ekki í bílveltu

Bíll fór út af þjóðvegi 1 nærri Bifröst um miðjan dag í gær. Bíllinn valt og endaði á hvolfi. Kona og ungt barn voru í bílnum en þau slösuðust ekki.

Niðurstöður krufningar á Salvador Allende, fyrrverandi forseta Síle:

Forsetinn framdi sjálfsvíg

SÍLE, AP Krufning á líki Salvadors Allende, sem var forseti Síle fram til ársins 1973, sýnir að hann framdi sjálfsvíg. Rannsóknin leiddi í ljós að hann skaut sig í höfuðið með AK-47 riffli sem Castro Kúbuforseti hafði gefið honum tveimur árum fyrr.

Uppi hafa verið kenningar um að hermenn hafi myrt forsetann þegar herinn rændi völdum í landinu undir stjórn Augusto Pinochet árið 1973. Allende hafði sagt að hann myndi ekki gefast upp fyrir uppreisnarmönnum. Þegar ráðist var á höll hans skipaði hann bandamönnum sínum að gefast upp, en sjálfur var hann eftir í höllinni. Hvernig dauða hans bar að hefur alltaf verið óljóst. Herinn hefur þó alltaf haldið því fram að um sjálfsvíg hafi verið að ræða. Það gerði einn lækna hans einnig, og sagðist hafa séð þegar sjálfsvígið átti sér stað. Nú hefur það verið staðfest og segjast rannsakendur allir vera sannfærðir um réttmæti niðurstöðunnar.

KISTA ALLENDE Krufning á líki Allende sýnir að hann framdi sjálfsvíg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líkamsleifar Allendes voru grafnar upp í maí síðastliðnum vegna rannsóknar á dauða hans og hundraða annarra sem létust eða hurfu á meðan Pinochet var við völd. - þeb

Dúndur útsala!

basic

Komdu og gerðu góð kaup

Rýmum til fyrir nýjum vörum

BOTNVERÐ

Fyrstur kemur fyrstur fær.

Mosfellsbæ
Háholti 13-15
S: 571-5671

basic

Selfoss
Austurvegi 58
S:578-8585

GENGIÐ 20.07.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,37	116,93
Sterlingspund	187,87	188,79
Evra	165,59	166,51
Dönsk króna	22,212	22,342
Norsk króna	21,188	21,312
Sænsk króna	18,049	18,155
Japanskt jen	1,4743	1,4829
SDR	185,47	186,57

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
222,1676

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjö af hverjum tíu eru andvígir hugmyndum um að leyfa spilavíti á Íslandi:

Ungir karlar vilja leyfa spilavíti

KÖNNUN Meirihluti landsmanna er andvígur lögleiðingu spilavíta samkvæmt nýrri könnun MMR. Sjö af hverjum tíu eru mjög eða frekar andvígir því að leyfa spilavítin. Ungir karlmenn skera sig úr þar sem meirihluti þeirra vill lögleiða vítin.

Um 69,3 prósent þeirra sem afstöðu taka í könnuninni eru mjög eða frekar andvíg lögleiðingu spilavíta. Þetta er hærra hlutfall en í sambærilegri könnun sem MMR gerði í maí í fyrra, þar sem 63,7 prósent sögðust andvíg lögleiðingu spilavíta.

Um 30,7 prósent segjast mjög eða frekar fylgjandi lögleiðingu. Hlutfallið var 26,3 prósent í síðustu könnun.

Konur eru almennt andvígari því að heimila spilavíti en karlar. Um 84 prósent kvenna eru andvíg lögleiðingu en 56 prósent karla.

Það eru einkum karlmenn á aldrinum 18 til 29 ára sem vilja spilavítin, en um 70 prósent þeirra vilja að þau verði lögleg hér á landi. Um 29 prósent kvenna á sama aldursbili deila þeirri skoðun. Um 44 prósent karla á aldrinum 30 til 49 ára vilja leyfa spilavítin, en um 15 prósent kvenna á sama aldri.

Óverulegur munur var á svörum þátttakenda eftir tekjum eða búsetu.

Könnunin var gerð dagana 11. til 14. júlí. Spurt var: Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu þeirri hugmynd að leyfa rekstur spilavíta á Íslandi? Um var að ræða netkönnun meðal álitsgjafa MMR á aldrinum 18 til 67 ára. Úrtakið endurspeglaði lýðfræðilega samsetningu þjóðarinnar. Alls svaraði 831, og tóku 91,6 prósent afstöðu til spurningarinnar. - bj

Rekstur spilavíta

Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu þeirri hugmynd að leyfa rekstur spilavíta á Íslandi?



heimild: mmr

Bandarísk rannsókn:

ADHD tengist reykingum

BANDARÍKIN Börnum sem verða fyrir óbeinum reykingum á heimili sínu er hættara við að eiga við námsörðugleika og hegðunarröskun að stríða en öðrum börnum. Þetta eru niðurstöður viðamikillar rannsóknar í Bandaríkjunum sem tók til 55 þúsund barna undir 12 ára aldri.

Í grein í læknaritinu Pediatrics, þar sem greint er frá niðurstöðunum, segir að sex prósent barnanna alist upp við reykingar á heimilinu. Þessi börn greinast oftar með athyglisbrest, ADHD, en börn sem alast upp á reyklausum heimilum. -ibs

Banaslysum fjölgað mikið:

Þrennt lést í bílslysi í Svíþjóð

SVÍÞJÓÐ Þrír létust í alvarlegu bílslysi í Suður-Svíþjóð á þriðjudagskvöld. Ein kona er í lífshættu og liggur á spítala.

Slysið varð þegar tveir bílar rákust saman, en samkvæmt vitnum fór annar bíllinn yfir á rangan vegarhelming. Ekki fundust nein hemlaför á götunni. Lögreglumaður lýsir því sem svo að áreksturinn hafi verið eins og að aka á vegg á 140 kílómetra hraða.

Í byrjun mánaðarins var greint frá því að banaslysum í umferðinni hefði fjölgað um þriðjung prósent milli ára í Svíþjóð. - þeb

LEIÐRÉTTING

Maðurinn sem ráðist var á með hnífi á veitingastaðnum Monte Carlo fyrir fáeinum dögum liggur enn þungt haldinn á Landspítalanum. Í Fréttablaðinu í gær var ranglega hermt að hann væri á batavegi. Aðstandendur mannsins eru beðnir velvirðingar á þessum mistökum.

Óttast ekki hótanir vegna hvalveiðanna

Bandarískri viðskiptaráðherrann leggur það til við Bandaríkjaforseta að Ísland verði beitt þvingunum vegna hvalveiða. Fráleitt að Bandaríkin beiti þvingunum en hótanir stórþjóðar í garð Íslands eru alvarlegar, segir sjávarútvegsráðherra.

UTANRÍKISMÁL Íslensk stjórnvöld grafa undan markmiðum alþjóðlegra sáttmála um bann við hvalveiðum að mati bandarískra viðskiptaráðherrans. Hann leggur til við Barack Obama Bandaríkjaforseta að Ísland verði beitt þvingunaraðgerðum vegna hvalveiða.

Obama hefur samkvæmt bandarískum lögum 60 daga til að ákveða hvort gripið verði til aðgerða gegn íslenskum stjórnvöldum, og þá til hvaða aðgerða verði gripið. Viðskiptaráðherrann leggur til vægar aðgerðir í pólitískum samskiptum landanna, ekki efnahagslegar þvinganir.

„Það væri fráleitt af þeirra hálfu að ætla að beita slíkum þvingunum," segir Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra. Hann segir það alvarlegt mál þegar stórþjóð beini slíkum yfirlýsingum gegn smáþjóð án þess að hafa til þess nokkrar heimildir.

Jón segir afar ósennilegt að þessi ákvörðun Gary Locke, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, leiði til þess að bandarísk stjórnvöld ákveði að beita íslensk stjórnvöld þvingunum.

Hann bendir á að viðskiptaráðuneytið bandaríska hafi einu sinni áður lagt fram sambærilega tillögu gagnvart Íslandi. Það var árið 2004 þegar hrefnuveiðar hófust á ný eftir hlé. Þáverandi forseti Bandaríkjanna, George W. Bush, ákvað hins vegar að beita Ísland engum þvingunum.

Slíkum tillögum hefur einnig verið beint gegn Japan og Noregi vegna hvalveiða þessara þjóða án þess að Bandaríkin hafi gripið til nokkurra aðgerða í kjölfarið.

Bandaríkin hafa hingað til einkum beint spjótum sínum að veiðum á langreyðum, og segja þá hvalategund í útrýmingarhættu. Jón segir þá túlkun fráleita, veiðarnar séu sjálfbærar. Um 20 þúsund dýr eru í langreyðarstofninum í Norður-Atlantshafi, en af honum má veiða 154 dýr. Langreyðarstofninn í suðurhöfum er hins vegar talinn í hættu.

Jón segir Bandaríkjamenn tæplega hafa stöðu til að beita önnur ríki þvingunum vegna hvalveiða. Þeir séu sjálfir í þeirri stöðu að þurfa að fá heimild fyrir frumbyggja Alaska til að veiða hvali. Ísland styðji þær veiðar, enda séu þær sjálfbærar eins og hvalveiðar Íslendinga. brjann@frettabladid.is

Obama beiti sér gegn Íslandi

Bandarísk hvalverndarsamtök hvetja Barack Obama Bandaríkjaforseta til að nota heimild í bandarískum lögum til að beita Ísland efnahagslegum þvingunum vegna hvalveiða Íslands.

„Obama hefur fengið einstakt tækifæri til að sýna að Bandaríkin eru í forystu í hvalveiðimálum," er haft eftir Kate O'Connell frá hvalverndarsamtökunum Whale and Dolphin Conservation Society, í tilkynningu til fjölmiðla.

„Það er augljóst að Ísland mun ekki hætta hvalveiðum nema heimsbyggðin þvingi landið til þess með hörðum efnahagsþvingunum," er haft eftir Taryn Kiekow frá náttúruverndarsamtökunum Natural Resources Defence Council.

Dýrahald í Bolungarvík:

Sauðfé sækir í garða bæjarbúa

UMVERFISMÁL Liðin eru um tvö ár síðan pípuhliðið við Bolungarvík var rifið upp og síðan þá hefur sauðfé átt auðvelt með að komast inn í bæinn. Elías Jónatansson bæjarstjóri segir að vissulega hafi kindurnar sótt verulega í garða bæjarbúa öllum til mikils ama. Hann segir enn fremur að ítrekað hafi verið ýtt á eftir Vegagerðinni að koma pípuhliðinu á sinn stað og hafi reyndar staðið til að gera það síðastliðið vor. Hann segist vonast til þess að Vegagerðin láti þó af því verða með haustinu. - jse

Isavia styður neyðaraðstoð:

Skora á fyrirtæki að hjálpa

HJÁLPARSTARF Isavia hefur ákveðið að styðja starf Rauða krossins í austanverðri Afríku með því að leggja söfnun hjálparsamtakanna til 2.000 krónur fyrir hvern starfsmann félagsins, samtals um 1,4 milljónir króna.

Fram kemur í tilkynningu að Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, hafi stýrt dreifingu matvæla í umfangsmikilli neyðaraðstoð sem veitt hafi verið í Eþíópíu árið 1993. Hann þekki vel af eigin raun að engan tíma megi missa.

Björn Óli skorar á önnur fyrirtæki að taka þátt í björgun sveltandi barna og styðja safnanir hjálparsamtaka. - bj

ÍSAFJARÐARBÆR

Ríkið kosti bætt fjarskipti

Bæjarráð Ísafjarðar skorar á stjórnvöld að finna leiðir til að koma á betra fjarskiptasambandi í minni byggðakjörnum sveitarfélagsins. „Ljóst er að einkafyrirtæki munu ekki koma á nútímasambandi án fjárhagslegrar aðkomu ríkisins," segir bæjarráðið.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veður-fréttamaður

ÞYKKNAR UPP um sunnan og vestanvert landið er líður á morgundaginn með hægt vaxandi suðaustanátt. Lítur út fyrir bongóblíðu á Norður- og Austurlandi um helgina en vætusamt einkum á sunnudag syðra. Áfram mjög milt í veðri.



HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	19°
Berlín	22°
Billund	22°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	21°
Las Palmas	24°
London	20°
Mallorca	29°
New York	34°
Orlando	32°
Ósló	22°
París	20°
San Francisco	23°
Stokkhólmur	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

ALLT Í ÚTILEGUNA

3 MANNA TJALD
5.995

MERKUR tjald
Gott 3ja manna tjald. Þéttur botn og sterkar stangir. Stærð: 210 x 210 x 130 sm. Þéttleiki: 800 mm/cm^2. Þyngd: 3,75 kg.

TJALDHÆLAR OG STÖG
499

Tjaldhælar og stög
6 stk. tjaldhælar og 6 stk. stög.

TJALDHAMAR
299

Tjaldhamar
Fínn tjaldhamar á frábæru verði!

4 MANNA TJALD
10.990

ALP tjald
Gott 4 manna tjald með álhúðuðu polyester í ytra byrði. Innra byrði er úr 100% nylon sem andar. Þéttur botn. Stærð: (210+200) x 240 x 130 sm. Þéttleiki: 1500 mm/cm^2. Þyngd: 4,0 kg.

6 MANNA TJALD
29.990



HIMALAYA tjald
Frábært 6 manna fjölskyldutjald með tveimur svefnskálum og góðu fortjaldi í miðjunni. Ytra efni: 185T polyester með límdum saumum svo að bleyta nái ekki inn. Þéttur vatnsvarinn botn. Stærð: 590 x 235 x 190 sm. Þéttleiki: 3000 mm/cm^2. Þyngd: 12,0 kg.

SPARIÐ 5.000

6 MANNA ÁÐUR: 34.990
29.990

MONT BLANC tjald
Stórt og gott fjölskyldutjald sem rúmar sex manns. Þrjú tveggja manna herbergi og stórt fortjald í miðjunni. Límdir saumar. Efni: polyester. Stærð: 600 x 200 sm. Þéttleiki: 3000 mm/m2. Þyngd: 16,0 kg. *Tilboðið gildir til 24.07.2011.*

TARTU SVEFNPOKI
1.395

TARTU svefnpoki
Svefnpoki á frábæru verði!
Stærð: 220 x 74 sm.
Þyngd: 840 gr. Má þvo í vél.

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +16/+26°C
Lágmarkshiti +5°C

SATURN SVEFNPOKI
3.995

SATURN svefnpoki
Góður svefnpoki. Stærð: 220 x 55/80 sm. Þyngd: 1715 gr. Má þvo í vél. Poki fylgir.

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +4/+18°C
Lágmarkshiti -5°C

FRASER SVEFNPOKI
4.995

FRASER svefnpoki
Þægilegur og góður svefnpoki. Stærð: 225 x 55/80 sm. Þyngd: 1750 gr. Má þvo í vél við 30°C. Poki fylgir.

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk -2/+14°C
Lágmarkshiti -6°C

MACKENZIE SVEFNPOKI
6.995

MACKENZIE svefnpoki
Vandaður svefnpoki með hettu. Stærð: 205 x 80/55 sm. Þyngd: 1920 gr. Má þvo í vél við 30°C. Góður poki með sterkum böndum fylgir með.

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk -5/+10°C
Lágmarkshiti -12°C

MARS SVEFNPOKI
7.995

MARS svefnpoki
Virkilega vandaður svefnpoki á frábæru verði! Stærð: 225 x 55/85 sm. Má þvo í vél. Poki fylgir með

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk -5/+10°C
Lágmarkshiti -17°C

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

KJÖRKASSINN

Hefur þú lagt fé í söfnun hjálparsamtaka vegna hungursneyðarinnar í Austur-Afríku?

JÁ	15,9%
NEI	84,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga stjórnvöld að skipa rannsóknarnefnd til að fara yfir Guðmundar- og Geirfinnsmálið?

Segðu þína skoðun á visir.is

Önnur umferð af þremur í grasslátt sumarsins í Reykjavík stendur nú yfir:

Minnka túnin og spara sláttinn

REYKJAVÍK Skoða á hvernig minnka má tún í Reykjavíkurborg. „Í stað mikilla grasflæma kæmu svæði með sjálfbærum plöntum sem sleppa minna af frjókornum út í andrúmsloftið. Markmiðið er að draga úr frjókornamagni, fegra umhverfið og minnka kostnað vegna grassláttar," segir í tilkynningu frá umhverfissviði.

Önnur umferð grassláttar í borgarlandinu stendur nú yfir og þriðja umferð verður um miðjan ágúst. Í miðborginni og í skrúðgörðum er hins vegar slegið vikulega. Dregið hefur verið úr slætti sem nemur einni umferð vegna sparnaðar. Vegagerð ríkisins, sem annast slátt á stofnbrautum, slær þrisvar sinnum í sumar í stað fimm umferða áður. - gar

RÁÐIST Á ÓRÆKTINA Dregið hefur verið úr grasslætti í Reykjavík í sparnaðarskyni og í góðviðrinu undanfarið hefur alls kyns illgresi vaxið ásmegin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Riffilgátan leyst:

Byssueigandi verður sektaður

LÖGREGLA Lögreglan á Vestfjörðum hefur haft til rannsóknar mál sem hófst með því að komið var með riffil til lögreglunnar.

Landvörður á Hornströndum kom með riffilinn sem fundist hafði í Hornvík.

Eigandi riffilsins hefur gefið sig fram og gefið skýringar á málavöxtum en vopnið var réttilega á hann skráð. Honum verður afhent vopnið en má vænta þess að verða sektaður fyrir atvikið. - jss

kynning
Lyfju Lágmúla
fimmtudaginn 21. júlí milli kl. 14 og 17
20% AFSLÁTTUR ÚT JÚLI
AF VITABIOTICS VÍTAMÍNUNUM

MEST SELDU VÍTAMÍN Í BRETLANDI

VITABIOTICS
LYFJA

VIÐ TJÖLDUM ÞVÍ BESTA

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Hungursneyð vegna þurrkanna í Afríku

Sameinuðu þjóðirnar lýstu í gær formlega yfir að hungursneyð ríki í tveimur héruðum Sómalíu. Alvarlegustu þurrkar sem komið hafa í Sómalíu, Keníu og Eþíópíu í áratugi valda því að milljónir manna eru þar í hættu staddar.

HJÁLPARSTARF Í tveimur héruðum Sómalíu, Bakool og Neðra-Shabelle, ríkir nú hungursneyð samkvæmt yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í gær. Þriðjungur manna þar er alvarlega vannærður og meirihluti þeirra eru börn. Tugþúsundir hafa látið lífið undanfarna mánuði og nú látast fleiri en tveir af hverjum 10 þúsund daglega.

Þrjár hjálparstofnanir, Rauði kross Íslands, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og Barnaheill - Save the Children, sendu frá sér fréttatilkynningar í gær þar sem Íslendingar eru hvattir til að taka þátt í neyðarsöfnun.

„Yfirlýsing SÞ um hungursneyð verður að vekja viðbrögð hjá alþjóðasamfélaginu," segir Ben Foot, framkvæmdastjóri Barnaheilla í Sómalíu. „Eins og staðan er núna höfum við ekki nægilegt fjármagn til að bregðast við þeirri miklu neyð sem ríkir í Sómalíu. Ef við eigum að geta bjargað lífi barna á næstu vikum þá verðum við að stórauka hjálparstarfið."

Valerie Amos, yfirmaður neyðarstarfs Sameinuðu þjóðanna, segir að 7,9 milljarða dala eða ríflega 1.700 milljarða króna þurfi til að koma íbúum þurrkasvæðanna til aðstoðar á þessu ári. Nú þegar hafi safnast 3,6 milljarðar dala en þá vanti enn 4,3 milljarða.

Alvarlegustu þurrkar, sem fólk hefur upplifað í Sómalíu, Keníu og Eþíópíu áratugum saman, valda því að ástandið er orðið mjög slæmt. Áratugalöng stríðsátök í Sómalíu og óvenju hátt matarverð hafa gert vandann enn verri viðureignar.

„Það sem er athyglisvert er að þetta er ekki eitthvað sem gerist skyndilega," segir Þórir Guðmundsson, yfirmaður Alþjóðasviðs Rauða kross Íslands. Alþjóðlegi Rauði krossinn sendi út neyðarkall í desember árið 2008 og svo aftur í janúar á þessu ári. Uppskerubrestur hefur orðið ár eftir ár og þá hefur fólk gengið á þær matarbirgðir, sem annars eru geymdar til erfiðu tímanna.

„Rauði krossinn hefur verið að vara við þessu í tvö og hálft ár að alvarlegt ástand sé í uppsiglingu. Það hefði verið hægt að bregðast miklu fyrr við. Mér sýnist að menn séu nú að taka við sér, en því miður virðist það oft ekki gerast fyrr en það fara að birtast myndir af sveltandi börnum í fjölmiðlum."

gudsteinn@frettabladid.is



VANNÆRT BARN Í SÓMALÍU Móðir barnsins reynir að hlúa að því á sjúkrahúsi í Mogadishu, höfuðborg hinnar stríðshrjáðu og stjórnlitlu Sómalíu. NORDICPHOTOS/AFP

Barni bjargað fyrir 1.500 krónur

Aðeins 1.500 til 2.000 krónur geta bjargað lífi eins barns, sem er að dauða komið vegna vannæringar. Fyrir þessa upphæð má kaupa vítamínbætt jarðhnetusmjör handa einu barni í þrjár til fjórar vikur, en það nægir til að bjarga lífi þess.

„Þetta er mikil kraftaverkafæða," segir Þórir Guðmundsson, yfirmaður Alþjóðasviðs Rauða kross Íslands. „Það var franskur næringarfræðingur sem bjó þetta til fyrir ekki svo löngu síðan. Þetta virkar bæði vegna næringarlegs gildis og svo vegna þess, sem skiptir ekki síður máli, að börn vilja borða þetta. Þetta nýtist best þegar hjálpa þarf börnum á aldrinum frá sex mánaða upp í fimm ára, eða svo, sem eru orðin mjög vannærð. Eftir þrjár til fjórar vikur geta þau farið að borða annan mat."

Lögreglan á Sauðárkróki kannar ferðir manns:

Skilríkjalaus í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Erlendur maður, sem verið hefur í haldi lögreglunnar á Sauðárkróki, hefur verið úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald. Hann sætir nú gæslu í fangelsinu á Akureyri. Umræddur maður er grunaður um að hafa komið ólöglega inn í landið.

Lögreglan rakst á hann, þar sem hann var á vettvangi, þegar hún var að sinna útkalli. Hann reyndist vera skilríkjalaus og var því handtekinn og færður á lögreglustöð. Þar kom í ljós að hann gat ekki framvísað vegabréfi.

Að sögn Stefáns Vagns Stefánssonar, yfirlögregluþjóns á Sauðárkróki, hefur maðurinn sagst vera frá Nígeríu. Talið er að hann hafi komið hingað um mánaðamótin apríl-maí. Lögreglan á Sauðárkróki vinnur að því að finna deili á honum og athuga hvaðan hann kom, í samráði við alþjóðadeild ríkislögreglustjóra. Ýmsar vísbendingar eru uppi í málinu, að sögn Stefáns Vagns, en eftir er að sannreyna þær.

Verði það staðfest að maðurinn hafi komið ólöglega inn í landið verður honum vísað til þess lands sem hann kom frá, að sögn Stefáns Vagns. - jss

STEFÁN VAGN STEFÁNSSON Segir að manninum verði vísað brott hafi hann komið ólöglega inn í landið.

ÚTSALA

TAX FREE ÚTSALA

ENN BETRI KAUP!
ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

*afnemum VSK af öllum útsöluvörum**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

3.200 athugasemdir við frumvarpsdrögin

Stjórnlagaráð ætlar að skila forseta Alþingis frumvarpi í lok næstu viku. Umræður um frumvarpsdrög hófust í gær. Kveðið á um víðtækar breytingar á mannréttindakafla og köflum um þing og forseta. Fjöldi athugasemda borist.

STJÓRNLAGARÁÐ Fulltrúar í Stjórnlagaráði hófu í gær umræður um drög að frumvarpi um nýja stjórnarskrá. Fyrri umræða klárast í þessari viku og er vonast til þess að frumvarpi verði skilað til forseta Alþingis 29. júlí.

Gert er ráð fyrir því að drögin taki miklum breytingum þar til frumvarpið verður tilbúið. Breytingartillögur voru bornar fram strax í gær og var einhverjum þeirra vísað til frekari umræðu í nefndum. Almenningur getur einnig áfram gert athugasemdir við frumvarpsdrögin, en í gær höfðu um 3.200 athugasemdir borist á vef ráðsins.

Drög Stjórnlagaráðs að frumvarpi um stjórnarskrá eru í níu köflum og telja alls 111 stjórnarskrárákvæði. Núverandi stjórnarskrá íslenska lýðveldisins er 81 grein í sjö köflum.

Stjórnlagaráð telur mikilvægustu breytinguna í drögunum nú felast í því að þau hefjist á aðfaraorðum og að mannréttindakaflinn hafi verið færður framar. Hann er nú næst á eftir undirstöðum og vill ráðið með því leggja áherslu á mikilvægi þess að bæði tryggja vernd borgara fyrir ofríki stjórnvalda og undirstrika að allt vald komi frá þjóðinni. Einnig hefur kaflinn um Alþingi verið færður fram í þeim tilgangi að styrkja störf löggjafarvaldsins.

Í mannréttindakaflanum er meðal annars kveðið á um vernd borgara gegn hvers kyns ofbeldi, innan heimilis og utan, og er kynferðisofbeldi sérstaklega nefnt sem dæmi. Þá er kveðið á um rétt barna, upplýsingarétt, frelsi fjölmiðla, menningar og mennta. Þá er kveðið á um að aldrei megi leiða í lög herskyldu hér á landi. Þjóðareignir sem tilheyra menningararfi má hvorki eyðileggja né afhenda samkvæmt drögunum.

Breytingar eru gerðar á kosningum til Alþingis í drögunum og gert ráð fyrir jöfnun atkvæða. Þá má bjóða fram bæði kjördæmislista og landslista og mega kjósendur velja af báðum listum. Einnig er veitt heimild til að setja lög um að kjósa megi af listum fleiri en einna samtaka.

Samkvæmt drögunum kýs þingið fimm menn til fimm ára í Lögréttu. Þingnefnd eða fimmtungur þingmanna getur óskað eftir áliti um hvort frumvarp samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum og má þá ekki afgreiða það fyrr en álit liggur fyrir.

Tvö prósent kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi og 15 prósent geta lagt fram frumvarp til laga fyrir þingið.

thorunn@frettabladid.is

STJÓRNLAGARÁÐ Ráðið reiknar með því að drögin taki miklum breytingum í umræðum og enn getur almenningur komið á framfæri athugasemdum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÖRYGGISVIÐVÖRUN :
PHILIPS FERÐAHÁRBLÁSARI

Í varúðarskyni hefur Philips ákveðið að innkalla og skipta út HP4940 ferðahárblásurum sem voru framleiddir frá ágúst 2008 til júní 2010.

Í mjög sjaldgæfum tilvikum getur hárblásarinn yfirhitnað ef hann er skilinn eftir í sambandi. Þetta skapar hugsanlega eldhættu, jafnvel þótt hárblásarinn sé ekki í gangi.

Varan sem um ræðir er með vörunúmerið : HP4940

Vinsamlegast skoðið **vörunúmer (HP4940),** sem hægt er að finna undir hárblásaranum.

Fyrir neðan vöruupplýsingar er framleiðslunúmer sem er grafið í plasið, (t.d. "1043"). Vörurnar sem um ræðir hafa **framleiðslunúmer milli 0808 og 1023.** Ef þinn hárblásari hefur lægra eða hærra framleiðslunúmer þá er hann ekki hluti af þessari innköllun. Módelið sem um ræðir hefur handfang sem hægt er að leggja saman. Innköllunin á ekki við um aðra Philips hárblásara.

Ef vörunúmer og framleiðslunúmer passer við lýsinguna hér að ofan, vinsamlegast skilið hárblásaranum til Heimilistækja Suðurlandsbraut 26, sem mun skipta honum út fyrir nýjan.

Þessi varúðarinnköllun undirstrikar markmið Philips um viðhalda hæstu gæða- og öryggiskröfum. Philips biðst afsökunar á óþægindum sem þetta kann að valda.

KAP Á ÞURRU Tímamót urðu í Eyjum í gær þegar heimamenn gátu litið skipsbotn á þurru landi í fyrsta sinn frá því Gandí endastakkst í skipalyftunni árið 2006.

MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Skipalyftan í Vestmannaeyjum tekin aftur í notkun:

Jafnvel skipin lyfta sér á kreik við þjóðhátíðarlög

IÐNAÐUR Skipalyftan í Vestmannaeyjum var tekin í notkun á nýjan leik í gær, eftir fimm ára hlé, þegar Kap II var hífður upp.

Árið 2006 slitnuðu vírar þegar verið var að hífa Gandí VE svo skipið endastakkst ofan í skipalyftuna sem bar ekki barr sitt eftir það fyrr en í gær.

Það er Vestmannaeyjahöfn sem rekur lyftuna en einungis eitt tilboð barst í rekstur hennar og var því hafnað.

Elliði Vignisson bæjarstjóri var að vonum ánægður með þennan áfanga og sagði það ótækt að stærsta verstöð landsins þyrfti að senda skip sín annað til botnhreinsunar, öxuldráttar og annars viðhalds. „Þessi ár meðan lyftan lá niðri er eina tímabilið í sögu bæjarins þar sem ekki var slippur hér í Eyjum," segir hann.

Kap II þurfti reyndar ekki á neinu viðhaldi að halda í gær. „Nei, alls ekki. Hér er bara svo mikið stuð, allir að hlusta á þjóðhátíðarlögin svo jafnvel skipin lyfta sér á kreik," sagði bæjarstjórinn en vart heyrðist í honum fyrir þjóðhátíðarsöngli þegar Fréttablaðið náði í hann.

Hann þarf þó ekki að kvíða verkefnaskorti hjá mönnum við skipalyftingar því nú þegar bíða ellefu skip eftir að botn þeirra verði tekinn í gegn.

- jse

A Member of
The Linde Group | AGA

AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fáir góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

ÍSAGA ehf. • www.gas.is
Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000

Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:
ÍSAGA: Breiðhöfða 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - *Verslanir BYKO - Atlantsolía,* Kópavogsbraut

Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:
Selfoss: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. ***Vestmannaeyjar:*** Neta- og karaverkstæði Nethamars, s. 481 3226. ***Sauðárkrókur:*** Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. ***Reyðarfjörður:*** Landflutningar–Samskip, s. 458 8840. ***Ísafjörður:*** Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349. ***Akureyri:*** Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.

Króatíski Serbinn Goran Hadzic tekinn höndum í Serbíu:

Fundu síðasta stríðsglæpamanninn

SERBÍA, AP Goran Hadzic, fyrrum leiðtogi króatískra Serba, var tekinn höndum í gær. Hadzic var síðasti flóttamaðurinn á lista Sameinuðu þjóðanna yfir eftirlýsta stríðsglæpamenn frá því í stríðinu á Balkanskaga á fyrri hluta tíunda áratugarins.

Útlit Hadzic var gjörbreytt frá því sem var á þeim myndum sem til eru af honum.

Búist er við Hadzic verði framseldur til Haag þar sem yfir honum verður réttað fyrir sérstökum Stríðsglæpadómstól sem Sameinuðu þjóðirnar komu á fót árið 1993.

Dómstóllinn gaf árið 2004 út ákæru á hendur Hadzic fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu, þar á meðal morð og pyntingar. Þá er honum gefið að sök að hafa borið ábyrgð á því þegar króatíska borgin Vukovar var lögð í rúst árið 1991.

Alþjóðasamfélagið hefur á síðustu árum lagt hart að serbneskum yfirvöldum að handsama þá sem ákærðir hafa verið. Fyrir tveimur mánuðum var serbneski hershöfðinginn Rako Mladic handtekinn og þá standa yfir réttarhöld yfir Radovan Karadzic sem var leiðtogi bosníska Serba í stríðinu. - mþl

TEKINN HÖNDUM Hadzic var leiddur fyrir sérstakan dómstól í Belgrað í Serbíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Löng leiðsla Þingvallanefndar:

Fundargerðir í salti liðsmanna

STJÓRNSÝSLA Þó að Þingvallanefnd hafi haldið þrjá fundi frá í mars og fram í maí á þessu ári er ekki enn hægt að fá aðgang að fundargerðum þess tímabils.

„Verklagið hjá okkur er að fundargerðir eru sendar út í kippum til nefndarmanna til þess að fara yfir og gera athugasemdir eða leiðréttingar við. Út af sumarfríum og öðru er gefinn frestur til 1. ágúst," segir Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, sem kveður ekkert óeðlilegt við þennan frest.

„Maður getur ekki gefið venjulegan frest á sumrin til að fara yfir tveggja, þriggja síðna fundargerð. Fólk gerir það ekki í símanum sínum, það verður að vera í tölvu." - gar

SAUMAÐ AÐ CAMERON Forsætisráðherra Breta sætti harðri gagnrýni á þinginu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Þjarmað er að Cameron

Breskir þingmenn gagnrýndu David Cameron í gær. Fyrrverandi starfsmenn Murdoch-blaða tjá sig um þrúgandi andrúmsloft á ritstjórnum þeirra.

BRETLAND, AP David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, neitar því að starfsfólk sitt hafi reynt að stöðva rannsókn á símanjósnum, sem stundaðar voru á breska æsiblaðinu News of the World.

Hann neitar sömuleiðis að hafa sýnt dómgreindarbrest þegar hann réð Andy Coulson, fyrrverandi ritstjóra News of the World, sem fjölmiðlafulltrúa sinn. Hins vegar segist hann sjá eftir því að hafa ráðið hann.

> Þeir blaðamenn sem létu nota bæði sjálfa sig og aðra til fáránlegustu hluta voru þeir sem öðluðust frama.
>
> **MICHAEL TAGGART**
> FYRRVERANDI STARFSMAÐUR THE SUN

Coulson er einn þeirra tíu, sem handteknir hafa verið í tengslum við rannsóknir tengdar símanjósnum blaðsins og mútugreiðslum til lögreglu.

Cameron viðurkennir hins vegar að bæði hann og félagar hans í Íhaldsflokknum hafi ekki brugðist við og látið hefja rannsókn á ýmsum hliðum þessa máls, en segir jafnframt að Verkamannaflokkurinn hafi heldur ekki gert það þegar hann var við völd.

Hann sat fyrir svörum á breska þinginu í gær, sem kallað var saman til neyðarfundar, en sjálfur hafði hann flýtt heimför sinni úr utanlandsferð vegna málsins sem hefur vakið mikla athygli í Bretlandi og grafið undan veldi Murdoch-feðga.

Tveir æðstu yfirmenn bresku lögreglunnar hafa sagt af sér vegna málsins. Lögreglan er sökuð um alvarleg mistök við rannsókn málsins á fyrri stigum.

Feðgarnir Rupert og James Murdoch neita hins vegar allri ábyrgð á því að starfsmenn blaða, sem þeir gefa eða gáfu út, hafi stundað símanjósnir eða borið fé á lögreglu. Rebekah Brooks, fyrrverandi framkvæmdastjóri News International, neitar einnig að bera ábyrgð á þeim lögbrotum.

Fréttaskýrendur og pistlahöfundar í Bretlandi líkja sumir falli Murdoch-veldisins við lýðræðisbyltingu, jafnvel í líkingu við atburðina í arabaheiminum eða fall Berlínarmúrsins. Slík hafi áhrif fjölmiðla hans verið á andrúmsloftið í breskum stjórnmálum.

Enginn veit þó enn hversu lengi þetta laskar Murdoch-veldið eða hvort það nær sér aftur á strik.

Nú þegar Brooks hefur bæði sagt af sér og verið handtekin hafa hins vegar fyrrverandi undirmenn hennar stigið fram og tjáð sig um andrúmsloft yfirgangs og undirferlis, sem þeir segja hafa ríkt á ritstjórnum fyrirtækisins.

„Þeir blaðamenn sem létu nota bæði sjálfa sig og aðra til fáránlegustu hluta voru þeir sem öðluðust frama," sagði Michael Taggart, sem starfaði á síðdegisblaðinu The Sun árið 2003.

Hann segir að miskunnarleysi og mannfjandskapur hafi ráðið ríkjum á ritstjórn blaðsins þegar Brooks var ritstjóri þar.

gudsteinn@frettabladid.is

markhonnun.is

netto
Kræsingar & kostakjör

GRILL & GAMAN

MOUNTAIN DEW
DR.PEPPER
34 CL
EMERGE
250 ML
30% afsláttur
69kr/ds.
áður 99 kr/ds

COCA-COLA
6 X 330ML
KIPPA
33% afsláttur
395kr/pk.
áður 589 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda 21. - 24. júlí
eða meðan birgðir endast

430 til 500 KRÓNUR ERU GJALD sem lagt er á hvert kíló af innfluttum osti en jafnframt er lagður 30 prósenta tollur á ost.

GÓÐ HÚSRÁÐ Krukkur sótthreinsaðar

Sótthreinsun er lykilatriði til að sultan geymist betur

Mikilvægt er að sótthreinsa krukkur og lok áður en þær eru notaðar til að geyma sultur og hlaup. Hægt er að sótthreinsa krukkur annað hvort í potti eða í bakaraofni. Ef notaður er pottur er lokunum raðað á botn pottsins og krukkunum hvolft þar ofan á. Sjóðið í a.m.k. tíu mínútur. Ef notaður er bakraraofn á að raða krukkum og lokum (ef þau þola hitann) á grind í kaldan bakaraofn. Stilla ofninn á 100°C og hita í tíu mínútur. Þegar sultunni eða hlaupinu er hellt í krukkurnar er best að hafa krukkurnar heitar og loka strax og búið er að hella. Þá myndast lofttæming þegar sultan kólnar.

Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna

Smellugas
olís
Vinur við veginn
HEIMSENDING
á höfuðborgarsvæðinu
alla daga frá kl. 15–19
Hafðu samband í síma
515 1115
eða á smellugas.is
PIPAR\TBWA • SÍA • 111712
smellugas.is

GÓMSÆTUR TÓMATRÉTTUR Margar tegundir tómata eru nú ræktaðar hér á landi og þeir fást alltaf ferskir.

Konfekttómatar á grein með ítölskum brag

Ný uppskera af íslensku grænmeti er á leiðinni í verslanir þessa dagana. Kínakálið er þegar komið og á næstunni geta neytendur gætt sér á íslenskum gulrótum. Konfekttómatar á grein er ný og vinsæl vara á markaðnum en þeir eru sætari á bragðið en venjulegir tómatar. Eyþór Mar Halldórsson, matreiðslumaður á veitingastaðnum Uno, hefur hannað rétti sem eru með ítölskum brag og notar í þá íslenska tómata.

Romaine-salat

Romaine-salat
Svört sesamfræ
Sojasósa
Þurrkaðir tómatar
Hægeldaðir konfekttómatar
Sinnepsdressing
Kantalópa
Vatnsmelóna
Mozzarella

Sesamfræin ristuð á pönnu ásamt örlítilli sojasósu. Öllu blandað saman eftir smekk.

Þurrkaðir konfekttómatar

Konfekttómatar
Tímían
Flórsykur
Hvítlauksgeirar
Ólífuolía
Maldonsalt

Tómatarnir eru skornir í tvennt og lagðir á bakka. Hvítlaukurinn saxaður og stráð yfir tómatana. Tímíangreinarnar lagðar yfir. Maldonsalti og flórsykri stráð yfir tómatana. Ólífuolíunni hellt yfir svo rétt fljóti á bakkanum. Bakað við 80°C í 4 klukkustundir.

Hægeldaðir konfekttómatar

6 greinar af konfekttómötum
1 grein rósmarín
1 chili
3 hvítlauksgeirar
Ólífuolía
Krukka með loki

Hvítlauksgeirarnir bakaðir í ofni í 20 mínútur við 140°C. Tómatarnir settir ofan í krukku ásamt chili, hvítlauksgeirum og rósmaríni. Fyllt upp með ólífuolíu og krukkunni lokað. Bakað í ofni í þrjár klukkustundir við 75 gráður á Celsius. Kælt.

Sinnepsdressing

60 g sinnepsfræ
200 g dijon-sinnep
Örlítið þurrkað chili
2 límónur, börkur og safi notað
200 g sólblómaolía
400 g ólífuolía
140 g hunang
200 g ristuð sesamfræ
200 ml appelsínusafi

Allt sett í blandara nema sólblómaolían, ólífuolían og appelsínusafinn. Olíunni er hellt varlega út á meðan annað blandast og síðan appelsínusafanum.

THULE SWEDEN
AFMÆLISTILBOÐ
TAKMARKAÐ MAGN
Ferðabox

NÚMER	HEITI	LÍTRAR	LITIR	VERÐ ÁÐUR	TILBOÐ	ÞÚ SPARAR	
~~631100~~	~~Pacific 100~~	~~370~~	UPPSELT	~~59.900~~	~~49.900~~	~~10.000~~	UPPSELT
631200	Pacific 200	460	grátt/svart	79.900	65.900	14.000	
~~631500~~	~~Pacific 500~~	~~330~~	UPPSELT	~~69.900~~	~~55.900~~	~~14.000~~	UPPSELT
~~631600~~	~~Pacific 600~~	~~340~~	UPPSELT	~~89.900~~	~~79.900~~	~~10.000~~	UPPSELT
631700	Pacific 700	460	grátt/svart	97.900	85.900	12.000	

Sjá nánar á: www.stilling.is/ferdabox
Stilling hf. | Sími 520 8000
www.stilling.is | stilling@stilling.is
Stilling

■ **Heilbrigði**

Kvikasilfur lekur úr óþéttum sparperum

Vísindamenn mæla með því að neytendur losi sig strax á öruggan hátt við sparperur sem hafa brotnað. Kvikasilfursgufur frá einni óþéttri sparperu geta borist út í andrúmsloftið í tíu vikur eftir að peran brotnar og getur magnið farið yfir 1 mg á tímabilinu. Svo mikið magn getur verið heilsuspillandi ef ekki er loftræsting í viðkomandi húsnæði.

Greint er frá niðurstöðum rannsóknar vísindamannanna á vefsíðunni Ing.dk sem vitnar í vísindaritið Environmental Engineering Science.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
10 ÁRA
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft

SUMAR LAGERSALA

MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM ÚTIVISTAR- OG GOLFFATNAÐI

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI	ÁÐUR	NÚ
Útivist:		
3 laga jakkar	37.990	**15.900**
3 laga buxur	37.990	**18.900**
Útivistarjakkar	24.990	**9.900**
Barnaúlpur	17.990	**7.900**
Primaloft úlpur	35.990	**17.900**
Superstretch-peysur	17.990	**7.900**
Gönguskór	29.990	**19.900**
Soft shell barnapeysur	14.990	**2.900**
Barnaregnjakkar	10.990	**4.900**
Regnbuxur	12.990	**7.900**
Göngubuxur	19.990	**7.900**
Soft shell jakkar	19.990	**6.900**
Golf:		
Golfjakkar	19.990	**9.900**
Golfbolir	10.990	**5.900**
Golfpeysur	13.990	**7.900**
Golfregnbuxur	22.990	**12.900**
Golfbuxur	14.900	**8.900**

OPNUNARTÍMAR

Miðvikudagur	20. júlí	kl. 12–20
Fimmtudagur	21. júlí	kl. 12–20
Föstudagur	22. júlí	kl. 12–20
Laugardagur	23. júlí	kl. 10–18
Sunnudagur	24. júlí	kl. 11-18
Mánudagur	25. júlí	kl. 12-20

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekkumegin) - Kópavogi - www.zo-on.is

ZO·ON ICELAND
www.zo-on.is

10%
AUKAAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚTSÖLUVERÐUM*
ÚTSÖLU

SUMAR ÚTSALA • SUMAR ÚTSALA • SUM

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Flíspeysur

25% afsláttur

5863598-5863604

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Öll grill

20-25% afsláttur

3000391

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Viðarvörn og útimálning

20-45% afsláttur

7049230-33

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Búsáhöld

20-30% afsláttur

2006829

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Sláttuvélar

25% afsláttur

5085135

AUKA AFSLÁTTUR 10%

HiPoint klippur

40% afsláttur

5084675

*Afsláttur reiknast við kassa, gildir ekki í timbursölu

3899087

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Garðhúsgögn

30% afsláttur

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Sumarblóm

50% afsláttur

LÝKUR

UM HELGINA
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

MAR ÚTSALA • SUMAR ÚTSALA • SUMAR

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Trjáplöntur og runnar

30% afsláttur

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Garð- og garðskálarósir

30% afsláttur

Hansarós

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Fjölærar plöntur

30% afsláttur

AUKA AFSLÁTTUR 10%

Fræ

60% afsláttur

SÝPRIS

2 FYRIR 1

1.490

blómaval

HÚSASMIÐJAN

3.900 MANNS er fjöldi atvinnulausra sem hafa verið án atvinnu í 12 mánuði eða lengur.

RÍKISBRÉFAÚTBOÐ RIKB 13 0517 seldist á sem samsvarar 2,87 prósenta ávöxtunarkröfu en RIKB 16 1013 á sem samsvarar 5,59 prósenta ávöxtunarkröfu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útboð Lánamála ríkisins:

Tilboðum tekið fyrir tæpa 10 milljarða króna

VIÐSKIPTI Útboð fór fram á óverðtryggðum ríkisbréfum, RIKB 13 0517 og RIKB 16 1013, hjá Lánamálum ríkisins í gær.

Alls bárust fimm gild tilboð að fjárhæð 6,8 milljarðar króna að nafnverði í fyrri flokkinn. Þremur tilboðum var tekið fyrir alls 6,4 milljarða á söluverði 107,650 sem samsvarar 2,87 prósenta ávöxtunarkröfu.

Í seinni flokkinn bárust 13 gild tilboð að fjárhæð 3,37 milljarðar króna að nafnverði. Tólf tilboðum var tekið fyrir alls 3,12 milljarða króna á söluverði 101,8 sem samsvarar 5,59 prósenta ávöxtunarkröfu. - mþl

Afkoma Goldman Sachs:

Uppgjörið veldur vonbrigðum

VIÐSKIPTI Fjárfestingarbankinn Goldman Sachs skilaði mun minni hagnaði á öðrum ársfjórðungi en spáð hafði verið. Hagnaðurinn nam rétt rúmlega einum milljarði dollara eða 185 sentum á hlut en spár gerðu ráð fyrir að hagnaðurinn yrði 230 sent á hlut.

Pósturinn bregst við nýjum tímum

Rekstrarumhverfi Íslandspósts hefur breyst mikið á skömmum tíma og mun taka enn frekari breytingum á næstu árum. Stóra spurningin er hvort póstþjónusta fyrir alla landsmenn, fimm daga vikunnar, sé sjálfbær til frambúðar.

Miklar breytingar eru að verða á markaðsstöðu Íslandspósts um þessar mundir. Bréfapósti hefur fækkað töluvert frá árinu 2008, ekki síst vegna aukinnar notkunar rafræns póst, auk þess sem einkaréttur fyrirtækisins á bréfapósti rennur út árið 2013. Til að bregðast við breyttum aðstæðum hefur fyrirtækið gripið til verðhækkana en róttækari breytingar gætu fylgt í kjölfarið.

INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON

„Stóra spurningin í þessu er hvernig regluverkið í kringum póstþjónustuna mun þróast. Okkur ber núna skylda til, lögum samkvæmt, að fara inn á hvert einasta heimili fimm daga vikunnar. Við þurfum að dreifa alls staðar á landinu og þetta kostar mikla peninga," segir Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, og heldur áfram: „Einkarétturinn á bréfapósti hefur hingað til gert okkur kleift að kosta þetta en það er spurning hvernig ríkisvaldið ætlar að standa að þessu þegar einkarétturinn verður felldur niður."

> Þetta er í takt við það sem kollegar okkar í nágrannalöndunum hafa verið að upplifa og við reiknum með því að þessi þróun haldi áfram.
>
> **INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON**
> FORSTJÓRI ÍSLANDSPÓSTS

Gjaldskrá Íslandspósts hækkaði 15. júní síðastliðinn og nam hækkunin um 20 prósentum í öllum verðflokkum. Ingimundur segir tvennt liggja að baki þessum hækkunum. Í fyrsta lagi sé Íslandspóstur að bregðast við almennum verðbreytingum í samfélaginu en jafnframt sé þetta þáttur í því að bregðast við fækkun bréfa.

ÍSLANDSPÓSTUR Einkaréttur Íslandspósts á bréfapósti verður afnuminn árið 2013. Fyrirtækið býr sig undir breytt rekstrarumhverfi þessi misserin.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þetta er í takt við það sem kollegar okkar í nágrannalöndunum hafa verið að upplifa og við reiknum með því að þessi þróun haldi áfram. Samkvæmt okkar spám ætti að nást einhver botn innan fimm til sjö ára þar sem bréfamagnið nær jafnvægi," segir Ingimundur.

Spurður hvort almenn póstþjónusta sé einfaldlega orðin tímaskekkja segist Ingimundur ekki eiga von á því að póstþjónusta verði það í fyrirsjáanlegri framtíð.

Árið 2013 verður einkaréttur Íslandspósts á bréfapósti afnuminn og segist Ingimundur reikna fastlega með því að fleiri komi inn á markaðinn í kjölfarið.

Íslandspóstur er hlutafélag, að fullu í eigu ríkisins og er eingöngu með einkarétt á dreifingu bréfa allt að 50 grömmum, en starfar að öðru leyti á samkeppnismarkaði. Um helmingur tekna fyrirtækisins kemur frá bréfapóstinum. Á Íslandi er póstþjónusta ekki ríkisstyrkt og er fyrirtækið því eingöngu rekið af tekjum sem koma frá viðskiptavinum.

magnusl@frettabladid.is

Rockwood fellihýsi fyrir íslenskar aðstæður

Rockwood A-Hýsi 12 fet.
Verð: 2.898.000kr

Rockwood Premier 1904 10 fet.
Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.
Verð: 2.898.000kr

Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.
• upphækkað á 15" dekkjum
• sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

• Galvaníseruð grind
• Evrópskar þrýstibremsur
• Upphitaðar 12 cm springdýnur
• Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
• Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
• Útdraganleg trappa við inngang
• Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
• Handbremsa og varadekk m/hlíf
• 50 mm kúlutengi
• 220v tengill (blár skv. reglugerð)
• Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
• Radial dekk / 13" álfelgur
• Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
• Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
• SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
• 2 gaskútar
• Gasviðvörunarkerfi
• Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
• Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
• Skyggni (markísa)
• Skyggðir gluggar
• Flugnanet f. gluggum og hurð
• Gardínur f. gluggum og svefnrými
• 2ja feta geymsluhólf
• Stórt farangurshólf
• Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
• 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
• 1 x færanlegt lesljós með viftu
• 110 amp rafgeymir
• Heitt og kalt vatn, tengt
• Rafmagnsvatnsdæla
• 86 lítra vatnstankur
• Klósett með hengi

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fosshálsi 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®

Vorum að fá sendingu af sófum og sófasettum

KAK 1281 Tungusófi í leðri 529.000,- nú 423.200,-
Litir: svart og kastaníubrúnt
Stærð: 282 x103 x173 cm

KAK 1365 3+1+1 í leðri 529.800,- nú 423.840,-
Litir: Svart, hvítt og grátt
Stærðir: 3ja sæta sófi 205 x 91 cm Stóll 95 x 91 cm

KAK 1365 Tungusófi í leðri 429.000,- nú 343.200,-
Litir: Svart, hvítt, grátt og brúnt
Stærð: 295 x 91 x 163 cm

KAK 1166 Hornsófi í leðri 710.000,- nú 568.000,-
Litur: Dökkgrátt
Stærð: 265 x 260 x 75/97 cm

KAK 015
4+3 í leðri 1.129.000,- nú 903.200,- Litur: Svartur
4+3 í áklæði 739.000,- nú 591.200,- Litur: Grátt

HTL 1996 Tungusófi í leðri 398.000,- nú 318.400,-
Litir: Svart, hvítt og brúnt
Stærð: 260 x 160 x 99 cm

HTL 2335 Tungusófi í leðri 455.000,- nú 364.000,-
Litir: svart, hvítt og brúnt
Stærð: 260 x 165 x 100 cm

20% stgr.afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET•FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Druslugangan kemur til Íslands:

Gengið gegn lífseigum fordómum

Það virðist lífseigt viðhorf að þolandi kynbundins ofbeldis hafi með einhverjum hætti kallað sjálf(ur) yfir sig glæpinn og sé þannig í raun meðsek(ur) um hann. Jafnvel er þolandi kynferðisbrots í umræðu talinn hreinlega ábyrg(ur) fyrir brotinu vegna þess hvar hún var, hvenær, í hvaða ástandi og í hvaða fötum.

Því miður lifir þetta viðhorf ekki bara í umræðu manna á meðal heldur brýst það reglulega fram í ummælum þeirra sem síst skyldi, manna sem með kynferðisbrot fara innan opinbera kerfisins, þeirra sem þolendur kynferðisbrota mæta í kæru-, rannsóknar- og dómsferli.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Ummæli kanadísks lögreglumanns um að konur ættu að forðast að klæða sig eins og druslur til að koma í veg fyrir að þeim yrði nauðgað urðu í apríl síðastliðnum kveikjan að því að skipulögð var svokölluð drusluganga, eða „slut walk“, þar í landi. Heitið drusluganga vísar til þess að konur voru hvattar til að mæta til leiks eins „druslulega“ klæddar og þeim sýndist til þess að vekja athygli á frelsi þeirra til að klæðast að vild og smekk án þess að litið sé á það þannig að þær kalli yfir sig ofbeldi.

Gangan vakti mikla athygli og umræðu og síðan má segja að hugmyndin um druslugöngu hafi farið eins og eldur í sinu um heimsbyggðina. Þúsundir kvenna og karla hafa tekið þátt í druslugöngum til að vekja athygli á þeirri menningu að fella sök á brotaþola í stað brotamanna.

Á laugardaginn verður efnt til druslugöngu hér á landi, ekki bara í Reykjavík heldur einnig á Ísafirði og í Reykjanesbæ. Yfirlýst markmið druslugöngunnar hér er eins og annars staðar að færa ábyrgð frá þolendum kynferðisafbrota yfir á gerendur og uppræta þá samfélagslegu fordóma sem endurspeglast í ofuráherslu á klæðaburð, ástand og atferli þolenda í umræðunni um kynferðisofbeldi.

Gangan á þannig að vekja athygli á þeirri augljósu staðreynd að gerandi ber ábyrgð á kynferðisbrotum, rétt eins og gerendur bera ábyrgð á öðrum brotum sem framin eru; barsmíðum, þjófnuðum og öðrum auðgunarbrotum og áfram mætti telja.

Framtakið að efna hér til druslugöngu er frábært. Meðan umræða um kynferðisbrot lýtur öðrum lögmálum en umræða um önnur brot sem framin eru, líka önnur ofbeldisbrot, þá verður að hamra járnið.

Þeirri staðreynd verður að halda á lofti að nauðgun er valdbeiting sem hefur auðvitað ekkert með kynlíf að gera eins og stundum er gefið í skyn. Hún er birtingarmynd ofbeldis og því glæpur sem enginn getur borið ábyrgð á annar en sá sem hann fremur.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lilja er lasin

Lilja Mósesdóttir bauð sig fram á þing fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð, en gekk sem kunnugt er úr þingflokknum. Lilja er eitthvað heilsuveil þessa dagana og þarf að hitta heimilislækninn sinn. Það hefur hins vegar gengið illa. Hvort það er vegna sumarleyfa eða niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu skal ósagt látið, en hart er að fá ekki heilbrigðisþjónustu, hver sem á í hlut. Viðbrögð Lilju við þjónustuleysinu eru hins vegar undarleg; hún vill að aðeins þeir sem borgi skatta fái að nýta sér hana.

Ekki útlendingar og fátæklingar?

Þetta vekur upp margar spurningar. Eiga útlendingar ekki rétt á þjónustunni? Hvað með þá sem falla utan kerfisins, hafa kannski verið í námi og eiga ekki rétt á bótum í atvinnuleysinu, eiga þeir að engjast um í veikindum sínum heima við? Í fyrirmyndarríki Lilju þurfa menn að mæta með skattframtalið til læknisins og kannski hún vilji ganga skrefinu lengra og þeir sem borgi mest í skatta fái besta þjónustu?

Laganemi í lagi

Umdeildasta sakamál Íslandssögunnar er án efa Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Frá því að sakfellingar fengust hafa lagaspekingar deilt um réttmæti þeirra. Hæstaréttarlögmenn hafa skipst í tvö horn og margir ekki viljað taka afstöðu. Nú hefur málið verið leyst í eitt skipti fyrir öll, því laganeminn Ómar R. Valdimarsson hefur kveðið upp úr um sekt viðkomandi. Rannsóknaraðferð hans var einföld: að lesa hæstaréttardóminn. Þetta kallar maður laganema í lagi.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Upplausn í Ráðhúsi Reykjavíkur

Sveitarstjórnarmál

Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi

Við núverandi aðstæður í efnahagsmálum skiptir miklu máli að Reykjavíkurborg haldi þeirri sterku fjárhagslegu stöðu, sem byggð var upp á síðasta kjörtímabili undir forystu Sjálfstæðisflokksins. Minnstu veikleikamerki geta hæglega rýrt traust borgarinnar gagnvart fjárfestum, en gott traust er forsenda þess að hún og fyrirtæki hennar geti sótt sér lánsfé á hagstæðum kjörum.

Við þessar aðstæður er það því mjög óheppilegt, svo ekki sé meira sagt, að Reykjavíkurborg skuli enn ekki hafa skilað þriggja ára fjárhagsáætlun til ráðuneytis sveitarstjórnarmála. Slíkri áætlun bar borginni að skila til ráðuneytisins í febrúar sl. samkvæmt 63. grein sveitarstjórnarlaga. Ótækt er að slík vinnubrögð þekkist hjá langstærsta sveitarfélagi landsins. Fyrir utan þann álitshnekki, sem borgin verður fyrir, er hætta á að hún verði látin sæta viðurlögum vegna óhæfilegs dráttar.

Aldrei áður hefur vinna við þriggja ára fjárhagsáætlun tafist svo að ekki hafi náðst að afgreiða hana fyrir sumarleyfi borgarstjórnar. Fyrirspurnum einstakra borgarfulltrúa og fjölmiðla um málið hefur verið svarað með óviðunandi hætti af hálfu oddvita meirihlutaflokkanna og töldu þeir enga þörf á að ljúka umræddri áætlanagerð fyrir sumarfrí þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli um að henni hefði átt að vera lokið um miðjan febrúar.

Verkstjórn meirihlutans

Þriggja ára áætlun er með mikilvægustu stjórntækjum sveitarfélaga við fjármálastjórn. Með slíkri áætlun er mörkuð stefna í fjármálum til þriggja ára og er hún því mikilvægt vinnuplagg fyrir kjörna fulltrúa, embættismenn, fjölmiðla, almenning og aðra sem eru í fjárhagslegu sambandi við borgina. Afar mikilvægt er að slík áætlun liggi fyrir áður en vinna hefst við fjárhagsáætlun næsta árs. Yfirleitt hefst sú vinna á vormánuðum og er því ljóst að vinna við gerð fjárhagsáætlunar 2012 er nú þegar komin í uppnám hjá Reykjavíkurborg.

Þetta er því miður ekki eina dæmið um lélega verkstjórn í Ráðhúsinu um þessar mundir. Borgarbúar hafa þegar fengið að kynnast verkstjórn meirihlutans með upplausn í skóla- og frístundamálum, vandræðagangi í sorphirðu og aðgerðaleysi í umhirðu borgarlóða svo nokkur atriði séu nefnd. Þótt fjármál borgarinnar séu ekki jafn sýnileg og bein þjónusta við borgarbúa getur kæruleysi og sleifarlag í þeim efnum ekki síður haft alvarlegar afleiðingar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson seth@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Rússagull

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor

Erlendum fjárfestum í Rússlandi ríður á að stíga varlega til jarðar. Embættismenn, nýríkir fávaldar, stjórnmálamenn og glæpamenn bítast um arðinn af auðlindum landsins, einkum olíu, jarðgas og málma. Hingað til hefur lítið verið vitað um fjárhæðirnar, sem bitizt er um, en nú hefur bandarískri bankinn Citigroup birt tölur til að bregða birtu á málið.

Hver hirðir rentuna?

Lykillinn að réttum skilningi á málinu er auðlindarentan, sem hagfræðingar kalla svo, og skipting hennar. Auðlindarentan er munurinn á söluverðmæti afurða auðlindanna á heimsmarkaði og framleiðslukostnaði. Tökum olíulind til dæmis. Olíufarmur, sem selst á eina milljón Bandaríkjadala á heimsmarkaði, kostaði kannski ekki nema 100 þúsund dali í framleiðslu. Rentan er þá afgangurinn eða 900 þúsund dalir.

Citigroup telur, samkvæmt frásögn Financial Times 9. júlí 2011, að söluverðmæti afurða rússneskra náttúruauðlinda nemi um 650 milljörðum dala á ári og framleiðslukostnaðurinn nemi um 150 milljörðum dala. Það gerir auðlindarentu upp á 500 milljarða dala á hverju ári. Hver hirðir rentuna? Hvernig skiptist hún?

Spurningin brennur á mörgum vegna þess, að auðlindarenta upp á 500 milljarða dala gerir 14 þúsund dali á hverju ári á hverja fjögurra manna fjölskyldu í Rússlandi. Það munar um minna í landi, þar sem landsframleiðsla á mann (á kaupmáttarkvarða) er um 18 þúsund dalir samkvæmt tölum Alþjóðabankans. Við þetta bætist, að rússneska þjóðin á auðlindirnar samkvæmt bindandi Alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966, sem Rússar hafa eins og Íslendingar og flestar aðrar þjóðir heims undirritað og fullgilt. Þar segir í fyrstu grein (í þýðingu utanríkisráðuneytisins): „Allar þjóðir mega, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum…“ Í þessu felst, að hvorki erlendum mönnum né innlendum leyfist að sölsa auðlindirnar undir sig.

Hvað segir stjórnarskráin?

Á móti þessari skuldbindingu standa veikluleg ákvæði í stjórnarskrá Rússlands frá 1993, en þar segir í 9. grein: „Land og aðrar náttúruauðlindir skulu nýttar og verndaðar í Rússlandi sem lífsbjörg og starfsgrundvöllur fólksins í landinu. Land og aðrar náttúruauðlindir geta verið í einkaeigu, ríkiseigu, eigu sveitarfélaga og annarra.“ Takið eftir þessu: „og annarra.“

Auðlindarenta Rússa skiptist þannig, gróft reiknað, að 310 milljarðar dala, eða yfir 60 prósent af heildinni, verða til í olíugeiranum, 160 milljarðar verða til í gasvinnslu og afgangurinn í málmvinnslu. Og hvernig skyldi öllu þessu fé vera varið?

Sérfræðingur Citigroup telur, að ríkið hirði 58 prósent af rentunni með skattheimtu og verji 18 prósentum i niðurgreiðslur, á bensíni meðal annars. Það gerir samtals 76 prósent. Til fjárfestingar er varið um 16 prósentum af rentunni til viðbótar. Afgangurinn, 8 prósent, rennur til hluthafa að fávöldunum – ólígörkunum – meðtöldum. Citigroup gætir sín á að slá ekki mati á hlutdeild glæpamanna í rentunni, en hlutdeild þeirra er talin vera falin í útgjaldaliðum á borð við öryggisvörzlu. Bankinn reynir ekki heldur að meta, hversu mikill hluti skattteknanna af auðlindunum hverfur inn á reikninga spilltra stjórnmálamanna, embættismanna og einkavina þeirra. Vandinn er þekktur, en umfang hans er óþekkt.

Við sitjum öll við sama borð

Til samanburðar hefur norska ríkið leyst til sín um 80 prósent of olíurentu Norðmanna gegnum tíðina. Þar er engu stolið.

Í drögum að nýrri stjórnarskrá Færeyja segir svo í íslenzkri þýðingu: „Við nýtingu auðlinda skulu stjórnvöld annaðhvort innheimta auðlindagjald eða tryggja öllum jafnræði til nýtingar.“ Og síðan: „Arður af landi og fiskimiðum, sem ekki eru í einkaeign, er auðlind og eign fólksins.“

Þetta þýðir, að þjóðin á auðlindirnar og tekur gjald fyrir afnot þeirra eða tryggir öllum jafnan aðgang að þeim. Við sitjum öll við sama borð. Þetta er hugsunin á bak við auðlindaákvæðið í þeim drögum að frumvarpi Stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár, sem hafa nú verið kynnt almenningi.

Hugsjón ESB

ESB-aðild

Þorlákur Axel Jónsson
kennari í Menntaskólanum á Akureyri

Vandi Evrópusambandsins í viðræðunum við Ísland er að efnahagslegir hagsmunir sambandsins eru engir en hugmyndafræðilegir þeim mun meiri. Hugmyndin um Evrópusamband er dýrmætasta eign sambandsins. Hennar vegna er vígbúnaður í lágmarki, skilvirkni atvinnulífs vaxandi, rannsóknir blómstra og aflið til þess að leysa vandamál svæða sem búa við skarðan hlut hefur aldrei verið meira.

Ísland mun njóta góðs af öllu þessu verði áfram sá góði gangur í viðræðunum sem verið hefur til þessa. Evrópusambandið mun því geta teygt sig langt þegar efnahagslegar spurningar eru annars vegar, t.d. með því að greiða bætur þegar leifarnar af hvalveiðiiðnaðinum verða lagðar niður. Vandi ESB er að ákvörðunartökuferlin verða flóknari með fleiri fullgildum þátttakendum. Það ætlar ESB greinilega að taka á sig vegna Evrópuhugsjónarinnar, annars væru þeir ekki að tala við okkur.

Á fundi á KEA fyrir nokkrum árum lýsti Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, hversu agnarsmáir Íslendingar væru á matvælamarkaði ESB og hefðu því þar engin áhrif. Þó er hann einn stærsti útgerðarmaður bæði ESB og Íslands. Kenningin um auðlindarán er skilgetið afkvæmi þjóðernishyggjunar. Á tímum nýlendukapphlaups og allan fyrri hluta 20. aldar voru þetta viðtekin sannindi, vegferð þjóða réðist af því hversu miklar auðlindir þær gætu sölsað undir sig. Ríkin sem fóru með hernaðarofbeldi gegn nágrönnum sínum í nafni þeirrar kenningar töpuðu síðari heimsstyrjöld.

Tómas Ingi Olrich misskilur í blaðagrein tilgang Kola- og stálsambandsins sem þá var stofnað og heldur að það hafi snúist um „auðlindir“. Tilgangurinn var að hafa stjórn á vígbúnaði gegn nágrannanum. Það tókst. Kenning Eiríks Bergmanns Einarssonar um að ESB muni ekki gefa eftir í samningaviðræðum af ótta við að gefa fordæmi fær ekki staðist. ESB hefur verið ófeimið við að gefa eftir í landbúnaðarmálum gagnvart Finnlandi og í sjávarútvegsmálum gagnvart Noregi. Það sem ESB getur ekki gefið eftir er hugmundin um Evrópusamband og þess vegna getur sambandið ekki leyft viðræðunum að mistakast. Hagsmunir ESB eru að viðræðurnar gangi vel og að Íslendingar vilji gerast aðilar. Gefi allir svolítið eftir af sérhagsmunum sínum eflist heildarhagur. Árangursrík samvinna lýðræðisríkja Evrópu undanfarna áratugi er fyrirmynd um allan heim að þessu leyti. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hagsmuni íslenskra alþýðuheimila af aðild með lægri vöxtum, lægra matarverði og raunverulegum gjaldmiðli. Sama gildir um alþýðuheimili í öðrum löndum þar sem stjórnvöld þora að lifa í samræmi við yfirlýstar hugsjónir sínar.

DÚNDUR SUMA

Acer Aspire 5742ZG-P614G50Mnkk
- 2.0GHz Intel Pentium Dual-Core P6100
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- 512MB AMD Radeon HD 5470 DX11

79.989 kr.

Acer Aspire 5750-2414G32Mnkk
- 2.3GHz Intel Core i5-2410M - SandyBridge
- 4GB DDR3 minni
- 320GB diskur
- Intel HD Graphics 3000 skjákort
- 15,6" WXGA LED CineCrystal skjár
- DVD og CD-RW skrifari
- CrystalEye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

109.989 kr.

Olympus VG110
Myndavél með 12 milljón punkta upplausn, stórum 2,7" LCD skjá, hreyfimyndatöku, Lithium hleðslurafhlöðu, USB tengi ofl.

12.989 kr.

49.989 kr.

Philips HTS3111
100w RMS heimabíósett með Dolby Digital and DTS Digital Surround, MP3 Link, AUX in, Digital coaxial in og Digital optical in, 6.5" bassaboxi 20-150Hz - 3 ohm, Double Bass tækni gefur meiri fyllingu og dýpri bassa. Mál (BxHxD): 94,5x9,3x5,8sm.

Aðeins brot af úrvalinu!

79.989 kr.

Beko CSA34000
185sm kæliskápur með 205 lítra kæli og 87 lítra frysti. Orkuflokkur A. Mál (hxbxd): 185x60x60sm.

79.989 kr.

Whirlpool AWO3760
1400 snúninga og 6kg ÞVOTTAVÉL með rafeindastýrðum kerfisveljara og hitastilli, 47 lítra tromlu, ullarkerfi, hraðkerfi, handþvottakerfi, þvotthæfni A, orkunýting A, vinduhæfni B. Stærð (bxhxd): 59,5x85x54sm.

49.989 kr.

Beko DV7110
Þurrkari fyrir barka með 8 stillingum. Tekur 7kg. Orkunýting C. Mál (bxhxd): 69,5 x 85 x 54sm

RTILBOÐ

Panasonic 50" Plasma

- 600Hz Sub Field Drive
- DVB-T móttakari
- 2.000.000:1 dýnamísk skerpa

159.989 kr.

Panasonic TXP50C3
50" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal Plus, 600Hz Sub-field Drive, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamiskri skerpu, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakari (MPEG4), kortalesara ofl.

TOSHIBA 32" LED

- Örþunnt LED
- Full HD upplausn
- 4 HDMI tengi

99.989 kr.

Toshiba 32VL733N
32" Full HD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, 24p playback, Progressive scan, háskerpu stafrænum HDTV DVB-T móttakara, Wi-Fi Ready, SD kortalesara, USB 2.0, 2x Scart, 4x HDMI, CVBS, CI+, VGA, LAN tengi ofl.

- Með geislaspilara
- Með segulbandi

5.989 kr.

United RCD6408
Ferðatæki með útvarpi, geislaspilara, segulbandi og heyrnatólstengi.

- Dynamic Bass Boost
- Flott í ferðalagið

9.989 kr.

Philips AZ102
Ferðatæki með CD spilara, FM/MW útvarpi, Dynamic Bass Boost og góðum 3" hátölurum.

Panasonic 46" NeoPlasma

- NeoPlasma
- Vreal Pro5 örgjörvi
- 5.000.000:1 dýnamísk skerpa

199.989 kr.

Panasonic TXP46G20
46" Full HD NeoPlasma SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film Play Back, Digital Cinema Colour, C.A.T.S HDTV DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2x USB fyrir Wi-Fi/HDD, 2x Scart, 4x HDMI, PC tengi ofl.

- Ferða DVD
- 7" LCD skjár
- Hristivörn

19.989 kr.

Dantax DVDP7X
Fjölkerfa DVD ferðaspilari með 7" LCD skjá, hristivörn, Dolby Digital 5.1, Digital Shock Protection hristivörn,S-Video, USB, AV, heyrnatólstengi og hleðslurafhlöðu. 12v tengi í bíl fylgir.

TOSHIBA 22" LCD

- DVD spilari
- HDMI tengi
- Stafrænn DVBT móttakari

69.989 kr.

Toshiba 22DV615DG
22" LCD HD breiðtjald með innb. DVD spilara. 1680x1050 punkta uppl. Innb. DVB-T móttakari. HD Ready. 1000:1 skerpa. 5ms svartími. Nicam Stereó. Scart, HDMI, USB, Component, VGA, CVBS, S-Video, heyrnatólstengi ofl. DTS og Dolby Digital samrýmanlegt.

- Ipod og Iphone vagga
- Flottur hljómur
- Fjarstýring

9.989 kr.

United Ipig
25+w 2.1 iPod vagga með 5 hátölurum, góðri aðgreiningu, stillanlegum bassa og treble, snertitökkum og fjarstýringu. Tekur allar gerðir iPod og iPhone.

- Nettur DVD
- Digital coax
- HDMI tengi

7.989 kr.

Dantax DVD817
Lítill og nettur DVD spillari með HDMI, Scart, Composite, S-video, Component tengi, Digital coax út ofl.

Tilboðin gilda til 1. ágúst eða meðan birgðir endast.

12 mánaða vaxtalausar greiðslur í boði!

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

tímamót

timamot@frettabladid.is

47 **SÉRA JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR** á afmæli í dag.

„Það er hlutverk kirkjunnar að standa með þeim sem eru félagslega mest einangraðir. Ef við getum það ekki þá er eins hægt að loka sjoppunni.“

†

Móðursystir mín,

Rósa Gísladóttir Blöndal

andaðist í Seljahlíð, miðvikudaginn 20. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

Svandís Matthíasdóttir

†

Okkar kæri,

Ólafur Kr. Gíslason

fyrrverandi sjómaður frá Akranesi,

lést á dvalarheimilinu Höfða laugardaginn 2. júlí. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

F.h. aðstandenda,
Sigríður Karen Samúelsdóttir.

†

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Gunnar S. Bjarnason

vélstjóri,

lést á Landspítalanum við Hringbraut í faðmi fjölskyldu sinnar miðvikudaginn 13. júlí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 22. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Nýja rödd hjá Krabbameinsfélaginu.

Fríða Sigurðardóttir
Sigurbjörg E. Gunnarsdóttir **Sigmundur Már Herbertsson**
Stefanía Gunnarsdóttir **Árni Þór Lárusson**
Margrét Ólína Gunnarsdóttir **Jósef M. Jökulsson**
Friðrik R. Gunnarsson **Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir**
barnabörn og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Sveinsson

frá Góustöðum,

sem lést fimmtudaginn 14. júlí, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 23. júlí, klukkan 14.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Gerður Pétursdóttir
Guðríður Sigurðardóttir **Samúel Einarsson**
Sigrún Sigurðardóttir **Kristinn Halldórsson**
Geir Sigurðsson **Edda B. Kristmundsdóttir**
Kristjana Sigurðardóttir **Gunnlaugur Gunnlaugsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

ÞETTA GERÐIST: 21. JÚLÍ ÁRIÐ 1994

Blair leiðtogi verkamannaflokksins

Anthony Charles Lynton Blair, yfirleitt nefndur Tony Blair, var kjörinn leiðtogi Verkamannaflokksins á þessum degi árið 1994. Blair tók við af John Smith, sem lést tveimur mánuðum áður af völdum hjartaáfalls, en Verkamannaflokkurinn hafði þá verið í stjórnarandstöðu í 18 ár.
Eftir mikla uppbyggingu innan Verkamannaflokksins að undirlagi Blairs vann hann yfirburðasigur í þingkosningunum árið 1997 og batt þar með enda á samfellda stjórn Íhaldsflokksins. Blair gegndi stöðu leiðtoga Verkamannaflokksins og forsætisráðherra Bretlands til ársins 2007 eða lengur en nokkur annar forsætisráðherra á Bretlandi.
Meðan á valdatíma Blairs stóð færði hann Verkamannaflokkinn nær miðju og nefndi stefnubreytinguna nýja Verkamannaflokkinn, ýmsum vinstrisinnum innan flokksins þvert um geð. Þá leiddi hann flokkinn til sigurs í þremur þingkosningum á þessu tímabili.
Undir lok stjórnarsetu sinnar sætti Blair mikilli gagnrýni meðal annars vegna þátttöku Breta í Íraksstríðinu og vinsældir hans og Verkamannaflokksins dvínuðu. Blair fól Gordon Brown völdin.
Heimild: wikipedia.org

SÆBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR: HLAUT JOHN CULLEN LIGHTING AWARD 2011

Hannar ljós í tilveruna

„Þetta var alveg stórkostleg stund, eiginlega einn mesti heiður sem hægt er að hugsa sér,“ segir Sæbjörg Guðjónsdóttir, sem hlaut á dögunum viðurkenningu hins heimsþekkta ljósaframleiðanda John Cullen fyrir útskriftarverkefni sitt frá KLC School of Design í London.

John Cullen velur árlega eitt framúrskarandi útskriftarverkefni af innanhússhönnunarbraut skólans. Sæbjörg varð hlutskörpust 86 nema og veitti viðurkenningunni móttöku úr hendi Sally Storey, yfirhönnuðar John Cullen. „Hún fór mjög fögrum orðum um mig og leysti mig út með viðurkenningarskjali, ljósi og svo bók eftir hana sjálfa.“

En út á hvað gengur verkefnið þitt? „Ég lagði fram hugmynd að svolítið óvenjulegu kaffihúsi sem breytist í bar á kvöldin. Í stuttu máli sagt datt mér í hug að innrétta staðinn með dagsbirtulömpum sem eru notaðir til að lækna skammdegsþunglyndi, og reyndar líka við Alzheimer og búlimíu. Þeir eru notaðir hér á Íslandi á veturna vegna lítillar birtu og oft í einrúmi, en á kaffihúsinu gætu fleiri komið saman og upplifunin orðið skemmtilegri,“ útskýrir Sæbjörg.

Að hennar sögn kom kveikjan að hugmyndinni hins vegar úr allt annarri átt. „Listamaðurinn Ólafur Elíasson er í miklu uppáhaldi og hann vinnur mikið með veðráttu, ljós og spegla. Í einni innsetningu, The Weather Project, stillti hann hálfhring, það er formi búnu til úr fjölda lampa, upp við spegil í Tate Modern safninu í London. Þegar kviknaði á lömpunum var engu líkara en fólk baðaði sig í sólarljósi sem hafði óvænt róandi áhrif á það. Þessi áhrif langaði mig að endurvekja á kaffihúsinu, þar sem birtan frá lömpunum kæmi til með að flæða niður úr loftrifum.“

Kaffihúsið er þó enn á hugmyndastigi en Sæbjörg gæti vel hugsað sér að leggja sitt af mörkum til að gera það að veruleika. „Það vantar bara einhverja til að hrinda hugmyndinni í framkvæmd,“ segir hún brosandi og viðurkennir að nokkur spennandi tilboð hafi borist í kjölfar viðurkenningarinnar. „Ég ætla hins vegar ekki að ljóstra neinu upp í bili, heldur afla mér meiri reynslu eftir þetta tveggja ára hönnunarnám og njóta samvista við eigimanninn og börnin tvö sem hafa saknað mömmu sinnar heilmikið.“

roald@frettabladid.is

DUGNAÐARFORKUR Sæbjörg Guðjónsdóttir, tveggja barna móðir, útskrifaðist á dögunum úr KLC School of Design í London. „Þá kom sér vel að eiga góða að og ég vil sérstaklega þakka tengdamóður minni sem aðstoðaði okkur með börnin meðan á náminu stóð.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Oddnýjar Jónsdóttur

áður Sæfelli, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk dvalarheimilisins Grenilundar Grenivík fyrir hlýhug og góða umönnun.

Guðni Sigþórsson **Helga Guðmundsdóttir**
Guðrún J. Sigþórsdóttir **Guðmundur Ingi Jónsson**
Sigþóra O. Sigþórsdóttir **Brynjar Sigtryggsson**
Helga Óskarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar yndislega móðir, tengdamóðir, dóttir, systir, mágkona og amma,

Þóra Jóhanna Kjartansdóttir

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 17. júlí. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði þriðjudaginn 26. júlí kl. 13.00.

Guðlaug Helga Sigurðardóttir **Ari Þór Ársælsson**
Sigurður Þór Sigurðsson **Þórey Úlfarsdóttir**
Guðlaug Helga Guðmundsdóttir **Kjartan Björnsson**
Björn Kjartansson **Elín Björg Birgisdóttir**
Guðrún G. Kjartansdóttir
Ingibjörg, Óliver og Þóra Karen.

SUMARIÐ ER TÍMINN FYRIR MONGOOSE

BMX
20%
afsláttur

MIKIÐ ÚRVAL

einnig til 16 og 18" BMX

Mongoose Crossway 125
Tilboð 39.900 kr

Hraðamælar
verð frá: 3.990 kr

Brettasett
verð frá: 2.900 kr

GAP

HJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200

mongoose
alvöru hjól

gap.is

†

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

Ása Kristinsdóttir
Grenimel 43,

sem andaðist mánudaginn 11. júlí, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 28. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á styrktarfélagið **Göngum saman** (gongumsaman.is, eða sími Krabbameinsfélagsins: 5401990).

Svavar Björnsson
Ásta Svavarsdóttir
Sigrún Svavarsdóttir
Kristín Svavarsdóttir
Björn Þór Svavarsson
og barnabörn

Tómas R. Einarsson

Sæmundur Runólfsson
Sigrún Jóna Andradóttir

†

Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jón Pétursson
eðlisfræðingur,
Þinghólsbraut 27, Kópavogi,

sem lést sunnudaginn 17. júlí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 26. júlí klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans, er bent á Rauða Kross Íslands í síma 570 4000.

Anna Stefánsdóttir
Halldóra Jónsdóttir
Halldóra Jónsdóttir
Dofri Jónsson
Dagbjört Jónsdóttir
og barnabörn

Einar Jónsson
Kristrún Sigurðardóttir
Anders B. Jensen

†

Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Halldóru Sigríðar Þórarinsdóttur
Lindasíðu 2, Akureyri,
áður Vagnbrekku í Mývatnssveit,

fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 22. júlí og hefst athöfnin kl. 13.30.

Kristín Arinbjarnardóttir
Þórarinn Arinbjarnarson
Halldór Arinbjarnarson
Hjálmar Arinbjarnarson
Ásdís H. Arinbjarnardóttir
ömmubörn og langömmubörn

Sigurður R. Ragnarsson
Ingibjörg Antonsdóttir
Edda G. Aradóttir
Gizelle Balo
Þórður Pálsson

†

Eiginmaðurinn minn, faðir, afi og langafi,

Guðbjörn Eiríkur Eiríksson
Funalind 7, Kópavogi,

sem andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 14. júlí, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 25. júlí kl. 13.00.

Sigríður Sumarliðadóttir
Eiríkur Unnar Guðbjörnsson
Ingvar Geir Guðbjörnsson
Jólín Sigurbjörg Guðbjörnsdóttir
Ársæll Friðriksson
Símon Friðriksson
Hildur S. Friðriksdóttir
Kristín H. Friðriksdóttir
Ragnheiður Friðriksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Turid Olsen
Margrét Björg Sigurðardóttir
Björk Georgsdóttir
Guðrún Hjálmarsdóttir
Þórarinn R. Ásgeirsson
Sigurður Þ. Sigurðsson
Arnar H. Ottesen Arnarson

GREIFARNIR Þeir munu rifja upp gamla takta á Mærudögum á Húsavík.

Blátt blóð á afmæli

Blátt blóð, hljómplatan sem gerði Greifana fræga hjá yngri kynslóðinni á svipstundu er tuttugu og fimm ára í þessari viku. Lagið Útihátíð, sem komst strax inn á topp tíu lista Rásar 2, fór beint í fyrsta sæti hans vikuna á eftir og sat þar um verslunarmannahelgina. Það lag hefur alla tíð síðan fylgt verslunarmannahelgarfjöri og útihátíðum íslensku þjóðarinnar. Öll lögin af plötunni Blátt blóð komust á topp 20 á vinsældarlistanum á sama tíma og þar af voru Útihátíð og lagið Ég vil fá hana strax í fyrsta og öðru sæti.

Greifarnir hétu reyndar fyrst Special Treatment og kom sú sveit fyrst fram í Bíóinu á Húsavík árið 1984. Þar var góð mæting og nú verða Greifarnir með tvenna tónleika á sama stað á Mærudögum, laugardaginn 23. júlí, klukkan 16 og 18. Felix Bergsson verður forsöngvari sveitarinnar eins og þegar Greifarnir slógu fyrst í gegn og hin geðþekka Birgitta Haukdal, Húsvíkingur með meiru, mun líka stíga á svið með Greifunum af þessu tilefni. Hljómsveitin mun einnig njóta aðstoðar aukahljóðfæraleikara og bakraddasöngvara á þessum tónleikum og flytja öll sín þekktustu lög, auk annarra gullmola.

Systur í Ketilhúsi

Systrasýning þeirra Jóhönnu Friðfinnsdóttur og Drafnar Friðfinnsdóttur heitinnar verður opnuð í Ketilhúsinu á Akureyri laugardaginn 23. júlí kl. 14.

Jóhanna Friðfinnsdóttir stundaði nám í þrjú ár í Listaskóla Arnar Inga, eitt ár í Helnæs-Kunstskole og eitt ár í Kunstskolen Brofogedvej.

Dröfn Friðfinnsdóttir (f. 21.03 1946, d. 11.05 2000) stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann í Reykjavík 1963, Myndlistarskólann á Akureyri 1982-1986 og Lahti Art Institute, Finnlandi, 1987-1988.



EITTVERKANNA Trérista eftir Dröfn Friðfinnsdóttur

BALDUR BJÖRNSSON sýnir myndbandsverk í Galleríi Klósetti við Hverfisgötu 61. Fréttablaðið/Vilhelm

Myndbandsverk í Galleríi Klósetti

Baldur Björnsson sýnir myndbandsverk í Galleríi Klósetti, Hverfisgötu 61, laugardaginn 23. júlí klukkan 20.

Sýningin ber titilinn: Myrklósett: Black Log/ Blakkir logar.

Baldur Björnsson er listamaður og vísindatæknir. Hann vinnur með nánd og symbólisma, form og eyðileggingu. Á sýningunni Myrklósett: Black Log/ Blakkir logar munu þessi hugðarefni listamannsins birtast í formi myndbandsverks, sprottins úr svartasta skammdegi háborgar skriffinnskunnar, að því er fram kemur í tilkynningu.

Baldur útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2003 og stundar nú meistaranám í Niðurlöndum. Hann hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum, bæði heima og erlendis, auk þess að semja og flytja rafmagnstónlist. Einnig hefur hann gefið út bókverkið Heimsendir er í nánd/the God Bok, safn teikninga frá liðnum árum.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Unnur Lilja Hermannsdóttir
síðast til heimilis að Hraunbæ 103,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli 18. júlí sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 26. júlí klukkan 13.00.

Heba Gunnrún Haraldsdóttir
Una Guðlaug Haraldsdóttir
Haraldur Örn Arnarson
Friðjón Arnarson

Örn Sigurðsson

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Guðrún Jóna Jónsdóttir
Þorlákshöfn,

sem lést föstudaginn 15. júlí á Kumbaravogi, verður jarðsett frá Þorlákskirkju Þorlákshöfn laugardaginn 23. júlí nk. Athöfnin fer fram kl. 14.00.

Jóhanna Baldursdóttir
Guðmundur Baldursson
Jón Baldursson
Gissur Baldursson
Sigríður Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Kim Sorning
D. Jóna Bjarnadóttir
Anna Guðrún Árnadóttir

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

Björn Stefánsson
flugumsjónarmaður
Hlíðarbyggð 29, Garðabæ,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 14. júlí, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 22. júlí kl. 13.00.

Hrefna Jónsdóttir
Ragnheiður Kristín Björnsdóttir
Berglind S. Björnsdóttir
Stefán Þór Björnsson
Jón Ingi Björnsson
Hrafnhildur Stefánsdóttir Cummings
Páll M. Stefánsson
barnabörn

Elís Kjartansson
Elfa Dögg Finnbogadóttir
Hugrún Valtýsdóttir
Jóhanna Hauksdóttir

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og bróðir,

Hólmsteinn Pjetursson
múrarameistari
Barmahlíð 9, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 22. júlí kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélag Oddfellow.

Hallfríður Bára Einarsdóttir,
börn, barnabörn, bræður og fjölskyldur þeirra.

Vice Magazine birti í nýjasta tölublaði sínu myndaþátt eftir ljósmyndarann Terry Richardson með ellefu litríkum fyrirsætum í yfirstærð. Myndaþátturinn þykir vera í takt við áherslu tískuheimsins á heilbrigði fyrirsæta en vaxtarlag þessara kvenna þykir sjaldséð sjón á síðum tískublaða.

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

ROSA FLOTTUR NÝR LITUR - MERGJAÐ SNIÐ



teg 42026 - þessi stækkar þig um heilt númer,
fæst í BC skálum á kr. 4.600,
- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg

Rafknúnir hægindastólar
sem auðvelda
þér að setjast
og standa upp

Fjölbreytt úrval

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

ÚTSALA
50-70% afsláttur

Vertu vinur okkur
á facebook

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Stjúri Sigurðsson lítur til herraklippinga frá árunum 1920 til 1960.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Greiðir áfengi í hár

Hárgreiðslumaðurinn Stjúri Sigurðsson fer óvenjulegar leiðir í starfi sínu og notar sérstaka blöndu sem inniheldur áfengi í hár viðskiptavina sinna. Þessa hugmynd fékk hann fyrir tæpum tveimur árum þegar hann hóf störf sem klippari hjá Herrafataversluninni Kormáki og Skildi. „Þetta var sameiginleg hugmynd okkar Guðmundar Jörundssonar fatahönnuðar, sem er mikill spjátrungur," segir Stjúri.

Áður hafði hann starfað sem hárgreiðslumaður í nítján ár en áfengisblandan kom til sögunnar á þessum tímapunkti enda í anda herrafataverslunarinnar. „Margar hárvörur hafa að geyma alkóhól til að fá karlmannlega lykt, svokallaða kaupstaðarlykt, í hárið," svarar hann spurður um ástæðuna að baki ákvörðuninni um að nota áfengi.

Hann fylgir ekki tískustraumum í starfi sínu heldur lítur hann til fallegra herraklippinga frá árunum 1920 til 1960. „Eftir þann tíma hófu karlmenn að safna hári."

Fyrr í mánuðinum birtist grein í Fréttablaðinu, sem sagði klippingu söngvara hljómsveitarinnar Hurts vinsæla en Stjúri hefur ekki fundið fyrir því. „Það er meira spurt um greiðslur í anda þáttanna Mad Men og Boardwalk Empire. Enginn hefur beðið um Hurts-klippinguna."

Stjúri stendur ekki vaktina hvern dag í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar heldur er hann smiður meðfram klipparastarfinu. Þá daga sem hann er með skærin á lofti er stóllinn hans þéttsetinn.

„Ég er alltaf að prófa eitthvað nýtt í blönduna, hef haft viskí, Grand Marnier og núna Havana Club. Það er smá sumar í því." Hann selur þó ekki sína blöndu heldur ráðleggur viðskiptavinum að gera sína eigin með því að blanda skoti af áfengi og uppáhalds rakspíranum við hárgel.

Hann segir að einu sinni hafi átt að setja á markað rakspíra sem samanstóð af leðri, viskíi, vindlum, tré og smurolíu. Átti hann að gefa hina fullkomnu karlmannslykt og minnir samsetningin óneitanlega á blönduna hans Stjúra.

hallfridur@frettabladid.is

SUMARTILBOÐ
OG NÝJAR VÖRUR

70%
afsláttur
af pífu pilsum
á rúm
Er til rykkt og slétt,
í mörgum
litum og stærðum.

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

BOAS SVEFNSÓFI
Tilboð 127.425,-

Stóri
stuðningspúðinn
kominn aftur
19.900

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Heimagert andlitsskrúbb getur verið endurnærandi og með því að gera blöndu sjálfur má losna við öll óæskileg aukaefni. Blandið saman 1 msk. af fljótandi hunangi, 1 msk. af höfrum og 1 msk. af ólífuolíu. Nuddið á rakt andlitið og skolið vel.

Íslensk armbönd í Vogue

Íslensk armbönd birtust á síðum ágústheftis hins bandarísku Vogue. Blaðið kom út síðasta sunnudag og stöllurnar Margrét Ágústsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir hafa þegar fengið mikil viðbrögð.

„Einn góðan veðurdag í maí fengum við tölvupóst frá Vogue og við héldum að þetta væri eitthvert grín," segja vinkonurnar Margrét Ágústsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem hanna skartgripi og töskur undir heitinu Dedua. Fyrirtækið stofnuðu vinkonurnar í janúar á þessu ári. Armbönd þeirra birtust í ágústhefti bandarísku Vogue sem kom út á sunnudag.

Tölvupóstinn sendi Selby Drummond, fylgihlutaritstjóri bandarísku Vogue. „Þegar tölvupósturinn kom var ég komin með puttann á eyða-takkann á tölvunni. Sonur minn var í herberginu með mér og ég segi við hann: Sjáðu þennan tölvupóst hérna," upplýsir Margrét sem segir son sinn hafa litið á sig og sagt: „Heyrðu, þetta er Condé Nast tölvupóstur og þeir eiga Vogue, þannig að þetta hlýtur að vera rétt."

Drummond sagði vinkonunum að hún þyrfti armbönd í ljósmyndatöku daginn eftir. „Þannig að við settumst bara upp í bíl klukkan fimm um morguninn," segja Margrét og Sigríður en þær búa stutt frá Washington DC. „Við vorum komnar inn á Manhattan klukkan ellefu um morguninn. Þá fórum við strax með armböndin til hennar," segja þær stöllur en Drummond tjáði þeim að ekki væri ljóst hvort armböndin yrðu notuð.

Mánuði seinna hafði Drummond samband við vinkonurnar og sagði að tvær myndir af armböndunum myndu birtast. „Á annarri myndinni í Vogue er fyrirsætan bara með armbandið okkar en enga aðra skartgripi." Armbönd vinkvennanna eru stór, úr silfri eða látúni með leðri eða skinni.

Blaðið kom út síðastliðinn sunnudag og tvíeykið hefur strax fundið fyrir miklum viðbrögðum. „Já, það er meiri sala og umferð á heimasíðunni okkar. Litlar verslanir hér í Bandaríkjunum hafa líka mikinn áhuga á vörunum okkar." Drummond hefur haft samband við stöllurnar aftur og beðið þær um að senda sér fleiri armbönd.

martaf@frettabladid.is

„Á annarri myndinni í Vogue er fyrirsætan bara með armbandið okkar en enga aðra skartgripi," segja stöllurnar Margrét og Sigríður. MYND/ VOGUE

Margrét Ágústsdóttir og Sigríður Jóhannsdóttir hanna undir heitinu Dedua. MYND/ÚR EINKASAFNI

Útsala • Útsala

Ný sending af kjólum fyrir sumarbrúðkaupið og sumarveisluna.

20-80% afsláttur af öllum vörum

Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins. Rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 18-49 lesa að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - nær þrefalt fleiri en lesa næsta dagblað þar á eftir.

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice

Ein deyr meðan önnur fæðist

Að vanda þegar sumartískan er að syngja sitt síðasta á útsölum er herratíska næsta sumars á sýningarpöllunum í París, Mílanó og víðar. Ekki laust við að það sé dálítið dapurt um hásumar að hugsa um það næsta. Sum tískuhús sýndu óttalega litlausa sumartísku að þessu sinni eins og Yves Saint Laurent eða Dior. Hjá YSL var nánast aðeins ljósgrátt í öllum flíkum sýningarinnar og fyrirsæturnar líkt og klónaðar – ljósrit af þeim fyrsta til þess síðasta. Mjög nútímalegt en líflaust og ólíklegt að þessi blágrái litur verði sumarliturinn næsta sumar því herra eins og aðra þyrstir í liti eftir dökka tísku vetrarins.

Söluturn með grill og ís óskar eftir ábyrgum framtíðarstarfskrafti með mikla reynslu í 100% vinnu. Sími 659 1159 Ásgeir.

Okkur vantar til vinnu í Noregi einn gröfumann og 3 handlagna menn, gjarnan fagmenn en ekki skilyrði. Sendið skilaboð á netfang bvvigbjo@gmail.com eða í síma 0047 97612713

Bako Ísberg Tæknideild óskar eftir starfsmanni sem hefur rafmagns og kæliþekkingu. Vinna við uppsetningu og viðgerðir á tækjum. Umsókn sendist til throstur@bako.is Þröstur 825-6266.

Kaffihús Sandholt óskar eftir starfsfólki í hluta- og fullt starf. Starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 20 ára eða eldri og íslenskumælandi. Hafa samband við Lísu 659-3439.

Hársnyrtifólk
Stólar til leigu á Wink Smáratorgi, hagstæð leiga á vinsælum stað. Uppl. í s. 822 4849 e. kl 13.

Smiðir óskast
Óska eftir 2-3 vönum smiðum í ýmis verkefni næstu 3 mánuði í það minnsta. Uppl í s. 892 4839

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun. Uppl. Einar 7732100 http://lrisland.is/einar

Óskum eftir starfsmanni á þjónustustöð í RVK (smurstöð/hjólbarðaverkstæði), Íslenskukunnátta skilyrði. Reynsla af bílaviðgerðum kostur. Sendið umsóknir á elin@dekkjahollin.is eða fyllið út eyðublað á staðnum. Dekkjahöllin, Skeifunni 5

KvikkFix leitar eftir bifvélavirkja og vönu fólki á gólf. Einnig vantar í móttöku. Áhugasamir sendi póst á kvikkfix@kvikkfix.is

Atvinna óskast
29 ára gamall háskólanemi óskar eftir vinnu á höfuðborgarsvæðinu í sumar. Hef meðmæli. Uppl. í síma 8997477 eða aof1@hi.is.

Tapað - Fundið
Myndavél tapaðist í FLE að morgni 20.06. Maðurinn sem tók vélina af bekk við útganginn vinsaml. Skili henni til lögr. Í Rvk eða Keflav. Eða láti vita í 6967366. Fundarlaun.

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

10 ÁRA
2001-2011

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins hjá fólkinu í landinu. Til dæmis lesa rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

18-49 ára	Höfuðbsv.	Landið allt	12-80 ára	Höfuðbsv.	Landið allt
Fréttablaðið	72,2%	60,2%	Fréttablaðið	75,2%	61,3%
Morgunblaðið	25,7%	25,2%	Morgunblaðið	32,8%	31,7%
DV	9,9%	10,6%	DV	12,4%	13,0%
Fréttatíminn	48,3%	36,2%	Fréttatíminn	53,9%	40,4%
Finnur.is	27,5%	20,2%	Finnur.is	35,3%	26,6%
Monitor	23,6%	22,2%	Monitor	26,3%	25,0%
Viðskiptablaðið	10,5%	9,0%	Viðskiptablaðið	12,0%	10,2%

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

krossgáta



LÁRÉTT
2. báru að, **6.** strit, **8.** kjaftur, **9.** heyskaparamboð, **11.** átt, **12.** kál, **14.** brennivídd, **16.** guð, **17.** struns, **18.** angan, **20.** gyltu, **21.** skynsemi.

LÓÐRÉTT
1. land, **3.** líka, **4.** móðu, **5.** líða vel, **7.** hindrun, **10.** skordýr, **13.** keyra, **15.** kofi, **16.** stígandi, **19.** í röð.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** komu, **6.** at, **8.** gin, **9.** orf, **11.** sa, **12.** salat, **14.** fókus, **16.** ra, **17.** ark, **18.** ilm, **20.** sú, 21. sinn.
LÓÐRÉTT: **1.** laos, **3.** og, **4.** misturs, **5.** una, **7.** trafali, **10.** flóa, **13.** aka, **15.** skúr, **16.** ris, **19.** mn.

Ég man þig, mun þú mig

BAKÞANKAR Söru McMahon

Það er svolítið skrýtið með minningar manns stundum. Ég tel mig hafa nokkuð gott minni, bæði skammtíma- og langtímaminni, en stundum hef ég komist að því að það sem ég man á lítið skylt við raunveruleikann.

EITT slíkt tilfelli kom upp er ég var stödd heima hjá mömmu minni yfir Goslokahátíðina í Vestmannaeyjum. Ég sat og minntist bílferða fjölskyldunnar út á land og rifjaði upp ýmsa leiki sem við systkinin fórum í til að drepa tímann. Við fórum í I spy with my little eye, Hver er maðurinn, Trivial sem pabbi leikstýrði oftast og svo heimatilbúna leikinn Alvöru eða plat – þá sungum við systurnar til skiptis brot úr lagi og átti hin að giska hvort lagið væri frumsamið eða ekta. Í minningunni voru bílferðirnar að mestu átakalausar og oftast nokkuð skemmtilegar, allt þar til mamma mótmælti hástöfum.

SAMKVÆMT henni voru bílferðirnar út á land hrein martröð. Við systkinin skiptumst á að rífast hvert við annað, pota, slá og klaga allt þar til við komumst á leiðarenda. Stundum gerðum við þó stutt vopnahlé og þá var gripið til ofantalinna leikja. Ég hef sem sagt óméðvitað kosið að muna aðeins góðu stundirnar.

ANNAÐ dæmi um slíkan minnisbrest eru ævintýraferðir okkar systranna. Þegar ég var barn þótti mér fátt skemmtilegra en að týna áttum og reyna svo að finna aftur leiðina heim. Systir mín viðurkenndi nýverið að hún hefði fyllst ónotatilfinningu í hvert sinn sem haldið var í slíkar ferðir á meðan ég fagnaði því að vita ekkert hvar við vorum staddar þá stundina. Í minningunni hafði hún aftur á móti þokkalega gaman af þessum leiðöngrum okkar.

UM síðustu helgi sótti ég afmælisveislu bróður míns og kynnti hann mig fyrir vinum sínum. Enn og aftur þurfti ég að horfast í augu við þá bláköldu staðreynd að minni mitt er ekki eins gott og það var. Kynningar bróður míns voru flestar á þessa leið; „Hann bjó í númer 9, í íbúðinni fyrir neðan gömlu konuna með hundinn. Systir hans er ljóshærð og þremur árum eldri en þú.“ Allt þetta man bróðir minn en sama hvernig ég reyndi þá gat ég ekki kallað fram neitt af þessu.

ÆTLI ég verði því ekki að sætta mig við að minni mitt er tekið að bresta og þó ég haldi að ég muni enn allt satt og rétt þá er staðreyndin önnur. Svona, krakkar mínir, er það að eldast.



FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Lágafellsskóli

MOSFELLSBÆR

Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi?

Lágafellsskóli vill ráða til starfa:

Leikskólakennara eða starfsmann með aðra uppeldismenntun
vegna fjölgunar 5 ára barna í leikskóladeild skólans. Starfshlutfall 80-100% og þarf viðkomandi að geta hafið störf 8. ágúst nk.

Menntunar- og hæfnikröfur:
- B.Ed gráða eða önnur uppeldismenntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á starfi með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð færni í samskiptum

Upplýsingar um starfið veitir Arna María Smáradóttir aðstoðarleikskólastjóri, í síma 8494218. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og reynslu sendist á netfangið arnamaria@lagafellsskoli.is

Skólaritara í 60% starf, tímabundin ráðning vegna veikindaforfalla. Viðkomandi þarf að hefja störf 5. ágúst nk. Starfið felur í sér símvörslu, almenn skrifstofustörf og þjónustu við ýmsa aðila.

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Góð almenn tölvufærni, Word, tölvupóstforrit, Mentor
- Góð íslenskukunnátta
- Nákvæmni, frumkvæði, þjónustulund og góð samskiptafærni

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 896 8230. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

Umsóknarfrestur um störfin er til og með 1. ágúst 2011
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

SUMAR TILBOÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

ENN BETRA VERÐ

4GB MINNISLYKILL

Örsmár og nettur USB 2.0 minnislykill á ótrúlegu tilboði, fyrstir koma fyrstir fá!

1.490

8GB 3.990 • 16GB 7.990

NÝ SENDING

24"BENQ LCD SKJÁR

BENQ G2420HDB FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði

29.900

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 24" LCD

ÓTRÚLEG FLAKKARA TILBOÐ

1TB FLAKKARI

Ótrúleg tilboðsverð á glæsilegum Seagate, WD og Samsung USB2 flökkurum

9.990

1.5TB 12.900 • 2TB 16.900

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

DJASS OG BLÚS 22. OG 23. JÚLÍ á Café Rosenberg klukkan 21.30. Frændurnir Bjössi Thor og Hjörtur Steph úr hljómsveitinni Guitar Islancio leika lög úr öllum áttum og setja þau í nýjan og skemmtilegan búning. Sérstakur gestur með þeim á laugardagskvöldinu verður Halldór Bragason.

Kristbjörg besta leikkonan

Kristbjörg Kjeld var valin besta leikkonan á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Múrmansk í Rússlandi í maí síðastliðnum. Henni verða afhent verðlaunin í dag.

Í maí var haldin í Múrmansk alþjóðleg kvikmyndahátíð Norðurskautslandanna, Norðurljósin. Í keppninni tóku þátt tíu bíómyndir og þar á meðal frá Íslandi. Kristbjörg Kjeld var valin besta leikkonan fyrir hlutverk sitt í Mamma Gógó, mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar.

Sendiherra Rússlands á Íslandi, Andrey Tsyganov, afhendir Kristbjörgu Kjeld verðlaunin fyrir hönd stjórnar kvikmyndahátíðarinnar Norðurljósin við opinbera athöfn í Sendiráði Rússlands, Garðastræti 33 í dag klukkan 17.



ÞORSTEINN FRÁ HAMRI „Mönnum varð margt að ljóði," segir hann um hina sterku ljóðahefð Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ljóðið fer sinna ferða

Þorsteinn skáld frá Hamri var í Þýskalandi fyrir skömmu þar sem ný ljóðabók eftir hann er komin út og hann tók þátt í kynningu menningardagskrár Sögueyjunnar. Nú er hann hins vegar norður í Mývatnssveit og þar er hann sóttur í símann.

„Fyrirgefðu að ég er svolítið móður. Ég var að grúska hérna niður við vatnið og kom bara hlaupandi," byrjar Þorsteinn frá Hamri símtalið, svolítið afsakandi. Ber síðan lof á sveitalífið. „Við hjónin dveljum mikið hér í Höfða í Mývatnssveit á sumrin því konan mín hefur tengsl hingað frá því hún var barn. Þá var hún hér langdvölum hjá ömmu sinni. Mér líður líka vel hér og oft verður mér talsvert úr verki," segir hann glaðlega.

Þorsteinn hefur sannarlega ástæðu til að vera glaður ef marka má tölvupóst frá Forlaginu. Hann er nýkominn frá Þýskalandi frá því að lesa upp ljóð sín við góðar undirtektir bæði á blaðamannafundi í Frankfurt þar sem framlag Íslands á væntanlegri bókamessu var kynnt og einnig í Bókmenntahúsinu í Berlín, á degi íslenskrar ljóðlistar. „Þetta voru fjölmennar samkomur og ánægjuleg dagskrá á báðum stöðum," segir hann og kveðst hafa átt góða daga í Þýskalandi. „Mér bauðst að fara og hafði af því mikla gleði og skínandi góðan félagsskap, sól og blíðu."

Svo er það útgáfa nýrrar ljóðabókar þar í landi sem talið berst að. Hún ber heitið Jarðarteikn – Erdzeichen og eru í henni 38 ljóð eftir Þorstein bæði á íslensku og þýsku. „Það er afskaplega vel látið af þýðandanum, Gert Kreutzer. Hann er prófessor í norrænum fræðum og valdi ljóð úr flestum ljóðabókunum mínum sem eru 18 talsins," lýsir Þorsteinn og heldur áfram. „Ég er ekki þýskumaður sjálfur en fólk sem ég þekki og treysti, telur að mjög vel hafi tekist til hjá honum með þýðingarnar. Hann bregður meira að segja fyrir sig íslenskri stuðlasetningu sums staðar og ég held hún sé nú ekki mikið notuð í ljóðaþýðingum eftir okkur."

Aðspurður kveðst Þorsteinn trúaður á að sá sess sem Ísland fær á bókamessunni í október hafi mikið gildi fyrir íslenskar bókmenntir. En hitti hann einhver þýsk skáld í ferðinni? „Já, það voru fjögur ung skáld á ljóðadagskránni í Berlín sem lásu á þýsku upp úr nýrri safnbók íslenskrar ljóðlistar, Isländische Lyrik, sem Insel Verlag hefur gefið út. Í bókinni er dregin upp mynd af þróun íslensks kveðskapar allt frá fornöld fram á okkar daga og birt ljóð eftir Egil Skallagrímsson, Eystein Ásgrímsson, Hallgrím Pétursson og allt til ljóða nútímaskálda eins og Kristínar Svövu Tómasdóttur og Kristínar Eiríksdóttur."

Ljóðahefðin hefur alla tíð verið sterk á Íslandi að mati Þorsteins. „Mönnum varð margt að ljóði," segir hann. „Það var verið að spyrja mig þarna úti um íslenska ljóðagerð og gengi hennar og ég svaraði því til að kveðskapur hefði alltaf verið hluti af tilveru okkar. Oft er verið að býsnast yfir því að ljóð seljist ekki mikið en þó hefur það verið þannig alla tíð að ljóð og ljóðabrot eru komin á hvers manns varir, hvað sem sölu líður. Ljóðið fer sinna ferða á dálítið annan hátt en aðrar tegundir bókmennta. Hlutverk skáldanna hefur því alltaf verið á sínum stað og ég vona að svo verði áfram."

Þó að þetta sé flottur lokapunktur á viðtalinu er Þorsteini ekki sleppt úr símanum fyrr en hann hefur verið spurður almæltra tíðinda úr Mývatnssveit. Er heyskapur byrjaður? Hvað með veiði í vatninu? „Allt er heldur seint á ferð þetta árið því júní var svo kaldur en dagarnir undanfarið hafa verið góðir, sólríkir og bjartir," segir skáldið. „Samt sér maður varla flugu. Flugan, fuglinn og fiskurinn fylgist að. Þetta er allt sama keðjan og er í lágmarki núna – en gróðurinn er að ná sér."

gun@frettabladid.is

METSÖLULISTI EYMUNDSSON
SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT
13.07.11 - 20.07.11

1 Það sem aldrei gerist - kilja
Anne Holt

2 Íslenskur fuglavísir - nýr
Jóhann Óli Hilmarsson

3 Sokkaprjón
Guðrún S. Magnúsdóttir



4 Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir

5 Bollakökur Rikku
Friðrika Hjördís Geirsdóttir

6 Nemesis - kilja
Jo Nesbø



7 Kortabók MM - 2011
Örn Sigurðsson

8 Íslenskar lækningajurtir
Arnbjörg L. Jóhannsdóttir

9 Íslenska vegahandbókin 2010 - Ýmsir höfundar

10 Little Big Book About Iceland
Sigurgeir Sigurjónsson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 21. júlí

Tónleikar

12.00 Jón Bjarnason leikur orgeltónlist á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

20.00 Á Sumartónleikum í Skálholti mun flautuleikarinn Martial Nardeau leika ítalska 17. aldar tónlist ásamt Jaap Schröder á fiðlu, Sigurði Halldórssyni á selló og Peter Watchorn á orgel/sembal. Frjáls framlög.

20.00 Háskólakór frá Tacoma, Seattle í Bandaríkjunum heldur tónleika í Langholtskirkju. Tónleikarnir eru þeir fyrstu í Norðurlandaferð kórsins og aðgangur er ókeypis.

21.00 Hjaltalín heldur tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Um upphitun sér Snorri Helgason. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

21.30 Djasspíanistinn Sunna Gunnlaugs leikur ásamt tríói sínu í Ketilhúsinu á Akureyri. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.000 fyrir félagsmenn í Jazzklúbbi Akureyrar.

22.00 Íslenska Steve Vai Tributebandið er með tónleika á Sódóma. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

Fræðsla

17.00 Fræðsluganga um rósir í Grasagarði Reykjavíkur og nýr Rósagarður Rósaklúbbs Garðyrkjufélags Íslands, Reykjavíkurborgar og Yndisgróðurs formlega vígður. Leiðsögn í höndum Jóhanns Pálssonar grasafræðings. Gangan hefst við Café Flóru. Þátttaka er ókeypis.

20.00 Svavar Gestsson og Guðrún Ágústsdóttir leiða göngu um söguslóðir vinstri hreyfingarinnar og Þjóðviljans í Reykjavík. Lagt er af stað úr Grófinni, milli Tryggvagötu 15 og 17. Þátttaka er ókeypis.

Leiklist

21.00 Einleikurinn Kona einsömul eftir Dario Fo og Franca Rame sýndur í Miklagarði á Vopnafirði. Miðaverð er kr. 2.000. Aldís Davíðsdóttir leikur og leikstjóri er Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.

Opnanir

14.00 Myndlistarsýningin Nýir þjóðhættir opnar í Miðgarði 3 á Húsavík. Sýnendur eru Arna Óttarsdóttir, Guðmundur Thoroddsen og Solveig Thoroddsen. Allir velkomnir.

Myndlist

20.00 Samband íslenskra myndlistarmanna sýnir kínverska myndbandsverk í SÍM-húsinu ásamt heimildarmyndinni May Day eftir Ma Zhandong, um afleiðingar jarðskjálftans í Sichuan í Kína árið 2008. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Byrgjum okkur upp í Bónus

AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS

Mánud-fimmtud: **12.00-18.30**
Föstud: **10.00-19.30**
Laugard: **10.00-18.00**
Sunnud: **12.00-18.00**

Bónus alltaf í alfaraleið

Reykjavík, **Kópavogur, Hafnarfjörður**
- **Mosfellsbær** Þverholt 2
- **Garðabær** Kauptúni 3
- **Reykjanesbær** Fitjar
- **Hveragerði** Sunnumörk
- **Selfoss** Austurvegur
- **Egilsstaðir** Miðvangur
- **Akureyri** Langholt & Kjarnagata
- **Ísafjörður** Ljónið, Skeið
- **Stykkishólmur** Borgarbraut
- **Borgarnes** Digranesgata
- **Akranes** Smiðjuvellir

Sama vöruverð um land allt í verslunum Bónus

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

STEINDI JR.

CORAL

>Í SPILARANUM

Toddla T - Watch Me Dance
Jill Scott - The Light of the Sun
Skúli mennski - Búgí
Steindi Jr. - Án djóks, samt djók
Coral - Leopard Songs

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Adele tilnefnd til Mercury-verðlauna

Platan 21, með hinni gríðarlega vinsælu Adele, er á meðal þeirra platna sem tilnefndar eru til bresku Mercury-verðlaunanna í ár. Verðlaunin eru afar virt og eru veitt fyrir bestu bresku eða írsku plötu hvers árs.

Uppgangur Adele hefur verið ótrúlegur síðustu misseri, en platan 21 hefur nánast einokað toppsæti vinsældalista víða um heim frá því að hún kom út.

Það var hljómsveitin The XX sem hirti Mercury-verðlaunin í fyrra með plötu sinni XX. Á meðal þeirra sem hafa fengið verðlaunin frá því að þau voru fyrst veitt árið 1992 eru Primal Scream, Suede, Arctic Monkeys og Portishead.


VINSÆL OG VEIT AF ÞVÍ Adele hefur notið gríðarlega vinsælda undanfarið.

TILNEFNINGAR TIL MERCURY-VERÐLAUNA Í ÁR:

Adele - 21
Anna Calvi - Anna Calvi
Elbow - Build A Rocket Boys!
Everything Everything - Man Alive
Ghostpoet - Peanut Butter Blues and Melancholy Jam
Gwilym Simcock - Good Days At Schloss Elmau
James Blake - James Blake
Katy B - On A Mission
King Creosote & Jon Hopkins - Diamond Mine
Metronomy - The English Riviera
PJ Harvey - Let England Shake
Tinie Tempah - Disc-Overy

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Buddy Holly að eilífu

Þó að það sé liðin meira en hálf öld síðan Buddy Holly hvarf á vit forfeðranna í einu af átakanlegustu slysum rokksögunnar þá lifir minning hans góðu lífi. Tónlistin hans er endurútgefin með reglulegu millibili og um hann hafa bæði verið skrifaðar bækur og söngleikir. Kvikmyndin The Buddy Holly Story frá 1978 stendur enn fyrir sínu, en þeim sem vilja meiri nákvæmni í sögulegum staðreyndum skal bent á heimildarmyndina Buddy Holly the Definitive Story sem gerð var í tilefni af 50 ára dánarafmæli Buddys árið 2009. Buddy Holly náði ekki að senda frá sér mjög mörg lög á allt of stuttum ferlinum, en þrátt fyrir það eru mörg þeirra löngu orðin sígild og hafa komið út í ótal útgáfum. Nýlega bættist í þann sarp þegar platan Rave On Buddy Holly kom út. Á henni eru 19 lög sem Buddy gerði fræg í flutningi þekktra tónlistarmanna. Paul McCartney tekur It's So Easy með látum, Fiona Apple og Jon Brion fylgja upprunalegu útgáfunni í Everyday, Florence & the Machine spreyta sig á Not Fade Away, Modest Mouse gerir That Will Be The Day að sínu og sjálfur Lou Reed tekur Peggy Sue, en á meðal annarra flytjenda eru Black Keys, She & Him, Patti Smith, The Detroit Cobras, Graham Nash, Karen Elson, Cee-Lo Green og Julian Casablancas.
Það jafnast ekkert af þessu á við frumútgáfurnar, sem hafa elst ótrúlega vel, en samt eru margar þessara yfirhalninga vel heppnaðar og óhætt að mæla með plötunni fyrir gamla og nýja aðdáendur Buddy Holly.



STJÖRNUFANS Lou Reed, Patti Smith, Modest Mouse, Julian Casablancas, The Black Keys og Paul McCartney eru á meðal þeirra sem heiðra minningu Buddy Holly á nýrri safnplötu.

NÝ PLATA 3 Doors Down hefur gefið út nýju plötu, þá fimmtu í röðinni.

VINSÆLDIR ÁN ÁHRIFA

Sumar hljómsveitir þurfa ekki að þróast. 3 Doors Down virðist hafa fundið formúlu sem virkar fyrir ákveðinn hóp tónlistarunnenda sem þurfa ekki að láta koma sér á óvart.

Nýjasta plata 3 Doors Down kom út í vikunni og nefnist Time of My Life. Hún er sú fimmta í röðinni. Fyrsta plata hljómsveitarinnar kom út árið 2001, sem sýnir að meðlimir hljómsveitarinnar hafa ekki slakað mikið á síðasta áratug eða svo. Ásamt því að hafa gefið út plötur annað hvert ár hefur 3 Doors Down nefnilega komið fram á fjölmörgum tónleikum, allt að 300 á ári. 3 Doors Down hefur náð gríðarlegum vinsældum án þess að hafa teljanleg áhrif á tónlistarheiminn. Hljómsveitin er ekki á mörgum listum yfir uppáhaldshljómsveitir fólks og plötur hennar komast ennþá síður á lista yfir bestu plötur ársins hjá tónlistargagnrýnendum. Samt hefur 3 Doors Down selt fleiri en 16 milljónir platna um allan heim, tvisvar komist á topp bandaríska Billboard-listans og náð lögum inn á vinsældalista um allan heim.

Time of My Life var tekin upp í Los Angeles síðastliðið ár. Brad Arnold, söngvari 3 Doors Down, er gríðarlega ánægður með plötuna, sem hann segir þyngri en þær sem á undan komu. „Þessi plata sýnir að við erum að vaxa sem tónlistarmenn," sagði hann. „Okkur hefur gengið mjög vel undanfarin ár og erum þakklátir fyrir vinsældirnar, en það er alltaf pláss fyrir nýjar hugmyndir. Mér finnst við hafa nýtt okkur þær. Við vildum gera okkar besta á þessari plötu og ég er sannfærður um að það hafi tekist."

Fyrsta smáskífulag plötunnar, When You're Young, bendir reyndar til þess að lítið sem ekkert hafi breyst í herbúðum 3 Doors Down. Hljómsveitin hljómar ennþá eins og hún gerði áður. En það ætti að virka. Platan fer eflaust á toppinn í Bandaríkjunum og verður til þess að 3 Doors Down getur ferðast um heiminn næstu árin og troðfyllt tónleikahallir af fólki sem veit hvað það vill. **atlifannar@frettabladid.is**

Costa del Sol
Allra síðustu sætin 30. júlí
í 10 nætur
Frá 99.900 kr.

10 nátta ferð – einstakt tækifæri
Heimsferðir bjóða einstakt tilboð á Aguamarina íbúðahótelinu.
Einnig eru til örfá herbergi á Griego Mar hótelinu með allt innifalið.

Aguamarina ***
Kr. 99.900
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 10 nætur.
Verð fyrir tvo fullorðna í studioíbúð kr. 119.900.

Hotel Griego Mar ***
Kr. 139.900 - með „öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi með „öllu inniföldu" í 10 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með „öllu inniföldu" kr. 159.900.

Ath. mjög takmarkaður fjöldi íbúða / herbergja í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

LAGALISTINN
Vikuna 14. - 20. júlí 2011

Sæti		Flytjandi	Lag
▲	1	GusGus	*Over*
▼	2	Coldplay	*Every Teardrop Is A Waterfall*
▲	3	Steven Tyler	*It Feels So Good*
✱	4	Of Monsters And Men	*Little Talks*
▼	5	Lady Gaga	*The Edge Of Glory*
▲	6	BlazRoca, Friðrik Dór og fl.	*Reykjavíkurnætur*
▲	7	Katy Perry	*Last Friday Night*
▲	8	Aloe Blacc	*I Need A Dollar*
▲	9	Bylgjustjörnur	*Ég er á leiðinni*
✱	10	Bubbi Morthens	*Háskaleikur*

TÓNLISTINN
Vikuna 14. - 20. júlí 2011

Sæti		Flytjandi	Plata
▶	1	Helgi Björns & reiðmenn	*Ég vil fara uppí sveit*
▶	2	Gus Gus	*Arabian Horse*
▶	3	Bubbi	*Ég trúi á þig*
▶	4	Jón Jónsson	*Wait For Fate*
▲	5	Ýmsir	*Pottþétt 55*
▼	6	Ýmsir	*Miklu meira veistu hver ég var?*
▲	7	Helgi Björnsson og reiðmenn	*Þú komst í hlaðið*
▼	8	Ýmsir	*100 íslensk 90's lög*
▲	9	FM Belfast	*Don't Want To Sleep*
▲	10	Adele	*21*

Skýringar:
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

TAX FREE DAGAR



AFNEMUM VSK
ALLAR **ÚTILEGUVÖRUR** ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

AFNEMUM VSK
ALLAR **VEIÐIVÖRUR** ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

AFNEMUM VSK
ÖLL **GRILL** ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

AFNEMUM VSK
ÖLL **GARÐHÚSGÖGN** ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

+20% AUKAAFSLÁTTUR

24 Hagkaup
OPIÐ í sumar
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 2.ágúst á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

bíó

bio@frettabladid.is

„Mér er alltaf illt. Hnén meiða mig og bakið er aumt. En hausinn, hann heldur alltaf að hann sé 23 ára.“

- **George Clooney,** leikari um hvernig honum líður á tímamótunum en hann varð fimmtugur þann 6. maí síðastliðinn.

„Þau eru fangar frægðarinnar og geta ekki farið út í búð án þess að búið sé að ræsa herþyrlurnar.“

- Leikarinn **Matt Damon** um fylgikvilla frægðarinnar og vini sína Angelinu Jolie og Brad Pitt.

„Mig langar að eignast börn einhvern daginn og ég er viss um að það gerist bráðum. Ég er tilbúin til að vera einstæð móðir og ættleiða ef út í það er farið.“

- Leikkonan **Jennifer Aniston** þegar hún er spurð út í framtíðarplön sín.

KYNLÍF FLÆKIR MÁLIN Þau Mila Kunis og Justin Timberlake ná svo vel saman í myndinni Friends with Benefits að fjölmiðlar héldu að þau ættu í raunverulegu ástarsambandi.

VINIR MEÐ MEIRU

Flækir kynlíf málin eða er hægt að bæta því inn í vinasamband án þess að tilfinningar fari að láta á sér kræla? Mila Kunis og Justin Timberlake komast að því í myndinni Friends with Benefits sem frumsýnd verður á föstudaginn.

Jamie og Dylan eru ungt fólk á framabraut í New York og kynnast í gegnum vinnuna. Þau eiga það sameiginlegt að vera hvort um sig að sleikja sárin eftir misheppnuð ástarsambönd og vilja því forðast þau eins og heitan eldinn. En þau laðast hvort að öðru og ákveða því að bæta kynlífi inn í vinasamband sitt. Strangar reglur eru settar og allar tilfinningar bannaðar. Þau eru viss um að þetta fyrirkomulag gangi upp á meðan þau eru bæði á sömu blaðsíðunni. Fljótt komast þau þó að því að boðskapur rómantísku gamanmyndanna er réttur, kynlíf flækir málin og ástin er oftast óumflýjanleg.

Það eru þau Mila Kunis og Justin Timberlake sem fara með aðalhlutverkin í myndinni og gera það svo vel að sögusagnir fóru á kreik um að þau ættu í ástarsambandi meðan á tökum stóð.

Justin Timberlake hefur verið að gera það gott á hvíta tjaldinu og virðist vera búinn að söðla um frá tónlistinni í kvikmyndabransann í bili.

Hin rússneska Mila Kunis, sem kannski er hvað þekktust fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttaröðinni That ´70s Show, sló rækilega í gegn á hvíta tjaldinu í hlutverki Lily í The Black Swan og óhætt er að segja að hún sé rísandi stjarna. Aðrir leikarar í myndinni eru þau Woody Harrelson, Particia Clarkson, Emma Stone og Jenna Elfman. Leikstjóri er Will Cluck en á ferilskrá hans er til dæmis myndin Easy A.

Myndin verður frumsýnd á heimsvísu á föstudaginn og hefur fengið blendna dóma. Flestir virðast þó vera sammála um að myndin sé ágætis gamanmynd, samtölin hnyttin og flæði vel milli aðalleikaranna sem bera myndina uppi.

alfrun@frettabladid.is

SAMKYNHEIGÐI VINURINN

Leikarinn Woody Harrelson á skemmtilega innkomu í myndinni Friends with Benefits þar sem hann leikur samkynhneigðan vinnufélaga Timberlakes, Tommy.

Harrelson, sem fyrst sló í gegn árið 1985 í sjónvarpsþáttaröðinni Cheers eða Staupasteini, hefur haft reglulega viðkomu á hvíta tjaldinu undanfarin ár en hann er sjálfur búsettur fjarri skarkala Hollywood. Harrelson býr ásamt æskuástinni sinni og þremur dætrum á Havaí í sjálfbæru samfélagi þar sem öll heimilin ganga fyrir sólarorku.

Nágrannar hans þar eru ekki af verri endanum, en þeir Owen Wilson, Kris Kristofferson og Willie Nelson setja stjörnubrag á bæinn.

Harrelson og kona hans eru bæði miklir friðar- og umhverfissinnar og dugleg að beita sér í mikilvægum málum.

Leikur og leikstýrir

Gamanleikarinn Ben Stiller hefur tekið að sér að leika titilhlutverkið og leikstýra myndinni The Secret Life of Walter Mitty herma fjölmiðlar vestanhafs. Þar með skaut Stiller leikstjórunum Steven Spielberg og Gore Verbinski ref fyrir rass en báðir voru þeir orðaðir við myndina.

The Secret Life of Walter Mitty kom fyrst út árið 1947 og þá með Danny Kaye í aðalhlutverki. Hún fjallar um ungan rithöfund með frjótt ímyndunarafl og móður sem ofverndar hann. Einn daginn kemst hann fyrir tilviljun inn í ævintýralega atburðarás þar sem hann uppgötvar að hetjuhlutverkið er ekki jafn eftirsóknarvert og hann hélt.

Stiller er ekki óvanur því að vera bæði fyrir framan og aftan upptökuvélina en hann lék og leikstýrði gamanmyndinni Tropic Thunder við miklar vinsældir.

VINSÆLL Ben Stiller ætlar aftur að leikstýra sjálfum sér og núna í endurgerð á myndinni The Secret Life of Walter Mitty.

JUSTIN TIMBERLAKE MILA KUNIS

Þetta er ekki eins auðvelt og það hljómar.



Friends With Benefits

HEIMSFRUMSÝND Á MORGUN!

SMÁRA BÍÓ · LAUGARÁS BÍÓ · HÁSKÓLA BÍÓ · BORGAR BÍÓ · sena

VILTU VINNA MIÐA?
SENDU SMS ESL FWB
Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

Fullt af aukavinningum:
Tölvuleikir · DVD myndir
og fleira!

9. HVER VINNUR!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.
MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

Allar sumarvörur

20-50%

útsala!

BYKO

Garðhúsgögn 30-50%

Vnr. 41622113
Garðstóll
Álstóll með stillanlegu baki, svartur.

30% afsláttur

Vnr. 41622122-3
Garðsett
Garðsett úr áli, plasthúðuð viðaráferð, 6 stólar og borð 151x92 cm, viðhaldsfrítt.

50% afsláttur

40% afsláttur

Vnr. 41616061
Garðsett
Garðsett úr Acacia harðviði, borð og 4 stólar, ásamt sessum úr svörtu efni.

40% afsláttur

Vnr. 41622106
Sólbekkur
Sólbekkur, plast/bast, svartur.

30% afsláttur

Vnr. 0291452
Garðborð
Stærð: 154x177x71 cm.

Girðingareiningar 20-25%

30% afsláttur

Vnr. 0291539
Garðbekkur
Garðbekkur, þriggja sæta, gagnvarin fura.

Vnr. 0291421
Girðingar-einingar
1800x900 mm.

25% afsláttur

Vnr. 0291416
Girðingar-einingar
1800/900x900 mm.

25% afsláttur

Vnr. 0291415
Girðingar-einingar
1800x1800 mm.

25% afsláttur

GARÐVERKFÆRI 20%-40% SLÁTTUVÉLAR 20%-40% REIÐHJÓL 20%-50

40 DEMANTA-ARMBAND fékk Harry Potter-höfundurinn J.K. Rowling afhent sem þakkargjöf frá Warner Brothers, en yfirmenn kvikmyndasamsteypunnar vildu þakka Rowling almennilega fyrir að hafa leyft þeim að gera bækur hennar að kvikmyndaseríu.

James Franco á lausu

James Franco er einhleypur. Leikarinn hefur staðfest að fimm ára sambandi hans og leikkonunnar Ahna O'Reilly sé lokið, án þess þó að segja nákvæmlega hvenær leiðir þeirra skildu. „Sambandið er búið. Það stóð yfir í fjögur eða fimm ár. Við bjuggum saman í Los Angeles og fluttum síðan til New York til að fara í skóla í tvö ár. Svo skráði ég mig í frekara nám í Yale. Það var kornið sem fyllti mælinn hjá henni," sagði James í viðtali við karlatímaritið Playboy. James viðurkennir að hafa ekki verið nógu heppinn í kvennamálunum og þá sérstaklega þegar hann var í námi. „Ég held að stelpum hafi litist vel á mig en ég var vandræðalegur, feiminn og óþroskaður, svo ég átti ekki margar kærustur. Ég var í stuttum samböndum en var alltaf sagt upp, mögulega af því að ég var of mikið eftir á fyrir þær."

ÓHEPPINN Í ÁSTUM Leikarinn og sjarmatröllið James Franco er hættur með kærustu sinni til nokkurra ára. Hann segist ekki hafa verið heppinn í ástamálum hingað til.

Hrakti þjófa á brott á nærbuxunum

Brotist var inn til leikarans og leikstjórans Þorsteins Gunnars á dögunum. Þjófarnir náðu þó ekki að stela neinu, enda rak hann þá út með snarræði á nærbuxunum einum klæða.

„Þetta gerðist í hádeginu á sunnudegi. Ég hafði verið á árshátíð á laugardagskvöldið og var enn sofandi. Þar sem ég bý við Laugaveginn hafði ég sett í mig eyrnatappa til að sofa betur," segir leikstjórinn og leikarinn Þorsteinn Gunnar Bjarnason, sem lenti í þeirri óskemmtilegu lífsreynslu á dögunum að brotist var inn til hans um hábjartan dag. Þorsteinn var steinsofandi í hádeginu síðasta sunnudag þegar hann vaknar við hávaða. Hann rumskar og gengur fram á nærbuxunum einum klæða. „Þá stóðu tveir menn í hettupeysum á miðju gólfinu og voru að byrja á að taka saman dót. Ég gargaði á þá um leið og ég sá þá," segir Þorsteinn.

Mennirnir tóku á rás, en Þorsteinn telur þó ekki að hræðsla hafi rekið þá út. „Þeim brá örugglega við að sjá hálfnakinn nývaknaðan mann allt í einu koma fram, plokkandi eitthvað úr eyrunum á sér," segir hann. „Þegar þeir hlupu út voru ósjálfráð viðbrögð mín að hlaupa á eftir þeim. Ég var svo nývaknaður og ruglaður að ég áttaði mig ekki fyrr en ég var kominn út á Laugaveg að ég var varla að fara að gera mikið með því að elta tvo stóra innbrotsþjófa í miðbænum, berfættur á nærbuxunum. Þá áttaði ég mig, leit snöggt í kringum mig, tók um andlitið og hljóp aftur inn til mín."

Innbrotsþjófarnir náðu ekki að stela neinu að sögn Þorsteins. „En það mátti litlu muna og þetta hefði getað farið mun verr," segir hann. „Ég talaði svo strax við lögregluna. Þó að þessi uppákoma hafi verið kannski svolítið kómísk, meira að segja löggan gat ekki stillt sig um að hlæja, þá er ekki þægilegt að lenda í svona, og maður fær svolítið *sjokk* eftir á. Löggan sagði mér að það sé oftast brotist inn að degi til. Þjófarnir athuga hvort einhver sé heima og svo fara þeir inn og út á nokkrum mínútum."

Þorsteinn var því heppinn, en ferðatölvan hans stóð á eldhúsborðinu og í henni var meðal annars óklárað kvikmyndahandrit og sjónvarpsþáttur sem fer í tökur í ágúst. „Þetta hefði allt verið glatað," segir Þorsteinn. „En nú er ég hins vegar búinn að taka afrit af öllu saman og fá mér þjófavarnarkerfi í íbúðina!"

atlifannar@frettabladid.is

HEPPINN Ferðatölva Þorsteins sat á eldúsborðinu, en þjófunum tókst ekki að grípa hana með sér, frekar en annað. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

TILFINNINGANÆM Söngkonan Beyoncé Knowles grét yfir texta lagsins „Runaway“, en þar sýnir Kanye West á sér viðkvæmu hliðina.

Kanye snart Beyoncé

Beyoncé Knowles felldi tár yfir texta lagsins „Runaway“, en lagið gerði rapparinn Kanye West. Söngkonan grét þegar hún heyrði lagið, en þar sýnir Kanye á sér viðkvæmu hliðina. „Það að hann opinberi sársauka sinn, ruglinginn og reiðina, með engan fyrirfram skrifaðan texta, er svo áhrifamikið,“ sagði söngkonan í viðtali við tímaritið Complex. „Hann syngur frá hjartanu í fimm mínútur. Hann er svo berskjaldaður. Ég elska þegar listamenn geta verið hreinskilnir,“ bætti söngkonan við.

MÖMMUSTRÁKUR Móður Leonardos DiCaprio þótti kærasta sonarins, Blake Lively, tala of mikið um sjálfa sig og vildi ekkert með hana hafa. Leonardo hætti með Blake í kjölfarið.

Leo hætti með Blake fyrir mömmu

Leonardo DiCaprio er hættur með Blake Lively ef marka má slúðurmiðla vestanhafs. Ástæða sambandsslitanna ku vera móðir hans, Irmelin DiCaprio, en henni líkaði ekki vel við Gossip Girl-stjörnuna. Leonardo ákvað nýlega að kynna kærustuna fyrir móður sinni, en sagt er að þá hafi allt farið úrskeiðis. Blake var svo stressuð að hún gat ekki hætt að tala um sjálfa sig, Gossip Girl og hvernig það væri að vera fyrirsæta hjá tískurisanum Chanel. Stúlkan blaðraði og blaðraði alveg þar til Irmelin fékk nóg. Mömmustrákurinn Leonardo ákvað því að enda sambandið og skildi Blake eftir í öngum sínum.

Ömurlegur nágranni

Nágrannar Chris Brown eru allt annað en ánægðir með kappann, en þeir segja að Brown fái heimsóknir allan sólarhringinn og gestirnir séu allt annað en hljóðlátir. „Chris Brown er vægast sagt hrikalegur leigjandi. Hann fær gengið sitt í heimsókn seint á kvöldin. Hann er að gera alla hina leigjendurna brjálaða. Mikill meirihluti íbúanna er fagfólk sem vinnur á daginn, svo það er mikilvægt fyrir það að fá hvíld á nóttunni. Það reynist ansi erfitt með öll þessi læti,“ sagði innanbúðarmaður.

Börnin borða skordýr eins og snakk

Synir Angelinu Jolie borða engisprettur eins og Doritos-snakk. Hinn níu ára gamli Maddox og hinn sjö ára Pax borða skordýrin með bestu lyst, en báðir eru þeir ættleiddir synir Jolie.

„Þetta er uppáhaldið þeirra. Þeir borða þær eins og Doritos, og hætta hreinlega ekki. Þeim finnst þær eins og snakk,“ sagði leikkonan við sjónvarpsstöðina E!.

Engisprettur eru algengt góðgæti í Kambódíu, fæðingarstað Maddox, en það var einmitt þar sem drengirnir gæddu sér fyrst á skordýrunum. Angelina hefur sjálf viðurkennt að henni finnist kakkalakkar góðir og segir að það sé ekki margt sem hún hafi ekki prófað.

„Ég á eftir að smakka tarantúlur á pinna og köngulóasúpu. Ég veit ekki hvort ég geti pínt þetta loðna ofan í mig, en maður verður að prófa allt.“

VILL PRÓFA ALLT Angelina Jolie segir syni sína, Maddox og Pax, borða engisprettur með bestu lyst. Sjálfri finnst henni kakkalakkar algjört lostæti.

Pink prjónar

Söngkonan Pink er farin að prjóna. Hin nýbakaða móðir þurfti að taka sér frí frá tónlistarferlinum til þess að sinna átta vikna gamalli dóttur sinni, Willow Sage, en hún ákvað að læra að prjóna í fríinu. „Vinkona mín Kerri Kenney kenndi mér að prjóna í síðustu viku. Þessi trefill sem ég er að prjóna er svo góður að ég ætti bara að slá hana með honum. Beint í andlitið,“ sagði Pink á Twitter-síðu sinni.

Stökk upp og varði mann sinn með kjafti og klóm

Wendi Deng komst óvænt í sviðsljósið þegar hún stökk til varnar manni sínum, Rupert Murdoch, og barði mótmælanda. Wendi Deng er svo sannarlega konan bak við manninn.

Það efast enginn um að Wendi Deng sé með bein í nefinu eftir að hún stökk til varnar eiginmanni sínum, Rupert Murdoch. Deng hefur staðið eins og klettur við hlið eiginmanns síns í storminum i kringum News of the World-málið og sat á fremsta bekk í yfirheyrslunum yfir Murdoch fyrr í vikunni.

Þegar liðið var á yfirheyrsluna komst mótmælandi inn í salinn og reyndi að troða köku þakinni raksápu framan í Murdochs Deng var ekki lengi að stökkva upp úr sæti sínu með orðunum „I´ve got him“ eða „Ég hef hann“ og barði manninn niður og klíndi kökunni framan í hann. Upptaka af atvikinu byrjaði að ganga um netheimana og nokkrum mínútum seinna var Deng komin í sviðsljósið. Hópar hafa myndast á Facebook þar sem aðdáendur keppast við að hæla henni fyrir skjót viðbrögð og má þar lesa hvatningarorð, á borð við „You go girl“ og „Stand by your man“ eða „stattu þig stelpa“ og „stattu með manni þínum“.

„ÉG HEF HANN“

Wendi Deng fékk fjölmarga aðdáendur eftir að milljónir manna fylgdust með henni verja eiginmann sinn í beinni útsendingu eins og sést á myndinni hér fyrir ofan. Á myndinni hér til hliðar má sjá skötuhjúin á góðri stundu.

Fjörutíu ára aldursmunur er á Deng og Murdoch en hún er þriðja eiginkona fjölmiðlamógúlsins. Þess vegna hefur Deng verið sökuð um að vera gullgrafari og einungis á eftir peningunum. Hún kynntist Murdoch þegar hún var kynnir á sjónvarpsstöðinni Star TV í Hong Kong árið 1998. Ári seinna voru þau gift og eiga nú saman tvær dætur.

Deng er áhrifamikil innan fjölmiðlaveldis Murdoch og hans hægri hönd. Hún er menntuð í fjármálum frá Bandaríkjunum og helsti ráðgjafi Murdochs í þeim efnum.

Deng og Murdoch eru áberandi á rauða dreglinum og þykir hún sjaldan gera mistök í fatavali. Margar stjörnur eru í hennar vinahópi eins og leikkonurnar Rita Wilson og Nicole Kidman sem og auðkonan Ivanka Trump.

alfrun@frettabladid.is

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

ATTACK THE BLOCK	KL. 8 - 10	16
ZOOKEEPER	KL. 3.30 - 5.45	L
TRANSFORMERS 3 3D	KL. 5 - 10.20	12
TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS	KL. 5 - 8	12
BAD TEACHER	KL. 5.50 - 8 - 10.10	14
MR. POPPER´S PENGUINS	KL. 3.40 - 5.50	L
BRIDESMAIDS	KL. 8 - 10.40	12
KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D	KL. 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

HARRY POTTER 3D	KL. 5.20 - 7 - 8 - 10 - 10.40	12
ZOOKEEPER	KL. 5.45 - 8 - 10.15	L
BAD TEACHER	KL. 5.50 - 8 - 10.10	14

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

ZOOKEEPER	KL. 6 - 8	L
BRIDESMAIDS	KL. 5.50 - 8 - 10.10	12
ATTACK THE BLOCK	KL. 10 SÍÐASTA SÝNING	16

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
HARRY POTTER - 3D	5, 7.30 og 10(POWER)
BRIDESMAIDS	4
KUNG FU PANDA 2 - ISL TAL 2D	4, 6.30, 7.30, 9 og 10

SAMBÍÓIN







ÁLFABAKKA		
HARRY POTTER Sýnd í 3D	kl. 5.20 - 8 - 10.40	12
HARRY POTTER Sýnd í 2D	kl. 5.20 - 8 - 10.40	12
HARRY POTTER LUXUS VIP Sýnd í 2D	kl. 5.20 - 8 - 10.40	VIP
TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D	kl. 6 - 9.10	12
TRANSFORMERS 3 Sýnd í 2D	kl. 8 - 11:10	VIP
SUPER 8	kl. 10:20	12
THE HANGOVER 2	kl. 8	12
KUNG FU PANDA 2 M/ÍSL.TAL	Sýnd í 2D kl. 6	L
PIRATES OF THE CARRIBEAN 4	Sýnd í 2D kl. 5.15	10

AKUREYRI		
HARRY POTTER (3D)	kl. 6 - 9	12
TRANSFORMERS 3: DARK OF THE MOON	kl. 6 - 9	12

KEFLAVÍK		
HARRY POTTER DIGITAL-3D	kl. 8 - 10:40	12
TRANSFORMERS	kl. 8	12

EGILSHÖLL		
HARRY POTTER 3D	kl. 5.10 - 6.30 - 8 - 9.15 - 10.45	12
TRANSFORMERS 3 3D	kl. 5 - 8 -10.30	12
SUPER 8	kl. 8	12
MR. POPPER'S PENGUINS	kl. 5.45	L

KRINGLUNNI		
HARRY POTTER Sýnd í 3D	kl. 5.20 - 8 - 10.40	12
TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D	kl. 5:45 - 9	12
BEASTLY	kl. 6 - 10:20	10
SUPER 8	kl. 8	12

SELFOSS		
HARRY POTTER	kl. 8 - 10.40	12
MR POPPER'S PENGUINS	kl. 5:40 - 8	L
SOMETHING BORROWED	kl. 10.20	L

tryggðu þér miða á SAMbio.is

iPhone-iPad
Ljósmyndun fyrir alla

Námskeið með Harry Sandler

Grand Hótel Reykjavík, laugardaginn 23. júlí kl. 09-18

FocusOnNature sérhæfir sig í kennslu stafrænnar ljósmyndunar og ljósmyndavinnslu í hæsta gæðaflokki. FocusOnNature hefur staðið fyrir fjölda námskeiða og fyrirlestra hér á landi fyrir bæði íslenska og erlenda þátttakendur, atvinnumenn jafnt sem áhugamenn.

Námskeiðsgjald: kr. 11.800,- greiðist við innganginn.

Skráðu þig á námskeiðið á: skraning@focusonnature.is www.focusonnature.is

Dagskrá:

09.00	Kynning
09.15	Umræður um notkun og uppsetningu símans. Farið verður í skipulag í möppur, forrita upplausn og notkun á myndavélinni.
11.15	Hlé
11.30	Sýnikennsla á forritum
12.30	Hádegishlé
13.30	Umræður um forritin og hvernig þau virka
14.45	Hlé
15.00	Framhald um forritin og virkni þeirra
16.30	Hlé
16.45	Þátttakendur vinna með símana sína - einstaklingsaðstoð
17.45	Lokaspurningar og umræður

vodafone epli.is

FocusOnNature
alþjóðleg ljósmyndafræðsla á Íslandi

BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

Verðhrun

4 dagar eftir

Magnaðri útsölu lýkur á sunnudag

Hækkum afsláttinn í allt að:

87%

Bætum við vörum

Eldri vörur á rýmingarsölu

35%
KJÚKLINGASTANDUR
Verð áður 1.999
Útsöluverð 1.299

20%
PÖNNUKÖKUPANNA
Verð áður 4.999
Útsöluverð 3.999

50%
KÖKUFORM LAUSBOTNA
Verð áður 2.749
Útsöluverð 1.375

Þú sparar 8.980
GARMIN NUVI 1440
Verð áður 44.900
Útsöluverð 35.920

Þú sparar 3.000
Verð áður 10.990
Útsöluverð 7.990

Þú sparar 10.000
WEBER Q300
Verð áður 99.949
Útsöluverð 89.949

50%
Verð áður 5.990
Útsöluverð 2.990

87%
PIZZAGRILLBAKKI "16
Verð áður 9.999
Útsöluverð 1.300

Þú sparar 5.000
KÆLISKÁPUR
Verð áður 29.900
Útsöluverð 24.900

87%
EINNOTA VÍNGLÖS
Verð áður 999
Útsöluverð 130

Þú sparar 2.000
KAFFIVÉL
Verð áður 6.999
Útsöluverð 4.999

71%
EVA TRIO HITAKANNA
Verð áður 16.990
Útsöluverð 5.000

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

KOLBEINN SIGÞÓRSSON skoraði í sínum fyrsta leik í byrjunarliði Ajax en hann kom liðinu í 1-0 í 3-0 sigri á Bröndby í æfingaleik í Kaupamannahöfn í gærkvöldi. Kolbeinn lék sinn fyrsta leik með Ajax þegar hann kom inn á sem varamaður í 0-2 tapleik á móti þýska liðinu 1.FC Nürnberg á dögunum. Kolbeinn skoraði markið sitt á 37. mínútu með laglegum skalla eftir fyrirgjöf frá Miralem Sulejmani frá vinstri kanti.

JÓN ARNÓR STEFÁNSSON Fagnar nýjum þjálfara. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Jón Arnór um nýja þjálfarann:

Agi sem hefur ekki verið áður

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson er í landsliðshópi Peter Öqvist, landsliðsþjálfara karla í körfubolta, fyrir komandi Norðurlandamót í Sundsvall í Svíþjóð sem hefst um næstu helgi. Jón er ánægður með nýja þjálfarann.

„Við erum með okkar sterkasta lið og höfum verið að æfa mjög vel. Við erum í nýju prógrammi með nýjum þjálfara og höfum verið að gera þetta eins og maður þekkir þetta að utan. Við höfum verið að æfa tvisvar á dag og erum með gott styrktarprógramm," sagði Jón Arnór.

„Við erum mjög samstilltir og hann er að koma með sitt skipulag og aga inn í þetta sem hefur ekki verið áður. Við erum mjög vel stemmdir," sagði Jón Arnór. Fyrsti leikurinn er á móti Svíum á laugardaginn. - óój

Með mjög sterkar skoðanir

„Þeir verða að sýna og sanna að þeir eigi skilið að vera í Víkingsliðinu," eru skilaboð Bjarnólfs Lárussonar til leikmanna Víkings en hann tók við liðinu í gær og mun hafa annan Eyjamann, Tómas Inga Tómasson, sér til aðstoðar.

FÓTBOLTI Bjarnólfur Lárusson var í gær ráðinn eftirmaður Andra Marteinssonar í þjálfarastól Víkinga. Víkingar fengu aðeins 4 stig af 30 mögulegum í síðustu tíu leikjum sínum undir stjórn Andra og sitja í fallsæti þegar mótið er hálfnað. Víkingar fóru ekki langt eftir eftirmanni Andra því Bjarnólfur hefur verið að gera flotta hluti með 2. flokk félagsins.

„Þetta gerðist hratt og það er ákveðin herskylda í þessu að stíga upp og taka við liðinu úr því sem komið var. Ég hef ákveðið að tala ekki opinberlega um það sem hefur gerst hjá liðinu. Þetta er bara nýr kafli á tímabilinu sem ætlum að byrja ferskir á í dag. Það eru ellefu leikir fram undan og ég kvíði þessu verkefni ekki neitt," segir Bjarnólfur en hann segist þó aldrei hafa stefnt að því að verða þjálfari í efstu deild því honum hafi liðið vel með að þjálfa ungu strákana.

„Ég er búinn að vera í Víkingi síðustu tvö ár og hef fylgst vel með á hliðarlínunni. Ég þekki liðið sem hefur verið að spila og hef séð leikina. Ég kem með mjög sterkar skoðanir inn í þetta lið," segir Bjarnólfur en fram undan eru leikir við Þór og Stjörnuna en Víkingsliðið náði 4 af 7 stigum sínum í fyrri leikjunum á móti þessum liðum.

INNLEIÐA EYJABARÁTTUNA Bjarnólfur Lárusson (til hægri) og Tómas Ingi Tómasson eru teknir við Víkingsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bjarnólfur segir að sínar áherslur muni koma fljótt í ljós.

„Ég er rosalega ánægður með að fá Tómas Inga með mér í þetta. Við höfum unnið áður saman á knattspyrnuvellinum í Eyjum og þekkjumst vel. Ég treysti honum hundrað prósent og hann verður mér mjög mikilvægur," segir Bjarnólfur. Hann og Tómas Ingi voru meðal annars aðalmennirnir í liði ÍBV fyrir tíu árum sem tapaði Íslandsmeistaratitlinum á markatölu. „Það verður auðvelt fyrir okkur að innleiða Eyjabaráttuna í liðið," segir Bjarnólfur í léttum tón.

Hann ætlar ekki að bæta við leikmannahópinn. „Þeir sem eru í þessum hópi verða að sýna það og sanna að þeir eigi skilið að vera í Víkingsliðinu því annars er glugginn opinn."

ooj@frettabladid.is

GUÐJÓN BALDVINSSON KR-ingar fóru á kostum í fyrri leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Undank. Evrópudeildar UEFA:

KR-ingar mega tapa 1-4 í kvöld

FÓTBOLTI KR og FH verða bæði í eldlínunni í undankeppni Evrópudeildarinnar í kvöld þegar seinni leikir liðanna fara fram. KR náði frábærum úrslitum í fyrri leik sínum á móti MSK Zilina á KR-vellinum (3-0 sigur) og FH-ingar eiga líka enn möguleika eftir 1-1 jafntefli á móti CD Nacional í fyrri leik liðanna í Kaplakrika.

KR-ingar hafa þrjú mörk í farteskinu til Slóvakíu og mega sem dæmi tapa leiknum í kvöld 1-4. Það þarf því mikið að gerast ætli KR-liðið að missa af möguleikunum að mæta annaðhvort FCDinamo Tbilisi frá Georgíu eða LlanelliAFC frá Wales í 3. umferðinni.

FH-ingar eru ekki í eins góðri stöðu en þeir mæta CD Nacional á eyjunni Madeira en sigurvegarinn mætir annaðhvort Häcken frá Svíþjóð eða Honka frá Finnlandi í 3. umferðinni. Leikur KR hefst klukkan 17.30 að íslenskum tíma en leikurinn í Portúgal hefst klukkan 18.45. - óój

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 11-1614

PLÁSTUR
Á FRAMRÚÐUNA

Þú getur bjargað framrúðunni

Ef þú færð stein í framrúðuna og hún skemmist getur þessi litli plástur bjargað rúðunni. Með því að setja rúðuplásturinn **strax** á skemmdina aukast líkurnar á því að **hægt sé að gera við rúðuna þér að kostnaðarlausu.**

Viðskiptavinir Sjóvá fá ókeypis plástur á framrúðuna í útibúum okkar um land allt.

Nánari upplýsingar á **sjova.is/plastur**

SJÓVÁ

SÁU UM MÖRKIN Kristinn Jónsson og Steindórsson fagna hér Dylan Macallister eftir fyrra markið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Breiðablik bjargaði andlitinu og vann Rosenborg 2-0:

Frábær leikur Blika

FÓTBOLTI Breiðablik vann sinn fyrsta leik í Evrópukeppni gegn norska liðinu, Rosenborg, 2-0, í síðari leik liðanna í undankeppni Meistaradeildar Evrópu í gær. Rosenborg vann fyrri leikinn 5-0 og því fara Norðmennirnir áfram í þriðju umferð.

Gríðarlegur munur var á leik Blika í gær og það sem fótboltaáhugamenn hafa séð frá liðinu að undanförnu og líklega einn besti leikur Breiðabliks í sumar. Dylan McAllister (28. mínútu) og Kristinn Steindórsson (82. mínútu) gerðu mörk Blika.

„Ég er stoltur af strákunum, en við settum okkur það markmið að vinna leik í Evrópukeppni á þessu ári og það tókst," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir sigurinn í gær.

„Það var annað að sjá til liðsins í kvöld og menn hysjuðu aðeins upp um sig buxurnar. Menn tóku vel til í eigin þankagangi og fóru með gott hugarfar út á völlinn. Það dundu á okkur ósköpin fyrir fyrri leik liðanna og því hef ég þurft að breyta uppstillingunni á varnarmönnum mínum í undanförnum leikjum, en þetta gekk vel í kvöld. Það hefur algjöran forgang hjá okkur núna að koma liðinu í Evrópukeppni á næsta ári," sagði Ólafur.

„Ef ég á að vera hreinskilinn þá er ég virkilega vonsvikinn með mína menn," sagði Jan Jönsson, þjálfari Rosenborg, eftir leikinn.

„Ég vil samt ekki vera of neikvæður þar sem liðið er að spila mikilvægan deildarleik um helgina. Leikmennirnir viðurkenndu fyrir mér inn í klefa áðan að sumir voru að spara sig og vildu ekki eyða of mikilli orku í kvöld. Mínir leikmenn hafa verið að spila stíft síðan í janúar og vildu hvíla lúin bein í kvöld".

„Leikurinn í Noregi var mikil vonbrigði en við ákváðum að spila fyrir stoltinu í kvöld," sagði Dylan McAllister, markaskorari Blika, eftir sigurinn.

„Leikmenn liðsins voru mun afslappaðri í kvöld og við sýndum mikið sjálfstraust í okkar leik. Boltinn gekk vel á milli manna allan leikinn og liðið sýndi loksins góðan fótbolta. Rosenborg er með frábært lið og því góð úrslit fyrir klúbbinn að sigra norsku meistarana 2-0. Þetta tapaðist í raun í Noregi og ég held að leikmenn Rosenborg hafi ætlað sér bara að koma hingað í frí, en við refsuðum þeim." - sáp

Ertu klár fyrir Verslunarmannahelgina?

RIGNINGIN ER GÓÐ

SJÓMANNA

BAKPOKI

ÁÐUR: 8.800 kr. **NÚ: 5.720 kr.**

~40%

afsláttur

af léttum sjófatnaði fyrir Verslunar-mannahelgina

66° NORÐUR

66north.is

ÞÓR

HATTUR

ÁÐUR: 5.900 kr. **NÚ: 3.540 kr.**

FLATEY anorak

ÁÐUR: 11.380 kr.
NÚ: 6.820 kr.

FLATEY buxur

ÁÐUR: 9.200 kr.
NÚ: 5.520 kr.

FREYR anorak

ÁÐUR: 7.530 kr.
NÚ: 4.580 kr.

FREYR buxur

ÁÐUR: 7.810 kr.
NÚ: 4.680 kr.

T-Sigg

FLÖSKUR

ÁÐUR: 3.300 kr. **NÚ: 2.310 kr. (0.6 L)**
ÁÐUR: 3.900 kr. **NÚ: 2.730 kr. (1 L)**

ÞÓR

TJALD

1 - 2 manna tjald

- **Stærð:** 110 x 220 x 100 cm
- **Þyngd:** 2,0 kg
- 5.000 mm vatnsheldni, 10.000 mm vatnsheldni í botni.
- Nylon rip stop, með silicon húð, sem andar vel

ÁÐUR: 25.200 kr. **NÚ: 17.640 kr.**

FAXAFENI 12: Mán. - fös. 8 - 18 I Lau. 11 - 16 **GLERÁRGATA 32, 600 Akureyri** Mán.- fös. 10 -18 I Lau. 10-16 I Sun. 10-16
MIÐVANGUR 13, 700 Egilsstaðir Mán. - sun. 10-19

SPARAÐU MEÐ EURO SHOPPER
SPARAÐU Í BÓNUS

VANILLU ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 120 ML
498 KR. 8 STK.

VANILLU ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 60 ML
398 KR. 12 STK.

VANILLU ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 120 ML
298 KR. 3 STK.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

8 KAREN SÆVARSDÓTTIR er sá kylfingur sem oftast hefur unnið Íslandsmótið í höggleik eða átta sinnum og það átta ár í röð.

ÚR LEIRUNNI Völlurinn er í frábæru ástandi fyrir Íslandsmótið í höggleik. Þó er lítið um karga enda hefur veðrið ekki verið upp á það besta í sumar.

Veðrið gæti sett stórt strik í reikninginn

Íslandsmótið í höggleik fer fram í Leirunni á Suðurnesjum um helgina. Erfitt að spá fyrir um úrslitin segir fjórfaldur meistari.

Íslandsmótið í höggleik fer fram í Leirunni á Suðurnesjum um helgina. Ljóst er að nýr Íslandsmeistari verður krýndur í karlaflokki því titilhafinn, Birgir Leifur Hafþórsson, verður fjarri góðu gamni sem og hinn gamalreyndi Björgvin Sigurbergsson, sem hefur unnið titilinn fjórum sinnum.

„Við gömlu jálkarnir getum ekki verið að bera þetta uppi ár eftir ár," segir Björgvin hlæjandi.

Björgvin verður ekki alveg laus við mótið í ár því hann hefur verið að þjálfa hjá Golfklúbbnum Keili og verða lærlingar hans meðal keppenda í ár.

Björgvin segir erfitt að spá hvaða kylfingur muni standa uppi sem sigurvegari í ár, bæði í karla og kvennaflokki. Hann segir að í karlaflokki sé fullt af ungum kylfingum að koma upp þar á meðal Haraldur Franklín Magnús GR, Axel Bóasson GK, Guðmundur ÁgústsKristjánsson GR, Rúnar Arnórsson GK og Arnar Snær Hákonarson GR.

„Ef Birgir Leifur hefði verið með hefði ég veðjað á hann en ætli Ólafur B. Loftsson, hinn gamli jálkur, komi ekki sterkur inn og taki þetta," segir Björgvin. „En ætli það fari ekki eftir dagsforminu og hver þeirra kemur í besta skapinu hver stendur uppi sem sigurvegari."

Allir sterkustu keppendurnir í kvennaflokki verða með í ár nema Nína Björk Geirsdóttir úr Golfklúbbnum Kili. Tinna Jóhannsdóttir úr Keili, sem á titil að verja, verður að teljast sigurstrangleg en hún hefur unnið öll þau mót sem hún hefur tekið þátt í í Eimskipamótaröðinni.

„Tinna er náttúrulega sterk en það er spurning hvað hinar stelpurnar gera," segir Björgvin.

„Ég myndi ætla að sú sem verður við par vallarins vinni en strákarnir ættu að geta verið undir parinu. Sá sem verður tvo undir að meðaltali vinnur sennilega," segir Björgvin. „En svo má ekki gleyma því að mótið er í Keflavík og veðrið getur sett stórt strik í reikninginn. Stórir og stæltir menn hafa fokið þarna svo ef það fer að blása getur þetta orðið erfitt."

kristjan@frettabladid.is



ÍSLANDSMEISTARARNIR 2010 Birgir Leifur Hafþórsson og Tinna Jóhannsdóttir urðu Íslandsmeistarar í höggleik í fyrra. Birgir Leifur verður ekki með í ár en Tinna verður að teljast sigurstrangleg. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Völlurinn í frábæru standi

Kylfingarnir hafa spilað æfingahringi á Leirunni síðustu daga og segir Björgvin að völlurinn sé í góðu standi.
„Völlurinn er frábær, flatirnar eru góðar en það hefur sett strik í reikninginn hvað sumarið var lélegt framan af og hvað það hefur verið þurrt upp á síðkastið. Fyrir vikið er lítið röff og kylfingar þurfa ekki endilega að vera beinir. Þeir þurfa aðallega að reyna að staðsetja sig fyrir innáhöggið."

Hollráð Hinna

Að vera tilbúinn

Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, er hér með smá hugleiðingar sem hann kallar „Að vera tilbúinn". Hann segir hugleiðingarnar hafa komið upp í Meistaramóti GR en eigi einnig við í daglegum leik.

Að vera tilbúinn:
Alltof algengt er að sjá kylfinga spila golf hugsunarlaust. Sem dæmi er of algengt þegar beðið er eftir holli fyrir framan á teig að kylfingar bíða og gera ekkert til þess að vera tilbúnir þegar þeir geta slegið. Þá loksins er spurt „hver á teiginn?" og farið er að velja kylfu og koma sér á teig. Kylfingar eiga að sjálfsögðu að vera tilbúnir þegar komið er að því að slá, búnir að tía upp boltann og allt klárt. Þetta ættu kylfingar að hafa í huga allan hringinn. Til dæmis þegar beðið er eftir flötinni eiga kylfingar að standa hver hjá sínum bolta (ef aðstæður leyfa) og sá sem á leik því tilbúinn þegar flötin tæmist.
Að hafa hugfast þegar tekið er þátt í mótum:
Þegar fólk skoðar úrslit móta á golf.is þá sést alltaf töluvert af frávísunarvítum sem byggja á Reglu 6-6b „Undirritun skorkorts og því skilað" en hún hljóðar þannig; Að lokinni umferð ætti keppandinn að fara yfir skor sína á hverri holu og gera út um vafaatriði með nefndinni. Hann verður að ganga úr skugga um að skrifarinn eða skrifararnir hafi undirritað skorkortið, undirrita það sjálfur og afhenda nefndinni það, eins fljótt og unnt er. Algengast er að kylfingar gleymi að skrifa undir kortið og fái því frávísun. Spurningin er hins vegar, hvað er að skila skorkorti eins fljótt og unnt er? Ástæðan fyrir þessari hugleiðingu er sá leiðinlegi ávani kylfinga sem koma inn eftir hring í móti og byrja á að panta sér mat og drykk, setjast inn í sal, borða og eftir það skila skorkortinu. Þetta er að mínu viti ekki að skila eins fljótt og unnt er og virkilega spurning hvort kylfingar séu hreinlega ekki búnir að skapa sér frávísunarvíti með þessu framferði?

EIMSKIPS MÓTARÖÐIN

Allir í Leiruna!

Sjáðu sterkustu kylfinga landsins á Íslandsmótinu í höggleik 21.–24. júlí.

Eimskipsmótaröðin er í fullum gangi og nú stendur yfir Íslandsmótið í höggleik. Það er haldið í Leirunni, golfvelli Golfklúbbs Suðurnesja, fram á sunnudag, 24. júlí. Á þessum glæsilega velli munu flestir af sterkustu kylfingum landsins berjast um Íslandsmeistaratitilinn og glæsileg verðlaun frá Eimskip.

Komdu og sjáðu spennandi keppni, frábær tilþrif og taktu þátt í skemmtilegu happdrætti með glæsilegum vinningum. Sjáumst í Leirunni.

Aðgangur er ókeypis!

TAKTU ÞÁTT

HAPPDRÆTTISMIÐINN ÞINN

Nafn _____

Netfang _____

Símanúmer _____

Auktu spennuna og taktu þátt í skemmtilegu happdrætti.
Það eina sem þú þarft að gera er að fylla þennan miða út og skila honum í þar til gerðan kassa á mótsstað. 10 frábærir vinningar verða dregnir út á sunnudeginum.

- **1 x** 50.000 kr. gjafabréf frá Úrvali-Útsýn upp í golfferð í haust eða vor
- **1 x** Skemmtilegar golfbækur (Viðbúin/tilbúin golf, Berskjölduð á fyrsta teig og myndskreytt golfreglubók)
- **2 x** Sveiflugreining frá PróGolf
- **2 x** Púttgreining frá PróGolf
- **2 x** Titleist golfboltar NXT
- **2 x** DVD golfkennsla og Eimskipsmótaröðin 2010 á DVD

FÍTON / SÍA

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

> Cameron Diaz

„Treystu mér, þú getur komið þér í vandræði sem sextán ára unglingur í erlendu landi ef enginn fullorðinn segir þér hvenær þú átt að koma heim."

Cameron Diaz leikur í gamanmyndinni There's Something About Mary, sem segir frá manni sem ræður njósnara til að hafa uppi á hinni sjarmerandi Mary og er myndin sýnd á Stöð 2 bíói kl. 16.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ HALLFRÍÐUR ÞÓRA TRYGGVADÓTTIR SETTI SIG Í SPOR NÓRU HELMER

Lengi lifi Útvarpsleikhúsið!

Leikritalestur hefur fylgt Ríkisútvarpinu frá stofnun þess árið 1930 og get ég fullyrt að flestir Íslendingar hafi hlustað á eða í það minnsta heyrt óm af útvarpsleikriti. Þetta sumarið er Útvarpsleikhúsið með þáttaröðina Skapalón á dagskrá. Í hverjum þætti er tekið fyrir eitt leikrit úr leiklistarsögunni og með viðfangsefni og merkingum þess er dregin upp forvitnileg mynd af samtímanum.

Síðasta þriðjudagskvöld var kveikt, fyrir tilviljun, á Ríkisútvarpinu heima hjá mér og þegar ég heyrði að Útvarpsleikhúsið var að hefjast, settist ég niður og hlustaði á ansi forvitnilega nálgun á leikverkinu Brúðuheimilinu eftir Henrik Ibsen.

Leikritið segir frá baráttu aðalpersónunnar, Nóru Helmer, fyrir aukinni virðingu. Henni finnst komið fram við sig líkt og brúðu af eiginmanni sínum og fer að lokum frá honum og börnum sínum. Á nítjándu öld var allt annað viðhorf til ástarsambanda og stöðu kvenna en er í dag. Verkið olli því miklu fjaðrafoki og skömmu eftir frumsýningu í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn árið 1879 mátti ekki minnast á það í betri boðum.

Í þættinum bregður Saga Garðarsdóttir sér í hlutverk Nóru og við spurningum hennar lesa leikarar Götuleikhúss Hins hússins svör af umræðuvefsíðunni Barnalandi, sem gefur góða tengingu við nútímann. Einnig er rætt við Hafliða Kristinsson hjónabandsráðgjafa og Trausta Ólafsson leiklistarfræðing. Með þessum þætti fékkst góð heildarmynd af leikverkinu og nálgunin tengdi efni þess á áhugaverðan hátt við nútímann. Lengi lifi Útvarpsleikhúsið!

RÚV

15.10 Golf á Íslandi (6:14) (e)
15.40 Tíu fingur (12:12)
16.40 Leiðarljós
17.20 Dýraspítalinn (10:10)
17.50 Geymslan
18.20 Táknmálsfréttir
18.30 Komdu að sigla (4:5)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Grillað (2:8) Matreiðslumennirnir Völundur Snær Völundarsson, Sigurður Gíslason og Stefán Ingi Svansson töfra fram girnilegar krásir.
20.10 Drottningarfórn (1:3) (Drottningoffret) Elizabeth Meyer og Charlotte Ekeblad ætla sér að ná völdum aftur fyrir sósíaldemókrata í Svíþjóð, en flokksformaðurinn Meyer þarf vernd leyniþjónustunnar vegna hótana nýnasista og glímir þar að auki við alsheimer.
21.10 Sönnunargögn (4:13) (Body of Proof) Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Glæpahneigð (Criminal Minds IV).
23.10 Þrenna (4:8)
23.40 Fréttir (e)
23.50 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Land of the Lost
10.00 There's Something About Mary
12.00 Strangers, The
14.00 Land of the Lost
16.00 There's Something About Mary
18.00 Strangers, The
20.00 The Things About My Folks
22.00 Getting Played
00.00 Loving Leah
02.00 Trading Places
04.00 Getting Played
06.00 When In Rome

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors (74:175)
10.15 Sjálfstætt fólk
11.00 The Mentalist (5:23)
11.45 Gilmore Girls (4:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Copying Beethoven
14.45 The O.C. 2 (19:24)
15.30 Sorry I've Got No Head
16.00 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.06 Veður
19.15 Two and a Half Men (3:24)
19.35 Modern Family (24:24)
20.00 Grillskóli Jóa Fel (6:6)
20.35 The Amazing Race (10:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en allir hafa það sameiginlegt að vilja sigra.
21.20 NCIS (24:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
22.05 Fringe (22:22)
22.50 The Whole Truth (4:13)
23.30 Rizzoli & Isles (10:10)
00.15 Damages (9:13)
01.00 Hellboy II: The Golden Army
02.55 Copying Beethoven
04.35 The Mentalist (5:23)
05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

17.50 Into the Wind Stórmerkileg mynd um stutta ævi Terry Fox, sem greindist með krabbamein 18 ára og missti í kjölfarið hægri fót við hné. Hann gafst ekki upp og þremur árum síðar hljóp hann þvert yfir Kanada frá austurströndinni til Kyrrahafsstrandarinnar. Þegar tveir þriðju leiðarinnar voru að baki greindist hann aftur með krabbamein sem hafði dreift sér í lungun. Hann dó aðeins 22 ára. Það er körfuboltastjarnan Steve Nash sem leikstýrir myndinni.
18.45 Pepsi-mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
20.00 Símamótið Sýnt frá Símamótinu í Kópavogi þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki. Það eru stelpur í 5., 6. og 7. flokki sem keppa á Símamótinu og sýna snilldartilþrif. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.
20.40 Herminator Invitational 2011 Sýnt frá stórskemmtilegu góðgerðargolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum. Fjölmargir þekktir kappar taka þátt í mótinu.
21.25 Indonesian Open Útsending frá Indonesian Open-golfmótinu.
23.55 OneAsia Tour - Highlights

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Undanúrslit Útsending frá leik í undanúrslitum í Copa America 2011.
18.15 Premier League World Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
18.45 Undanúrslit Útsending frá leik í undanúrslitum í Copa America 2011.
20.30 Undanúrslit Útsending frá leik í undanúrslitum í Copa America 2011.
22.15 Season Highlights 2001/2002 Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
23.10 Patrick Kluivert Patrik Kluivert var frábær leikmaður og sýndi það og sannaði á knattspyrnuvellinum. Við fáum að kynnast þessum hollenska leikmanni betur og ferill hans skoðaður ofan í kjölinn.
23.35 Undanúrslit Útsending frá leik í undanúrslitum í Copa America 2011.

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.40 Dynasty (12:28)
17.25 Rachael Ray
18.10 My Generation (4:13) (e)
19.00 Real Housewives of Orange County (3:17) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
19.45 Whose Line is it Anyway? (26:39).
20.10 Rules of Engagement (11:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp. Timmy aðstoðar Russel við að spara aurinn eftir að kreditkortum hans er lokað.
20.35 Parks & Recreation (11:22).
21.00 Running Wilde (7:13).
21.25 Happy Endings (7:13) Bandarískir gamanþættir. Alex og Dave eru par sem eiga frábæran vinahóp. Vinahópurinn veltir fyrir sér hvenær heimsendaspár rætast um uppvaskninga eftir að hafa horft á hryllingsmynd. Í kjölfarið ákveður Dave að segja starfi sínu lausu og opna veitingastað.
21.50 Law & Order: Los Angeles (18:22)
22.35 Parenthood (13:13) (e)
23.20 Royal Pains (13:13) (e)
00.05 In Plain Sight (3:13) (e)
00.50 CSI (8:23) (e)
01.35 Smash Cuts (14:52) (e)
02.00 Law & Order: LA (18:22) (e)
02.45 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
07.25 Golfing World
08.15 Opna breska meistaramótið 2011 (3:4)
17.45 Golfing World
18.35 Inside the PGA Tour (29:42)
19.00 RBC Canadian Open (1:4)
22.00 Golfing World
22.50 US Open 2000 - Official Film
23.50 ESPN America

EXTRA

19.45 The Doctors (153:175)
20.30 In Treatment (39:43) .
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.45 Hot In Cleveland (1:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar óvænt í Cleveland og vinkonurnar ákveða að dvelja þar um tíma og hefja nýtt líf. Þær leigja sér hús en því fylgir lífleg og skemmtileg manneskja sem er leikin af hinni frábæru Betty White.
22.10 Cougar Town (1:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs.
22.35 Off the Map (7:13)
23.20 Ghost Whisperer (19:22)
00.05 True Blood (1:12)
00.55 In Treatment (39:43)
01.20 The Doctors (153:175)
02.00 Fréttir Stöðvar 2
02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Jóhannes Stefánsson og Leifur Kolbeinsson, veitingamenn í Kolabrautinni í Hörpu.
21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur Fimmti þáttur um undirstöðuatvinnuveginn. Gestur er Árni Bjarnason, formaður FFSÍ.
21.30 Kolgeitin Sigtryggur Baldursson fær gesti til sín og fjallar um íslenska tónlist.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

Taktu þátt
í Lukkulífi VITA
Tyrkland 26. júlí til 6. ágúst

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfarardag og lengd ferðar en upplýsingar um gististað berast þér síðar.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

TYRKLAND
Bodrum
Vinsælasti sólarstaðurinn í Tyrklandi

104.300 kr.* og 15.000 Vildarpunktar
Flug og gisting m/hálfu fæði miðað við 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
*Verð án Vildarpunkta 114.300 kr.

65.000 kr.* og 15.000 Vildarpunktar
Flug fram og til baka.
*Verð án Vildarpunkta 75.000 kr.

VITA er lífið
VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLEN SKA SIA.IS VIT 55781 07/11

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Grillskóli Jóa Fel

Það er komið að sjötta og síðasta þættinum að sinni með Jóa Fel og að þessu sinni býður hann upp á sjóðheitar vefjur með ribeye-nautasteik, ekta stóran hamborgara og heilgrillaðan kjúkling.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Heimsmenning á hjara veraldar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Fáni og flattur þorskur **19.40** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Landið í þér **23.20** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

08.50 New Tricks **09.40** EastEnders **10.10** Fawlty Towers **10.40** Deal or No Deal **11.15** Deal or No Deal **11.50** Deal or No Deal **12.30** New Tricks **13.20** New Tricks **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.30** Deal or No Deal **16.05** Fawlty Towers **16.35** ‚Allo ‚Allo! **17.00** ‚Allo ‚Allo! **17.30** Jane Eyre **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** QI **00.20** QI **00.50** Little Britain **01.20** My Family

DR 1

11.15 Bag kulisserne i Zoo **11.45** Et rigtigt cirkusliv **12.15** Forandring på vej **12.45** Kender du typen **13.15** Aftenshowet Sommer **14.00** Byggemand Bob **14.15** Hyrdehunden Molly **14.30** Fandango med Sine **15.00** Miss Marple **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **17.45** Sommervejret **18.00** Sporløs **18.30** 90'erne tur retur **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2011 **20.00** Vore Venners Liv **21.00** Blod, sved og T-shirts **22.00** Trekant **22.30** Min italienske drøm **04.00** Rasmus Klump

NRK 1

11.05 Drømmehaver. Drømmehager **11.35** Lisa goes to Hollywood **12.05** Telefontider **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Svenske hemmeligheter **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Mat i Norden **18.00** Store leker **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Skishow på sommerføre **20.45** Glimt av Norge **21.00** Kveldsnytt **21.15** Ein idiot på tur

svt1

10.00 Sommarpratarna **11.00** Minnenas television **11.55** K-märkt form **12.00** Golf **14.00** Rapport **14.05** Golf **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Golfar med djur **17.15** Flugor **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Svaleskär **18.30** Mitt i naturen **19.00** Sagolandet **22.00** Min bebis är en supermodell **22.50** Allsång på Skansen **23.50** Rapport **23.55** The Tudors **00.45** Rapport **00.50** Undercover Boss **01.35** Rapport **01.40** Dieternas kamp **02.25** Rapport

ÚTILÍF

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TJÖLDUM

GILDIR FRAM AÐ VERSLUNARMANNAHELGI

HÉR ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU Í TJALDALANDI ÚTILÍFS VIÐ HLIÐINA Á TBR-HÖLLINNI VIÐ GLÆSIBÆ.



TILBOÐ: 22.990 / 27.990 KR.
HIGH PEAK COMO 4 OG 6 MANNA
Tvískipt innratjald með fortjaldi á milli. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 190/200 cm.
ALMENNT VERÐ: 32.990 / 39.990 KR.

TILBOÐ: 38.490 KR.
HIGH PEAK ANCONA 5 MANNA
Rúmgott fjölskyldutjald. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. Dúkur í fortjaldi. 2 inngangar. Hæð 200 cm.
ALMENNT VERÐ: 54.990 KR.

TILBOÐ: 69.990 KR.
ACADIA 5-7 MANNA
Rúmgott fjölskyldutjald með áföstum gólfdúk. Auðvelt í uppsetningu miðað við stærð. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 190 cm.
ALMENNT VERÐ: 99.990 KR.

TILBOÐ: 20.990 KR.
HIGH PEAK IKARIA 4 MANNA
Braggatjald með áföstum dúk. Stöðugt í vindi. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 130 cm.
ALMENNT VERÐ: 29.990 KR.

TILBOÐ: 11.890 KR.
HIGH PEAK NEVADA 3 MANNA
Sigilt 3 manna kúlutjald með fortjaldi. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 120 cm.
ALMENNT VERÐ: 16.990 KR.

TILBOÐ: 13.990 / 16.790 KR.
HIGH PEAK CAVE 2 OG 3 MANNA
Göngutjald sem er auðvelt í uppsetningu og aðeins 2,9 kg. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Fíbersúlur. Hæð 90 cm.
ALMENNT VERÐ: 19.990 / 23.990 KR.

TILBOÐ: 38.490 KR.
THE NORTH FACE TADPOLE 2 MANNA
Létt göngutjald 2,4 kg. Vatnsvörn 1.500 mm taffeta. Botn 5.000 mm taffeta. Álsúlur. Hæð 100 cm.
ALMENNT VERÐ: 54.990 KR.

TILBOÐ: 45.490 KR.
HIGH PEAK DENALI 3 MANNA
Göngutjald með góðu fortjaldi. Vatnsvörn 4.000 mm. Botn 5.000 mm. Álsúlur. Hæð 120 cm. Þyngd 4,35 kg.
ALMENNT VERÐ: 64.990 KR.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF



Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu

SUMARDAGAR
Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.

Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

FÉSBÓKIN

„Hærra verð á lambakjöti mun draga dilk á eftir sér ...“

Halldór Högurður blandar sér í eldheita umræðu um verðhækkanir á lambakjöti.

Uppvakningar kynna land og þjóð

„Ég hef mjög gaman af því að teikna *zombía* og hef verið mikið *zombí*-nörd lengi,“ segir Hugleikur Dagsson, en hann myndskreytti bókina Zombie Iceland eftir Nönnu Árnadóttur og kemur sagan út í dag.

Hugleikur segir bókina fjalla um ungt fólk í Vesturbænum í Reykjavík sem þarf að bregðast við innrás uppvakninga, eða eins og Hugleikur kallar þá: *zombía*. „Það má segja að sagan sé hefðbundið *zombía*-ævintýri eins og við þekkjum úr bíómyndunum, þegar hinir dauðu byrja að ganga og bera með sér þennan smitvírus,“ segir Hugleikur. Hann segir einnig að bókin sé góð landkynning, en hún er skrifuð á ensku.

„Bókin er túristabók á ensku, ætluð alþjóðlegum markaði. Á flestum síðum bókarinnar eru neðanmálsgreinar sem útskýra eitthvað alíslenskt sem kemur fram í sögunni, eins og skyr og lopapeysur og svo framvegis. Það er meira að segja neðanmálsgrein um Örn Árnason,“ segir Hugleikur og kveðst virkilega ánægður með bókina, en það er bókaforlag hans Ókei bæ-kur sem gefur söguna út. „Við fórum líka í samstarf við Gogoyoko en bókinni fylgir lagalisti sem ein aðalpersónan í bókinni bjó til. Þetta eru lög sem aðalpersónan hlustar á þegar hún er að berjast við *zombía*. Á þessum lagalista má finna bestu lögin í íslenskri tónlist,“ segir Hugleikur, og bætir við að hljómsveitirnar Hjaltalín, Retro Stefson, Múm, Agent Fresco og FM Belfast eigi sín lög á listanum.

Aðstandendur bókarinnar halda útgáfupartí á Bakkusi á morgun og hvetur Hugleikur fólk til þess að mæta í búningi. „Þeir þrír sem mæta í flottasta *zombí*-búningnum fá gefins bók.“ - ka

MYNDSKREYTTI TÚRISTABÓK UM ZOMBÍA Hugleikur Dagsson myndskreytti bók Nönnu Árnadóttur, Zombie Iceland, en bókin er ætluð erlendum ferðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR AF FÓLKI

Skipuleggjendur Iceland Airwaves kynntu í gær fleiri listamenn sem koma fram á hátíðinni. **Yoko Ono** er á leið aftur til landsins með hljómsveit sína The Plastic Ono Band, en þau spiluðu einnig á hátíðinni í fyrra.

Kanadíski Polaris-verðlaunahafinn Owen Pallett er á dagskránni sem og Glasser frá Los Angeles, hinir bresku Zun Zun Egui og indírokksveitin Other Lives frá Bandaríkjunum.

Íslensku hljómsveitirnar láta sig heldur ekki vanta á Airwaves í ár. **GusGus** er búið að boða komu sína sem og hljómsveitirnar For a Minor Reflection, Sykur og Vicky.

Einnig spilar Kippi Kaninus úr Amiinu og Mógil. Nú hafa um 70 listamenn og hljómsveitir verið staðfestar á hátíðina, en listinn verður ekki endanlega ljós fyrr en í ágúst.

TÓNELSK FJÖLSKYLDA Litli Magnús Mouritz hefur ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana enda foreldrarnir Bryndís Jakobsdóttir og Mads Mouritz sem skipa saman dúettinn Song for Wendy. Afinn er svo Stuðmaðurinn Jakob Frímann Magnússon og amman engin önnur en Ragnhildur Gísladóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BRYNDÍS JAKOBSDÓTTIR: SPENNANDI TÍMAR FRAM UNDAN

KOMST INN Í EFTIRSÓTT NÁM Í KAUPMANNAHÖFN

„Þetta kom mér mjög á óvart og ég bjóst engan veginn við því að komast inn,“ segir tónlistarkonan Bryndís Jakobsdóttir sem komst á dögunum inn í The Royal Danish Academy of Music í lagasmíði. Milli 150 og 200 sóttu um námið en aðeins fimm komust að.

„Ég var á leiðinni í sálfræði í haust og sótti um lagasmíðina til að prófa, en ég vissi að það væri erfitt að komast inn,“ segir Bryndís sem búsett er í Kaupmannahöfn ásamt kærasta sínum Mads Mouritz, og Magnúsi, sex mánaða syni þeirra.

Bryndís er þessa dagana stödd í fríi á Íslandi og nýtir tímann til að leggja lokahönd á plötu dúettsins Song for Wendy, sem skipaður er henni og Mads. Platan á að koma út með haustinu en þau leita nú að heppilegri útgáfu til að gefa hana út.

„Þegar ég var ólétt í fyrrasumar vorum við dugleg að fara upp í sumarbústað hérna á Íslandi og semja saman. Að lokum vorum við komin með efni í heila plötu og vissum í raun ekkert hvað við áttum að gera við það,“ segir Bryndís en skötuhjúin drifu sig í tónleikaferðalag um Danmörku í kjölfarið og þau ákváðu að taka upp lögin í leiðinni.

„Það er svo auðvelt og lítill kostnaður þegar við erum bara tvö saman í hljómsveit. Við tókum bara lestina og ferðuðumst á milli,“ segir Bryndís sem var ólétt í ferðalaginu og hélt síðustu tónleikana komin viku fram yfir settan dag. „Ég fór alveg tvær vikur fram yfir settan fæðingardag, svo þetta var allt í góðu og bara fínt að stytta biðina eftir barninu með tónleikahaldi.“

Aðspurð hvort það taki ekki á að búa saman og vinna saman eins og Bryndís og Mads gera svarar hún neitandi. „Það er mjög þægilegt að vera bæði í sama geira en hann er líka að gera sitt eigið efni og ég mitt. Við eyðum miklum tíma saman en það gengur vel. Ég er spennt að byrja í náminu í haust og Kaupmannahöfn er yndisleg borg að búa í með barn. Við erum samt alltaf með annan fótinn á Íslandi.“

alfrun@frettabladid.is

Ridley Scott sólginn í fisk

Leikstjórinn frægi Ridley Scott ku vera sólginn í fisk og í Reykjavík hefur hann farið tvisvar á veitingastaðinn Fiskmarkaðinn.

Heimildir herma að Scott hafi komið þangað og borðað þegar hann var staddur hér á landi í vor. Þá fékk hann sér níu rétta smakkseðil staðarins og dvaldi lengi ásamt litlum hópi.

Svo mikil var hrifningin að Scott bað um borð á veitingastaðnum um leið og hann lenti á Íslandi í byrjun mánaðarins en þá var hann í átta manna hópi. Í þeirri heimsókn sinni á staðinn fékk hann sér kóngakrabba og karfa sem Scott skolaði niður með úrvals hvítvíni.

Scott hefur greinilega verið að hrósa staðnum á tökustað því nokkrir úr tökuliðinu hafa komið og borðað þegar stund hefur verið milli stríða. Fréttablaðið hafði samband við Hrefnu Rósu Sætran, eiganda Fiskmarkaðarins, sem gat lítið tjáð sig. „Ég get lítið sagt um þetta en margir útlendingar hafa heimsótt staðinn það sem af er sumri.“

Einungis tveir tökudagar eru eftir á Íslandi á stórmyndinni Prometheus en í dag og á morgun fara fram tökur við Dettifoss og aðgangur ferðamanna við náttúruperluna því takmarkaður. - áp

KÓNGAKRABBI OG KARFI Ridley Scott fékk sér kóngakrabba og karfa sem hann skolaði niður með hvítvíni.

GAF EKKERT UPP Hrefna Rósa Sætran gat ekki staðfest ítrekaðar komur Scott á Fiskmarkaðinn.

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Þú getur bjargað lífi barns

Með þinni hjálp getur Rauði krossinn keypt næringarbætta fæðu sem getur bjargað lífi þúsunda barna frá hungursneyðinni í Sómalíu.

Hringdu í söfnunarsíma Rauða krossins 904 1500 og leggðu fram 1500 krónur til hjálparstarfsins.

Bankareikningur 0342, hb. 26, reikn. 12, kt. 530269-2649

raudikrossinn.is

Söfnunarsíminn 904 1500
Rauði kross Íslands

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.
VÍSIR

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

Tilboðsdagar í Gula húsinu

Dömuúlpa SAIKO
Kr 4.999

Hlírabolur
Kr. 1.999
til í fleiri litum

Stuttbuxur
Kr. 2.999
líka til með blúndu

Kósívettlingar-
þægilegustu vettlingar í heimi! tilvaldir í útileguna!
Verð aðeins **kr. 299**

HEAT húfur og vettlingar-
Sumartilboð!
aðeins kr. 499,-
fyrir húfu eða vettlinga

Leggings-
Tilboð!
Aðeins kr. 999,-

Hettupeysa
Kr. 5.990
Frá Spinair

Útivistarbuxur
Kr. 3.990
frá Heat

Frábærar í útileguna!

Gönguskór
Kr. 6.990
Herra

Saiko dömupeysa -
Tilboð!
Aðeins kr 3.999,-
líka til svartar og með styttra stroffi að neðan

Sætur sumarkjóll,
Kr. 5.990,-
margar gerðir og litir til

Flíshanskar-
Tilboð! kr. 499,-

Mikið úrval af Víking gúmmítúttum og stígvélum.
Verð frá kr. 2.190

Kósísokkar-
Tilboð! kr. 499
flottir í útilegunni, margar gerðir til

Merino ullarnærföt á dömur og herra. Bolur á kr. **3.990** og buxur á kr. **3.990**

Merino ullarnærföt á börn;
Bolurinn er á kr. **2.990** og buxurnar á kr. **2.990**

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

ÓDÝRT & GOTT

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ráðgáta orðaleitarinnar

Færsla á vefsíðunni Flick My Life, þar sem mynd er birt af orðaleit Vikunnar, hefur vakið mikla athygli. Þar kemur í ljós gildishlaðna setningin: „ÞAÐ ER EITTHVAÐ AÐ ÞÉR ALBERT FYRST ÞÚ LIGGUR YFIR STAFALEIT EN EKKI Á KATRÍNU.“ Umræddur Albert ku vera **Albert Sævarsson,** markvörður ÍBV í Pepsi-deildinni í fótbolta, en höfundur orðaleitarinnar fékk veður af því að markvörðurinn nappaði alltaf Vikunni af frúnni til þess að ráða í orðaleitina og ákvað að láta þjóðina vita með þessu hætti. **- afb**

Perluvinir í fangbrögðum

Blaðamennirnir **Reynir Traustason** og Eiríkur Jónsson sem um langt árabil voru samferða um heim fjölmiðlanna virðast nú hafa farið út af sporinu í vinskapnum. Þetta birtist meðal annars í eftirmálum þess að Eiríkur skýrði frá því á bloggsíðu sinni að Jón Ásgeir Jóhannesson hefði gengið á fund Reynis á ritstjóraskrifstofu hans á DV. Eiríkur segir Reyni af því tilefni hafa sent ýmsum mönnum tölvupóst þess efnis að frétt Eiríks ætti sér ekki stoð í raunveruleikanum en að tilgangslaust væri að senda Eiríki leiðréttingu. Eiríkur svarar á móti að fjöldi vitna hafi verið að fundinum og að Reynir sé landsfrægur fyrir að kunna ekki að biðjast afsökunar.

Mest lesið

vísir

1. Innbrot á pitsustað: Kannski búinn að horfa á of marga lögguþætti
2. Gæti orðið nagli í líkkistu fernufyllibyttna
3. Sacre bleu! Fengu skaðabætur fyrir að vera ávörpuð á ensku
4. Lilja Mósesdóttir fær ekki tíma hjá lækni

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

SAMSUNG

TÖLVUR

Samsung er stærsti raftækja framleiðandi heims í dag. Bilanatíðni Samsung fartölva er ein sú allra lægsta sem til þekkist.*

*Skv. Square Trade könnun sem gerð var á þriggja ára tímabili og voru yfir 30.000 fartölvur frá öllum framleiðendum í þessari könnun

NP-N900X3A-A01SE

Samsung Series 9 Notebook

Þynnsta fartölva í heimi · Hefur hlotið mikla athygli og einróma lof gangrýnenda · Búin til úr sérhertri álblöndu – *DurAlumin*, samskonar álblöndu og er í flugvélum · Heimsins mesti ljósstyrkur í 13" skjá · Endurræsir sig á aðeins 3 sekúndum

ÞYNNSTA · LÉTTASTA OG STERKASTA FARTÖLVA Í HEIMI

Stýrikerfi: Genuine Windows® 7 Home Premium (64-bit) · Office 2010 Pre-installed · Örgjörvi: Intel® Core™ i5 Processor 2537M · Skjár: 13,3" SuperBrightPlus© 400 nit Anti-reflex HD (1366 x 768) LED · Skjákort: Intel® HD Graphics 3000 · Vinnsluminni: 4GB DDR3 · Geymslurými: 128 GB Solid State Drive · Hjóð: 3 W Stereo Speaker (1.5 W x 2) with HD Audio · Myndavél: 1.3 MP HD Webcam · Netstýring: 10/100/1000 LAN · Þráðlaust netkort: 802.11 b/g/n · Raffhlaða: 7 klukkutíma rafhlöðuending · **Verð: 299.900 kr.**

N145
Stýrikerfli: Genuine Windows® 7 Starter · Örgjörvi: Intel® ATOM™-processor N450 · Skjár: 10,1" WSVGA LED (1024 x 600) · Skjákort: Shared · Vinnsluminni: 1 GB (DDR2, 1 x 1 GB) · Geymslurými: 250 GB (5400 rpm S-ATA) · Hjóð: 3-W-stereo speakers (2 x 1,5 W) · Myndavél: Integrated Camera. Web Camera · Þráðlaust netkort: 802.11 b/g/n · Þyngd: 1,2 kg. · Rafhlaða: 10 klst. · Fæst bæði svört og hvít
Verð: 69.900 kr.

RV510
Stýrikerfli: Genuine Windows® 7 Home Premium (64-bit) · Örgjörvi: Intel® Celeron® Processor T3500 · Skjár: 15,6" LED HD (1366 x 768) 16:9 Gloss · Skjákort: Intel GMA 4500M (Int. Graphic). Shared Memory · Vinnsluminni: 4GB (DDR3 / 2GB x 2) · Geymslurými: 320 GB (5400 rpm S-ATA) · DVD±RW (±R DL) / DVD-RAM · Hjóð: 2 W Stereo Speaker (1 W x 2) HD (High Definition) Audio · Myndavél: Integrated Camera. Web Camera · Netstýring: 10/100/1000 LAN · Þráðlaust netkort: 802.11 b/g/n ásamt Bluetooth · Þyngd: 2,4 kg · Rafhlaða: 4 klst · **Verð: 99.900 kr.**

RV711
Stýrikerfli: Genuine Windows® 7 Home Premium (64-bit) · Örgjörvi: Intel® Core™ i5 480M · Skjár: 17,3" 1600x900 LED Gloss · Skjákort: Nvidia 315 1GB · Vinnsluminni: 4GB (DDR3 / 2GB x 2) · Geymslurými: 500 GB (5400 rpm S-ATA) · DVD±RW (±R DL) / DVD-RAM · Hjóð: 3 W Stereo Speaker (1.5 W x 2) with HD Audio · Myndavél: Integrated Camera. Web Camera · Netstýring: 10/100/1000 LAN · Þráðlaust netkort: 802.11 b/g/n ásamt Bluetooth · Þyngd: 2,7 kg. · Rafhlaða: 4 klst.
Verð: 169.900 kr.

KOMIÐ OG KYNNIST AF EIGIN RAUN ÞESSUM FRÁBÆRU TÖLVUM!

NÍU MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Í BOÐI

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

BT
SKEIFUNNI 11 & GLERÁRTORGI

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160